

**SKOÐUN** Ögmundur Jónasson skrifar um stuld og sölu á Landsvirkjun. 25



**MENNING** Hanna Dóra Sturludóttir í aðalhlutverki á opnunartónleikum. 32



**LÍFIÐ** Ragnheiður Skúladóttir leikhússtjóri á Akureyri berst fyrir starfsemi leikhússins. 54



**SPORT** Leikmaðurinn skiptir meira máli en kynið segir þjálfari ÍBV. 48


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
22. maí 2014
119. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Meira ber á öfgakenndum þjóðernisflokkum

Kreppan í Evrópu hefur verið að snúast upp í stjórnmálakreppu, að mati Kingu Göncz, fyrrverandi utanríkisráðherra Ungverjalands. 18

**Fá ekki lán án nets** Byggðastofnun setti öfluga nettengingu sem skilyrði fyrir lánveitingu til jarðakaupa. 2

**Hækkun gæti orðið 29%** Kennurum stendur til boða að selja kennsluafslátt sinn gegn því að fá hærri laun. 4

**Ákæra veldur óvissu** Fagfólk og aðstandandi manns sem lést vegna mistaka á Landspítalanum óttast áhrif ákæru ríkissaksóknara. 8




24

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 8° | SV | 8 |
| Akureyri | 8° | SV | 3 |
| Egilsstaðir | 7° | SSV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 9° | VSV | 2 |
| Reykjavík | 10° | SSV | 4 |

**Bjart** austanlands en skýjað að mestu vestan til og sums staðar lítilsháttar væta. Hiti 5 til 13 stig hlýjast inn til landsins. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk






**LÍNUHRAÐALLINN PRÓFAÐUR** Kristín Gunnarsdóttir, formaður Lionsklúbbsins Kaldár í Hafnarfirði, athugaði hvernig færi um fólk í línuhraðlinum sem tekinn var formlega í notkun í gær á Landspítalanum eftir nokkurra mánaða reynslutímabil. Eldra tæki hefur verið fargað. Kaupverð tækisins var um 450 milljónir króna. Fram kemur í tilkynningu Landspítalans að þjóðkirkjan hafi verið ötul í söfnunarátaki vegna tækjakaupanna, sem og Blái naglinn og fjöldi annarra félagasamtaka og einstaklinga. Nýja tækið er sagt gefa kost á umtalsvert nákvæmari og betri geislameðferð, en hún gegnir veigamiklu hlutverki í meðferð krabbameina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# 30 milljóna tap á einum degi

Aðgerðir flugmanna Icelandair valda ferðaþjónustufyrirtækjum miklu tjóni. Um 200 gistinætur hafa verið afpantaðar hjá Grand Hóteli. Katla DMI og Viator segjast hafa tapað 30 milljóna króna veltu á einum degi.

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þetta hefur mikil áhrif á okkur. Bara á föstudaginn fyrir tveimur vikum þegar verkfallið var í tólf tíma töpuðum við rúmlega 30 milljóna króna veltu á einum degi þegar tveir hópar hættu við,“ segir Pétur Óskarsson, framkvæmdastjóri Kötlu DMI og Viator. Fyrirtækin þjónusta þúsundir erlendra ferðamanna á Íslandi á ári hverju, flesta frá Mið-Evrópu.

„Það er rosalega erfitt að vera með allt í uppnámi og „kaos“. Við erum vön að takast á við náttúruhamfarir, Múlakvísl, Eyjafjallajökul og svo framvegis, en þetta er alveg glatað að vera með svona manngerðar „katastrófur“ sem setja allt á hliðina hjá okkur,“ bætir Pétur við.

Icelandair hefur þurft að aflýsa að meðaltali fimm flugferðum á dag vegna aðgerða flugmanna sem vilja ekki vinna yfirvinnu. Ferðaþjónustuaðilar eru uggandi yfir ástandinu og í ályktun sem Samtök ferðaþjónustunnar sendu frá sér í gær krefjast þau þess að starfsmenn Icelandair láti af aðgerðum sínum.

**90** flugferðum hefur verið aflýst hjá Icelandair og hefur það haft áhrif á hátt í 12.000 farþega.

Fyrsta verkfall flugmanna hafði þau áhrif að tvö til þrjú hundruð gistinætur töpuðust hjá Grand Hóteli Reykjavík. „Þó svo að við fáum 40 til 50 nætur á móti þá er þetta gríðarlegt tap,“ segir Gylfi Freyr Guðmundsson aðstoðarhótelstjóri. - fb / sjá síðu 6

Meirihluti Samfylkingarinnar og VG í Hafnarfirði fallinn samkvæmt könnun:

# Ný framboð fá þrjá bæjarfulltrúa

**KÖNNUN** Meirihluti Samfylkingarinnar og Vinstri grænna í Hafnarfirði fellur í komandi kosningum samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins.

Um 25,3 prósent bæjarbúa styðja Samfylkinguna, sem tapar tveimur bæjarfulltrúum af fimm samkvæmt könnuninni. Sjálfstæðisflokkurinn er stærsta framboðið í Hafnarfirði og nýtur stuðnings um 28 prósenta bæjarbúa. Flokkurinn tapar engu að síður einum af fimm bæjarfulltrúum sínum.

Björt framtíð nýtur stuðnings 16,6 prósenta Hafnfirðinga og fær samkvæmt því tvo bæjarfulltrúa. Píratar fá 12,8 prósent atkvæða og einn mann kjörinn samkvæmt könnuninni.

Vinstri græn mælast með 12,8 prósenta fylgi og eina bæjarfulltrúa. Framsóknarflokkurinn nær ekki inn manni. - bj / sjá síðu 20







JACK & JONES
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
FACEBOOK.COM/JACKANDJONESICELAND
INSTAGRAM @JACKANDJONESICELAND


8 SÍÐNA AUKABLAÐ
UM BL FYLGIR BLAÐINU Í DAG
B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is


BA nám í lögfræði
Skráningu lýkur 5. júní
Inntökupróf verður 13. júní
www.lagadeild.hi.is
HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGADEILD
www.hi.is

## SPURNING DAGSINS



Örlygur Hnefill, er safnið lítið skref fyrir þig?

**„Já, en það verður vonandi stórt stökk fyrir Húsavík.“**

Örlygur Hnefill Örlygsson opnar safn um sögu land- og geimkönnunar á Húsavík um helgina.

Rússar gera samning við Kínverja um sölu á gasi til þrjátíu ára:

# Pútín styrkir tengslin við Kína

**KÍNA, AP** Kínverjar og Rússar gengu í gær frá samningi um sölu á gasi frá Rússlandi til Kína. Samningurinn er til 30 ára og er metinn á um það bil 400 milljarða dala, eða rétt rúmlega 45.000 milljarða króna.

Vladímír Pútín Rússlandsforseti styrkir með þessu stöðu sína, eftir að hafa einangrað sig gagnvart Vesturlöndum vegna afstöðu sinnar til Úkraínu. Jafnframt styrkir hann tengsl Rússlands við Asíu.

Pútín undirritaði samninginn í Shanghaí í gær ásamt forsvarsmönnum kínverska orkufyrirtækisins CNPC og rússneska orkufyrirtækisins Gazprom.

Rússar hafa til þessa einkum selt gas til Evrópuríkja og hefur það verið ein mikilvægasta tekjulind Rússlands. Samningurinn kemur sér einnig vel fyrir Kínverja, sem undanfarið hafa átt við skort á gasi að stríða. Jafnframt sjá Kínverjar fram á að geta dregið úr kolanotkun sinni. Rússar hafa lofað að afhenda Kínverjum 38 milljarða rúmmetra af gasi á ári. -gb



**UNDIRRITUN** Pútín ásamt Alexei Miller, framkvæmdastjóra Gazprom og Zhou Jiping, yfirmanni CNPC. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mubarak dæmdur:

# Hlaut þriggja ára fangelsi

**EGYPTALAND, AP** Hosni Mubarak, fyrrverandi forseti Egyptalands, var í gær dæmdur til þriggja ára fangelsisvistar fyrir að hafa dregið sér fé úr opinberum sjóðum.

Synir hans tveir, Alaa og Gamal, hlutu einnig dóm fyrir sama glæp, báðir fjögurra ára fangelsisdóm.

Mubarak á einnig yfir höfði sér refsingu vegna fleiri dómsmála, þar á meðal fyrir dráp á mótmælendum í byltingunni gegn honum snemma árs 2011. -gb



**KIRKJUGARÐUR Á FLOTI** Flóðin í Bosníu og Serbíu undanfarna daga hafa kostað 44 manns lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flóðatjónið í Bosníu og Serbíu metið á hundruð milljarða:

# Bæði löndin þurfa neyðaraðstoð

**BOSNÍA, AP Hvorki Bosnía né Serbía hafa ráð á uppbyggingu eftir það gríðarmikla tjón sem flóðin undanfarið hafa valdið. Bæði löndin þurfa því á alþjóðlegri neyðaraðstoð að halda.**

**Samkvæmt bráðabirgðamati er tjónið í Bosníu talið nema 1,3 milljörðum evra, eða ríflega 200 milljörðum króna, en tjónið í Serbíu er til bráðabirgða metið á 1,5 milljarða evra, eða ríflega 230 milljarða króna. Bæði löndin eru byrjuð að ræða við Evrópusambandið um fjárhagsaðstoð, auk þess sem Serbar í Bosníu eru farnir að ræða við Rússa um aðstoð. „Þetta land hefur aldrei lent í öðrum eins náttúruhamförum,“ segir Zlatko Lagumdzija, utanríkisráðherra Bosníu. - gb**

Hagvöxtur verður 3,7%:

# Vextir óbreyttir

**EFNAHAGSMÁL** Peningastefnunefnd Seðlabankans hefur ákveðið að halda stýrivöxtum bankans óbreyttum í sex prósentum. Í greinargerð nefndarinnar segir að hagvöxtur á þessu ári verði 3,7%, eða um einu prósenti meiri en í síðustu spá Seðlabankans.

„Spáð er enn meiri hagvexti á næsta ári. Batinn á vinnumarkaði heldur einnig áfram. Þróttmikill vöxtur leiðir til þess að slakinn hverfur fyrr úr þjóðarbúskapnum en áður var gert ráð fyrir og framleiðsluspenna myndast sem nær hámarki árið 2016,“ segir þar líka. Nefndin telur að verðbólga verði við marmið fram á næsta ár. -hg

Líkur á verkfalli sjúkraliða:

# Reynt var til þrautar í gær

**KJARAMÁL** „Við sitjum hérna ennþá hjá Ríkissáttasemjara og hann ætlar að halda okkur við efnið eitthvað áfram,“ sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gærkvöld.

Hún var ekki bjartsýn á að samningar myndu nást í nótt. Allar líkur voru því á að allsherjarverkfall sjúkraliða á hjúkrunarstofnunum myndi hefjast í dag, klukkan átta. Það verkfall verður ótímabundið þangað til semst. - gb

# Öflug nettenging skilyrði lánveitingar

Byggðastofnun setti öfluga nettengingu sem skilyrði fyrir lánveitingu til jarðakaupa þrátt fyrir að vita hver staðan væri á landsbyggðinni. Var synjað um lán en stjórn Byggðastofnunar samþykkti lánið síðar á byggðalegum forsendum.

**SAMGÖNGUR** Byggðastofnun setti það sem skilyrði að öflug nettenging væri á Karlsstöðum á Berufjarðarströnd í Djúpavogshreppi þegar hjónin Svavar Pétur Eysteinsson og Berglindi Häsler óskuðu eftir láni fyrir jarðakaupunum.

Þegar Svavar Pétur og Berglind sóttu um lán hjá Byggðastofnun þurftu þau að svara nokkrum spurningum; ein þeirra var sú að hjónin þurftu að staðfesta að á jörðinni væri nægilega góð nettenging. Byggðastofnun neitaði hjónunum um lánið í fyrstu. Þau vildu ekki una þeim úrskurði stofnunarinnar og skutu máli sínu til stjórnar Byggðastofnunar, eins og reglur gefa færi á, sem samþykkti síðan lánveitingu til hjónanna.

Svavar Pétur Eysteinsson segir undrum sæta að öflug internettenging hafi verið sett sem eitt af skilyrðum fyrir lánveitingu til þeirra.

„Þegar við sóttum um lán fengum við þennan spurningalista og þar kemur fram að við þurfum að sýna staðfestingu á því að netið væri nægilega gott. Það er undarlegt að þeir hjá Byggðastofnun skuli spyrja út í þetta því þeir vita hver staðan er í netmálum úti á landi,“ segir Svavar Pétur.

Kristján L. Möller, fyrrverandi samgönguráðherra og þingmaður NA-kjördæmis, er afar undrandi á þessu verklagi. „Þetta er afar ósanngjarnt í ljósi þess að Byggðastofnun er að lána til verkefna á svæðum sem standa höllum fæti. Þetta gæti hamlað framþróun á mestu varnarsvæðum landsins ef öflug nettenging á að vera skilyrði lánveitingar.“



**VIÐ MATARBORÐIÐ** Heimilisfólkið á Berufjarðarströnd í Djúpavogshreppi gæðir sér á morgunmat. Hjónin stóðu í stappi við Byggðastofnun um lán. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Elín Gróa Karlsdóttir, forstöðumaður fyrirtækjasviðs Byggðastofnunar, segist ekki geta tjáð sig um einstaka lánveitingar hjá Byggðastofnun.

„Við lútum reglum um fjármálastofnanir og ég get ekki rætt um einstaka mál en almennt séð spyrjum við ekki um internettengingu þegar kemur að lánveitingum. Þetta er bara ein spurning af mörgum og það hlýtur að vera ástæða fyrir því af hverju spurt var að henni í þessu tilviki,“ segir Elín Gróa

Um internetsamband úti á landi segir Elín Gróa það ekki vera í góðu lagi. „Það er víða pottur brotinn í internettengingu á landsbyggðinni og þetta er mikið byggðamál.“

Byggðastofnun á að láta kalda útreikninga gilda þegar lán eru veitt. Stjórn stofnunarinnar getur hins vegar skoðað hvort einhver önnur byggðaleg sjónarmið vegi þungt í lánveitingu og breytt úrskurði stofnunarinnar og er þá fært til bókar að stjórn taki á sig ábyrgð fyrir lánveitingunni. Slæmt internetsamband á landsbyggðinni geti þar af leiðandi verið til trafala fyrir lánveitingu til fyrirtækja eða nýsköpunar á landsbyggðinni.

sveinn@frettabladid.is




Forsætisráðherra sagði á þingi í mars að ekki stæði til að selja Landsvirkjun:

# Segir afstöðu sína óbreytta enn

**STJÓRNMÁL** Sala á hlut í Landsvirkjun stendur ekki til að sögn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra.

Í skriflegu svari til Fréttablaðsins segir Sigmundur að afstaða sín til sölu Landsvirkjunar hafi ekki breyst frá því hann ræddi um sölu ríkiseigna á Alþingi 31. mars síðastliðinn.

„Það eru engin áform um að selja hlut í Landsvirkjun, hvorki lífeyrissjóðum né öðrum,“ sagði Sigmundur Davíð þá og áréttaði að engin sérstök áform væru um einkavæðingu, þótt æskilegt kynni að vera að lífeyrissjóðir og aðrir kæmu að fjármögnun einstakra verkefna.

Sigmundur baðst hins vegar undan viðtali til að ræða sérstaklega orð Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra sem hann lét falla á ársfundi fyrirtækisins á þriðjudag.

Bjarni sagðist á fundinum vilja kanna þann möguleika að selja lífeyrissjóðum allt að fimmtungshlut í fyrirtækinu. Stefna ætti að því að ná samstöðu um málið á næstu mánuðum.

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra hefur bent á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna segi ekkert um sölu á hlut í Landsvirkjun og leggst gegn hugmyndinni. „Við teljum að Landsvirkjun eigi að vera í eigu ríkisins,“ segir hún um afstöðu framsóknarmanna til málsins.

- shá, óká




Nýtt kortatímabil
KRINGLUKAST
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
NÝJAR VÖRUR
20-50%
AFSLÁTTUR
Kringlan
AF ÖLLU HJARTA
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

## SVONA ERUM VIÐ



**5.044** einstaklingar höfðu sótt um greiðsluaðlögun hjá Umboðsmanni skuldara í lok febrúar síðastliðins.

Þar af voru 135 umsóknir í vinnslu innan embættisins og búið var að loka 4.266 umsóknum.

Formaður Félags leikskólakennara sendir formanni samninganefndar sveitarfélaganna harðort bréf:

# Segir stefna í aðgerðir verði ekki samið hratt

**KJARAMÁL** Leikskólakennarar vilja fá sambærilegan kjarasamning og gerður hefur verið við grunnskólakennara. Taki samninganefndir sveitarfélaganna dræmt í þetta, þá verður strax farið að skipuleggja aðgerðir.

Þetta kemur fram í harðorðu bréfi, sem Haraldur F. Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, hefur sent til Ingu Rúnar Ólafsdóttur, formanns samninganefndar sveitarfélaga, og Atla Atlasonar, fulltrúa Reykjavíkurborgar í samninganefnd sveitarfélaga.

„Það munuð fá einn fund til að sannfæra mig um að gengið verði í það verkefni hratt og örugglega,“ segir í bréfinu. „Ef ykkur tekst ekki að sannfæra mig á næsta fundi munum við vísa beint til Ríkissáttasemjara og skipuleggja aðgerðir strax.“

Hann segir samninganefnd Félags leikskólakennara hafa, í samræmi við gefin loforð, beðið þolinmóða á hliðarlínunni meðan samningar við grunnskólakennara voru kláraðir.

„Það vitið jafn vel og ég að ef raunverulegur vilji er til að semja við leikskólakennara og félagsmenn FL um sömu hækkanir og grunnskólakennarar sömdu um, er það einföld framkvæmd sem tekur ekki langan tíma,“ segir Haraldur í bréfi sínu. **-gb**



**HARALDUR FREYR GÍSLASON** Segir leikskólakennara ekki sætta sig við minna en grunnskólakennarar fengu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Í RÉTTARSALNUM** Morðið á Politkovsköju vakti heimsathygli. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dómur í morðmáli:

## Sekir um morð á Politkovsköju

**RÚSSLAND, AP** Fimm manns hafa verið dæmdir sekir um morðið á rússnesku blaðakonunni Önnu Politkovskóju í Moskvu árið 2006.

Þrír þeirra höfðu verið sýknaðir í fyrri réttarhöldum, en kviðdómur komst nú að þeirri niðurstöðu að Rustam Makhmudov hafi skotið Politkovskóju þar sem hún var í lyftu fyrir utan íbúð hennar í blokk í Moskvu. Tveir bræður hans, einn frændi þeirra og einn fyrrverandi lögreglumaður voru dæmdir meðsekir. **-gb**

Í mál við útgerðarmann:

## Krefst tveggja milljóna króna

**DÓMSMÁL** Helgi Áss Grétarsson, dósent við lagadeild Háskólans, hefur stefnt Jóni Guðbjartssyni, útgerðarmanni á Ísafirði, fyrir meiðyrði, að því er fram kemur í frétt Bæjarins besta.



**HELGI ÁSS GRÉTARSSON**

Helgi stefnir Jóni fyrir ummæli sem hann lét falla í febrúar í viðtali við Bæjarins besta um að Helgi væri á launum hjá LÍÚ og sagði samtökin borga stöðu hans við Háskólann. Ummælin féllu í tengslum við umfjöllun Helga Áss um rækjuveiðar. Helgi krefst tveggja milljóna króna í miskabætur. Málið verður tekið fyrir 4. júní næstkomandi. **-kak**

# Hækkun launa gæti orðið allt að 29%

Kennurum stendur til boða að selja kennsluafslátt sinn gegn launahækkun. Undir hverjum og einum komið. Vinnutími kennara endurskilgreindur og aukinn sveigjanleiki. Sveitarfélög geta keypt sérverkefni af kennurum eða minnkað aðra þætti.

**KJARAMÁL** Grunnskólakennarar gætu fengið allt að 29 prósenta launahækkun, eins og framhaldsskólakennarar, samkvæmt nýgerðum kjarasamningi velji þeir að selja kennsluafslátt sinn gegn hækkun launa. Þetta segir Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.



**HANNES G. SIGURÐSSON**

Grunnskólakennarar kenna 26 kennslustundir á viku þar til þeir verða 55 ára. Þá verður kennsluskyldan 24 stundir og 19 stundir þegar þeir verða 60 ára. „Kennurum stendur nú til boða að selja þennan afslátt gegn launahækkun. Þá fáum við meira kennsluframlag og þeir hærri laun. Það er misjafnt hvernig þetta hittir kennara fyrir en þetta er undir hverjum og einum komið,“ greinir Inga Rún frá.

Hún getur þess að tækifærin til jákvæðra breytinga á skólastarfi verði gríðarlega mikil. „Við erum að ná markmiðum sem við höfum verið að vinna að frá árinu 2011.“

Vinnu kennara verður skipt upp í þrjá þætti. Fyrsti þátturinn felur í sér kennslu og undirbúning. Annar þáttur felur í sér önnur störf sem kennarar sinna að jafnaði og þriðji þátturinn felur í sér viðbótar- eða sérverkefni. Inga Rún segir að miðað sé við að fyrstu tveir þættirnir feli í sér fullt starf. „Við erum alveg að endurskilgreina vinnutíma kennara. Sveitarfélögin geta svo annaðhvort keypt viðbótar- og sérverkefni af kennurum eða minnkað við aðra þætti. Þetta á að auka sveigjanleikann í starfinu. Það mun flæða á milli þessara þriggja hólfa.“



**LAUNAHÆKKUN** Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, Magnús Pétursson ríkissáttasemjari og Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, við undirritun kjarasamninga í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Að sögn Ingu Rúnar voru mjög þröngar skorður settar utan um vinnutíma kennara í gamla kjarasamningnum. „Þessar breytingar munu gera það auðveldara að þróa skólastarf samkvæmt kröfum laga og námskrár sem við erum ekki að ná að öllu leyti nú.“

Í lok apríl skrifaði Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, í forystugrein fréttabréfs samtakanna að stöðugleikinn ylti á sveitarfélögunum: „Ef þau gera kjarasamninga með svipuðum kostnaðarhækkunum og felast í kjarasamningi ríkisins og Félags framhaldsskólakennara, án þess að fá ámóta ávinning á móti, er ljóst að þau hafa sprengt stöðugleikastefnuna í loft upp.“

Í gær kvaðst Hannes ekki telja að samningurinn við grunnskólakennara ógnaði stöðugleikastefnunni. „Það er erfitt að tjá sig um kjarasamning sem eru í leyndarhjúp þar til þeir eru samþykktir en samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið um þennan samning felast í honum töluverð tækifæri fyrir sveitarfélögin að skipuleggja störf kennara betur. Það verður meiri sveigjanleiki milli kennslu og annarra starfa. Ég tel ekki að þessi samningur, frekar en samningurinn við framhaldsskólakennara, sprengi stöðugleikastefnuna.“

Samningurinn var kynntur trúnaðarmönnum kennara í gær. Grunnskólakennarar fá 7,3 prósenta kauphækkun frá og með 1. maí, 2,8 prósent eru almenn hækkun og 4,5 prósent hækkun vegna breytinga sem kjarasamningurinn felur í sér, að sögn Ingu Rúnar sem tekur fram að um sé að ræða hluta af heildarpakkanum.

ibs@frettabladid.is

Tillaga samþykkt einróma:

## Fræða á börn um hætturnar

**BÆJARSTJÓRNARMÁL** Fræðslu- og forvarnarátak vegna miðlunar mynda með nútímatækni fyrir börn og ungmenni í grunnskólum og tómstundastarfi var í gær samþykkt einróma í skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar.



**LÍF MAGNEUDÓTTIR**

Líf Magneudóttir, fulltrúi VG í skóla- og frístundaráði, sem lagði fram tillöguna, segir hana meðal annars fela í sér fræðslu um skaða sem notkun slíkra miðla getur valdið.

Leggja á áherslu á miðla á borð við Snapchat, Instagram, Vimeo, Vine og myndbirtingar á hvers kyns samfélagsmiðlum. **-hrs**

Arion banki skilar uppgjöri:

## Hagnaður var 2,9 milljarðar

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Arion banka á fyrstu þremur mánuðum ársins nam 2,9 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 1,4 milljarða króna á sama tímabili 2013.

Arðsemi af kjarnastarfsemi var 5,9 prósent en var 7,6 prósent á sama tímabili 2013, að því er fram kemur í tilkynningu bankans. Heildareignir námu 933,1 milljarði króna í lok fyrsta ársfjórðungs 2014. Eiginfjárhlutfall bankans var 22,5 prósent.

„Afkoma bankans á fyrsta ársfjórðungi er viðunandi. Hagnaðurinn eykst nokkuð samanborið við fyrsta ársfjórðung síðasta árs, þrátt fyrir aukna skattbyrði,“ er haft eftir Höskuldi H. Ólafssyni, bankastjóra Arion banka. **-sáp**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 22° | Friedrichshafen | 29° | New York | 18° |
| Aþena | 28° | Gautaborg | 23° | Orlando | 33° |
| Basel | 26° | Kaupmannahöfn | 23° | Ósló | 24° |
| Berlín | 28° | Las Palmas | 23° | París | 21° |
| Billund | 25° | London | 19° | San Francisco | 19° |
| Frankfurt | 27° | Mallorca | 21° | Stokkhólmur | 21° |




**Á MORGUN** Fremur hægur vindur víðast hvar.




**LAUGARDAGUR** Strekkingsvindur vestast og austast annars hægari.

**VÆTA VESTANLANDS.** Nú dregur fyrir sólu vestan til á landinu og þar má búast við rigningu eða skúrum á morgun og næstu daga en á sama tíma verður úrkomulaust og bjart um landið austanvert.



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á garðyrkjubýlinu Brún hafa hjónin Birgir og Margrét ræktað kirsuberjatómata síðan árið 1999. Kirsuberjatómatar eru smærri en venjulegir tómatar en bragðsterkari. Hjónin hafa komist að því að skemmtileg leið til að njóta þeirra er að steikja með þeim fræ og valhnetur.

**- Kirsuberjatómatar Birgis og Margrétar með steiktum fræjum og valhnetum -**

// 400 g (2 box) kirsuberjatómatar // 2 msk. steinselja // 50 g sólblómafræ // 50 g graskersfræ // 50 g valhnetur // 1 msk. tamarisósa

Skerið tómata til helminga, saxið steinselju. Setjið sólblómafræ, graskersfræ og valhnetur í skál og blandið tamarissósu við. Hitið ofninn i 180°C. Gott er að setja smjörpappír á plötu og fræblönduna þar á. Bakið uns blandan fer að brúnast. Kælið og hrærið saman við tómata og steinselju. Ferskt, einfalt og svaka gott .



## VEISTU SVARIÐ?



**Hversu** mörg krabbameinstilfelli á ári má rekja til áfengisneyslu hér á landi?
**Hver** leikur nýjan bæjarstjóra Latabæjar í sýningu Borgarleikhússins?
**Hversu** margir rafbílar eru í umferð á Íslandi?

**SVÖR**
**1.** 50. **2.** Hannes Óli Ágústsson. **3.** Um hundrað bílar.

Sjálfstæðismenn segja að fólk hafi minni möguleika á að kaupa lóðir:

# Borgin ekki með lánastarfsemi

**BORGARMÁL** Tekist var á um lóðamál á fundi borgarstjórnar í fyrradag. Sjálfstæðismenn létu bóka að þeir teldu nýjar reglur borgarinnar þrengja að möguleikum fólks til lóðakaupa. Fram til þessa hafi mátt velja milli þess að staðgreiða lóðir og fá sjö prósenta staðgreiðsluafslátt eða taka lán til átta ára fyrir 90 prósent af andvirði lóðarinnar.

Sjálfstæðismenn segja Samfylkingu og Besta flokk hafa samþykkt í borgarráði breytingar á úthlutunarreglum, auk þess að afnema staðgreiðsluafslátt. Með þessu sé farið í öfuga átt við öll fyrirheit um að styðja við uppbygginguna í borginni.

Fulltrúar Besta flokks og Samfylkingar bókuðu að lánastarfsemi borgarinnar við úthlutanir á lóðum væri hugsanlega barn síns tíma. Ný lög um neytendalán legðu miklar skyldur á herðar lánveitenda. Sérfræðingar borgarinnar segðu umfang slíkrar lánastarfsemi svo lítið að ekki borgaði sig að byggja upp nauðsynlega sérfræðiþekkingu til að sinna henni. **-jme**



**BÓKAÐ Á VÍXL** Sjálfstæðismenn og meirihlutinn í borgarstjórn tókust á um lóðamál á borgarstjórnarfundi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Farkennarar verða ráðnir:

## Styðja á við tvítyngi barna

**MENNTUN** Ný stefna um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf í skólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar hefur verið samþykkt í borgarstjórn. Allir flokkar standa einhuga að henni, að því er segir í frétt á vef borgarinnar.

Við innleiðingu stefnunnar, sem á að vera lokið 2017, á að horfa til raunverulegra þarfa á stuðningi við íslenskunám í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Styðja á betur við móðurmál barna og ungmenna. **-ibs**

Ræða norræn málefni:

## Sextíu ár án landamæra

**NORÐURLÖND** Í dag eru sextíu ár liðin frá því að Norðurlöndin tóku upp sameiginlegan vinnumarkað án landamæra. Af því tilefni er efnt til afmælisráðstefnu í Hörpu, sem hefst í dag og lýkur á morgun.

Íslendingar gerðust þó ekki aðilar að þessu samstarfi fyrr en árið 1982.

Í tengslum við ráðstefnuna er gefin út skýrsla um áskoranir norræna velferðarlíkansins, en þar kemur meðal annars fram að gera þurfi margvíslegar endurbætur á þessu líkani.

Að mati höfunda skýrslunnar, sem eru þekktir hagfræðingar á Norðurlöndunum, er þörfin á breytingum mest í Finnlandi og á Íslandi. **- gb**

Endurbótum sagt lokið:

## Gamli Garður opnaður í dag

**SKIPULAGSMÁL** Hin sögufræga bygging Gamli Garður verður opnuð í dag eftir miklar endurbætur sem staðið hafa yfir síðan í haust.

Húsið hefur að mikli leyti verið gert upp í upprunalegri mynd en þó með nútímaþarfir stúdenta í huga.

Sumarið 1933 var hafist handa við byggingu Gamla Garðs á lóð Háskóla Íslands. Húsið var teiknað af Sigurði Guðmundssyni og var það fyrsta sem reis á lóðinni. Garðurinn var tekinn í notkun 1934 og fluttu inn 37 stúdentar. Breska hernámsliðið lagði Gamla Garð undir sig árið 1940 og breytti honum í hersjúkrahús. Árið 1960 hófu stúdentar rekstur sumarhótels á Gamla Garði og er hann enn leigður ferðamönnum á sumrin. **- fb**

# Fjöldi gistinátta hefur tapast vegna aðgerða flugmanna

**Um 30 milljóna króna velta tapaðist á einum degi hjá fyrirtækinu Kötlu DMI sem þjónustar erlenda ferðamenn vegna aðgerða flugmanna hjá Icelandair. Tvö til þrjú hundruð gistinætur töpuðust hjá Grand Hóteli Reykjavík. Samtök ferðaþjónustunnar krefjast þess að flugmenn láti af aðgerðum sínum. Níutíu flugferðum aflýst.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þetta hefur mikil áhrif á okkur. Bara á föstudaginn fyrir tveimur vikum þegar verkfallið var í tólf tíma þá töpuðum við rúmlega 30 milljóna króna veltu, bara á einum degi þegar tveir hópar hættu við,“ segir Pétur Óskarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjanna Kötlu DMI og Viator. Þau þjónusta þúsundir erlendra ferðamanna á Íslandi á ári hverju, flesta frá Mið-Evrópu.

Icelandair hefur þurft að aflýsa að meðaltali fimm flugferðum á dag vegna aðgerða flugmanna sem vilja ekki vinna yfirvinnu. Ferðaþjónustuaðilar eru uggandi yfir ástandinu og í ályktun sem Samtök ferðaþjónustunnar sendu frá sér í gær krefjast þau þess að starfsmann Icelandair láti af aðgerðum sínum. „Hægt er að reikna tapaðar tekjur en ímynd og orðspor Íslands sem áfangastaðar fyrir ferðamenn er ómetanlegt,“ segir í ályktuninni en um níutíu flugferðum hefur nú þegar verið aflýst sem hefur haft áhrif á hátt í tólf þúsund farþega.

Pétur segist upplifa mikið vantraust af hálfu gesta sinna til íslenskrar ferðaþjónustu vegna ástandsins. „Að vera með hnút í maganum út af heimferðinni truflar rosalega upplifun gestanna af því að vera á Íslandi í fríi. Þjóðverjar leggja til dæmis gríðarlega mikið upp úr því að áætlanir standist. Þetta er að skaða nafn og orðstír Icelandair alveg svakalega. Vörumerkið Ísland er líka að skaðast og það getur tekið langan tíma að laga það,“ segir hann og bætir við að álagið sé venjulega mikið á þessum tíma við að skipuleggja sumarið 2015. „Það er rosalega erfitt að vera með allt í uppnámi og „kaos“. Við erum vön að takast á við náttúruhamfarir, Múlakvísl, Eyjafjallajökul og svo framvegis, en þetta er alveg glatað að vera með svona manngerðar „katastrófur“ sem setja allt á hliðina hjá okkur.“



> **Við erum vön að takast á við náttúruhamfarir, Múlakvísl, Eyjafjallajökul og svo framvegis, en þetta er alveg glatað að vera með svona manngerðar „katastrófur“ sem setja allt á hliðina hjá okkur.**
>
> *Pétur Óskarsson, framkvæmdastjóri Katla DMI.*

Gylfi Freyr Guðmundsson, aðstoðarhótelstjóri Grand Hótels Reykjavík, segir áhrifin vegna ástandsins virka í báðar áttir. „Við missum viðskiptavini sem geta ekki komið til okkar en á móti eru gestir sem festast á landinu og þurfa aukagistingu. Það vegur aðeins á móti en við verðum samt fyrir töluverðu tapi,“ segir hann.

Fyrsta verkfall flugmanna hafði þau áhrif að tvö til þrjú hundruð gistinætur töpuðust hjá hótelinu. „Þó svo að við fáum 40 til 50 nætur á móti þá er þetta gríðarlegt tap.“ **freyr@frettabladid.is**



**GRAND HÓTEL REYKJAVÍK** Tvö til þrjú hundruð gistinætur töpuðust hjá hótelinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA










**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna 06.13 Ekinn 20.200 km
Verð: 9.630.000.- Raðnr: 999616




**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísel, sjálfsk,
Á götuna 05.13 Ekinn 22.200 km
Verð: 9.750.000.- Raðnr: 999615
Stærri dekk og felgur 285/70/17 (33")




**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna 05.12 Ekinn 25.800 km
Verð: 8.760.000.- Raðnr: 999608




**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna 05.13 Ekinn 22.100 km
Verð: 9.600.000.- Raðnr: 999578




**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna 05.13 Ekinn 21.100 km
Verð: 9.490.000.- Raðnr: 999560




**Toyota GT86**
2000 Bensín, sjálfsk,
Á götuna 09.12 Ekinn 4.000 km
Verð: 5.990.000.- Raðnr: 999510




**Toyota RAV4 GX**
2200 Dísel, sjálfsk.
Á götuna 05.13 Ekinn 29.900 km
Verð: 6.150.000.- Raðnr: 999614




**Toyota PROACE GX langur**
2000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna 06.13 Ekinn 5.800 km
Verð: 5.480.000.- Raðnr: 999561




**Toyota AYGO**
1000 Bensín, beinsk.
Á götuna 06.13 Ekinn 9.600 km
Verð: 1.940.000.- Raðnr: 999491




**Toyota RAV4 GX**
2200 Dísel, sjálfsk.
Á götuna 05.13 Ekinn 32.800 km
Verð: 6.150.000.- Raðnr: 999617




**Toyota Prius EXE**
1800 Bensín/rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 04.12 Ekinn 22.150 km
Verð: 5.230.000.- Raðnr: 999611
Einnig með leiðsögukerfi




**Toyota Rav4 GX Plus**
2000 Bensín, sjálfsk,
Á götuna 04.13 Ekinn 25.000 km
Verð: 5.950.000.- Raðnr: 999513
Upphækkun og stærri dekk 235/60-18

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyotakauptuni.is
Erum á Facebook - Toyota Kauptuni

1 ár – Lágmarks-ábyrgðartími
% – Lánshlutfall
5,2 lítrar – Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri
$CO_2$ 120g – Útblástur $CO_2$ gr.
P – Frítt að leggja í Rvk.

ergo

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

## Betri notaðir bílar Kauptúni

Upplýsingar um eldsneytiseyðslu og útblástur eru miðaðar við blandaðan akstur við bestu mögulegu aðstæður. Birt með fyrirvara um innsláttarvillur.

# Ákæra um manndráp vekur óvissu

Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur hjúkrunarfræðingi og Landspítalanum vegna mistaka sem urðu við aðhlynningu manns með þeim afleiðingum að hann dó. Fagfólk og aðstandandi mannsins óttast breytt viðhorf og meiri þöggun um mistök vegna ákærunnar.



Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslenskur heilbrigðisstarfsmaður hefur í fyrsta skipti verið ákærður fyrir manndráp af gáleysi vegna vanrækslu eða mistaka sem hann gerði í starfi. Í gær gaf ríkissaksóknari út skaðabótakröfu á hendur Landspítala og refsikröfu á hendur hjúkrunarfræðingi á gjörgæsludeild spítalans vegna manndráps af gáleysi.

Atvikið átti sér stað í október árið 2012. Sjúklingurinn var að jafna sig eftir hjartaaðgerð og var með slöngu, eða svokallaðan ventil, í hálsinum sem þurfti að losa reglulega. Heimildir Fréttablaðsins herma að það hafi af einhverjum ástæðum gleymst að losa hann og því hafi maðurinn kafnað og látið lífið. Við dauðsfallið létu starfsmenn spítalans strax vita að grunur léki á að mistök hefðu valdið dauða mannsins og í kjölfarið var gerð rannsókn á vegum Landlæknisembættisins og lögreglunnar.

Niðurstaða rannsóknar spítalans var að margir samverkandi þættir hefðu valdið mistökum en það er algengasta ástæða mistaka í heilbrigðiskerfinu. Það þýðir að samspil umhverfis, starfsmanna, aðstæðna og í sumum tilfellum sjúklingsins sjálfs skapi augnablik eða kringumstæður þar sem mistök eiga sér stað.

Eftir að lögreglurannsókn lauk var málið sent á borð ríkissaksóknara og nú, tæpu hálfu ári seinna, hefur verið gefin út ákæra í málinu. Yfirmönnum spítalans er mjög brugðið og lýsa stöðunni sem mikilli óvissu fyrir heilbrigðisstarfsmenn. „Þetta eru ákveðin tímamót, ákveðnar krossgötur,“ segir Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar. „Við erum manneskjur og gerum mistök. Í heilbrigðiskerfinu eru afleiðingarnar aftur á móti alvarlegri en í flestum öðrum störfum. Við höfum síðustu ár reynt að efla öryggismenninguna innan spítalans með því að opna umræðuna um mistök og hvetja fólk til að láta vita af öllu sem fer miður.“

Sigríður segir að til þess að hægt sé að læra af mistökum þurfi starfsmenn að þora að viðurkenna þau og treysta því að faglega sé tekið á málinu. „Í þessu tiltekna máli brugðust starfsmenn hárrétt við og allir sýndu það traust og heiðarleika sem fyrirfinnst í öryggismenningu.“

Hjúkrunarfræðingurinn sem um ræðir hefur farið í leyfi og getur Sigríður ekki tjáð sig um líðan hennar og stöðu frekar. „En ég get reynt að setja mig í hennar spor og ímyndað mér hvernig það er að vera fyrsti íslenski heilbrigðisstarfsmaðurinn sem fær á sig ákæru í sakamáli. Ég held að allir starfsmenn spítalans finni til með henni núna.“



**Ekki eyðileggja líf hennar**

„Það á að hlúa að fólki sem gerir mistök en ekki eyðileggja líf þess með ákærum. Þetta er kona á aldur við börnin mín og ég get ekki hugsað mér að líf hennar sé eyðilagt, nóg þarf hún að bera. Enda hlýtur fólk að vera samábyrgt þegar svona gerist.“

**Ingveldur Sigurðardóttir, ekkja sjúklingsins sem lést**



**Ekki niðurstaðan sem við viljum**

„Þetta er út úr kortinu. Þetta er alls ekki það sem þeir sem lenda í mistökum vilja sjá. Það er alveg nóg að lenda í alvarlegum mistökum en það þarf ekki að setja í fangelsi fyrir það.“

**Auðbjörg Reynisdóttir, formaður Viljaspors, félags sem aðstoðar fólk og aðstandendur þeirra sem hafa lent í óhöppum á heilbrigðisstofnunum**



**Gæti fælt fólk frá störfum**

„Þetta getur haft slæm áhrif á öryggismenninguna. Í stærra samhengi þá gæti þetta haft áhrif á kostnað heilbrigðiskerfisins, að tryggja þurfi starfsfólkið betur og vilja fólks til að starfa í geiranum.“

**Anna Björg Aradóttir, sviðsstjóri eftirlits og gæða hjá Landlæknisembættinu**



**Ekki gera einn ábyrgan**

„Yfirleitt spila margir þættir saman sem verða þess valdandi að eitthvað gerist. Við teljum vænlegra til árangurs að skoða hvað fór úrskeiðis, draga lærdóm af því og komast hjá því að mistök gerist aftur í stað þess að gera einn aðila í ferlinu ábyrgan.“

**Ólafur G. Skúlason, formaður íslenskra hjúkrunarfræðinga**



**LANDSPÍTALI** Atvikið gerðist á gjörgæsludeild Landspítalans þar sem sjúklingur var að jafna sig eftir hjartaaðgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## VARÐAR SEKTUM EÐA ALLT AÐ 6 ÁRA FANGELSI

Ef mannsbani hlýst af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að sex árum, samkvæmt 215. grein almennra hegningarlaga. Jón Þór Ólason hæstaréttarlögmaður segir dóma byggjast fyrst og fremst á hvort gáleysið sé meðvitað eða ómeðvitað, stórkostlegt eða einfalt og hversu alvarlegar afleiðingarnar eru. Einnig séu ríkari kröfur gerðar til sérfræðinga við gáleysismat og hversu mikið háttsemin hafi verið frávik frá starfsháttum, aðgæslu og þekkingu sakbornings.

Þyngsti dómur sem hefur fallið á Íslandi vegna manndráps af gáleysi er þriggja ára fangelsi.





**Subaru Outback 2.0l BOXER dísil, sjálfskiptur**
Verð: 6.890.000 kr.

Ný LINEARTRONIC stiglaus sjálfskipting með þrepastillingum í stýri og leðurklædd rafdrifin sæti.

**6,3 l / 100 km**
í blönduðum akstri

**SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT**

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GERÐU ÖRUGG BÍLAKAUP – KAUPTU SUBARU!

B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar** Reykjanesbæ www.bilahusid.is 420 0400
**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622
**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533
**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

# DEBENHAMS

## sumar SPRENGJA

**25% AFSLÁTTUR**

**AF ÖLLUM VÖRUM***

NEMA 20% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM

GILDIR ÚT SUNNUDAG — OPIÐ TIL 21:00 Í KVÖLD

*Gerðu lífið skemmtilegra*

## OFURTILBOÐ 40% AF VÖLDUM VÖRUM

AÐEINS Í DAG, FIMMTUDAG




**40%** afsláttur af öllum MAINE fötum fyrir dömu og herra**



**40%** afsláttur af öllum herra sokkum frá Debenhams




**40%** afsláttur af öllum barnafötum frá MANTARAY



**40%** afsláttur af öllum herra náttfötum



**40%** afsláttur af úrvali af dömu náttfötum



**40%** afsláttur af öllum undirfötum frá Presence




**40%** afsláttur af öllum dömufatnaði frá John Rocha



**40%** afsláttur af öllum dömuskóm frá Red Herring og Collection

NÝTT KORTATÍMABIL

Finndu okkur á facebook

*Gildir ekki af öðrum tilboðum

**Gildir ekki af sundfatnaði

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR




# Miðborgin eða Úlfarsárdalur

Sjálfstæðismenn vilja ljúka uppbyggingu í Úlfarsárdal. Björt framtíð, Samfylking og Vinstri græn sammála um uppbyggingu Reykjavíkurhúsa miðsvæðis í borginni. Sjálfstæðismenn eru andsnúnir hugmyndinni og segja að þar með sé borgin komin inn á frjálsan markað.

**Jóhanna Margrét Einarsdóttir**
johanna@frettabladid.is



Það eru skörp skil á milli sjálfstæðismanna í Reykjavík og Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna þegar kemur að húsnæðismálum. Stefna Framsóknar hefur meiri samhljóm með stefnu sjálfstæðismanna en hinna flokkanna en Píratar hafa ekki gefið sér tíma til að móta heildstæða stefnu í málaflokknum.

Halldór Auðar Svavarsson segir þó innan Pírata hafi það verði rætt að breyta byggingareglugerðum svo það verði ódýra að byggja litlar íbúðir. það sé hægt að breyta reglugerðum án þess að ganga á öryggiskröfur. Flokkarnir eru sammála um að það sé húsnæðisskortur í Reykjavík og að þörfin sé mest fyrir litlar og meðalstórar íbúðir.

### Tekist á um lóðamál

Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna, segir að flokkurinn leggi mikla áherslu á að auka lóðaframboð í borginni. Með auknu framboði aukist framboð af íbúðum, sem leiði af sér meiri samkeppni og lægra verð á húsnæði.

„Við viljum breytingar á lóðagjöldum. Í dag eru greidd sömu lóðagjöld fyrir 160 fermetra íbúð og 60 fermetra íbúð. Að okkar mati er það eðlilegt að greiða lóðagjöld í samræmi við fermetrafjölda,“ segir Halldór og bætir við að það verði jafnframt að tryggja að lægri lóðagjöld skili sér til kaupenda en lendi ekki í vasa verktaka.

### Austurborgin og Úlfarsárdalur

„Við viljum auka lóðaframboð og þétta byggð í austurhluta borgarinnar. Þar horfum við sérstaklega til Úlfarsárdals,“ segir Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, sem skipar fyrsta sætið á lista framsóknarmanna og flugvallarvina.

Hún bendir á að lóðir í austurhluta borgarinnar séu mun ódýrari en lóðir í miðborginni. Að byggja þar geri íbúðaverð viðráðanlegt. Framsóknarmenn í borginni leggja áherslu á að styrkja úthverfin en bæta við að hvar sem fólk kjósi að búa verði það að hafa val um hvort það leigi eða eigi.

„Í því skyni horfum við til byggingarsamvinnuformsins þar sem hópur fólks getur tekið sig saman og byggt saman fjölbýlishús eða raðhúsalengjur,“ segir Sveinbjörg.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur einnig áherslu á að klára uppbyggingu í Úlfarsárdal.

„Það á að þétta byggðina þar. Þegar fólk festi kaup á dýrum lóðum í dalnum var það vegna þess að fólk taldi að þar yrði í boði góð þjónusta við íbúana. Hverfið eins og það er skipulagt í dag stendur ekki undir því,“ segir Halldór og bætir við að um leið og byggðin þéttist í dalnum verði hægt að byggja upp þjónustu fyrir hverfið í heild, Grafarholt og Úlfarsárdal.

### Reykjavíkurhús í öndvegi

„Við hræðumst þessi Reykjavíkurhús svo mikið að ég er tilbúinn að hlekkja mig við gröfu til að koma í veg fyrir að þau verði byggð,“ segir Halldór.

Björt framtíð, Vinstri græn og Samfylking eru samstiga þegar kemur að hugmyndinni um Reykjavíkurhús, sem gengur út á að byggðar verði leigu- og búseturéttaríbúðir fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Þetta eiga að vera litlar og meðalstórar íbúðir sem á að byggja í Vesturbugt, Þorragötu/Suðurgötu, Bólstaðarhlíð, Stakkahlíð, á Kirkjusandi og í Laugarnesi.

Þetta vilja flokkarnir gera í samvinnu við Félagsbústaði, húsnæðissamvinnufélög, Búseta, Félagsstofnun stúdenta, samtök aldraðra og verkalýðshreyfinguna.

„Við gerð húsnæðisstefnu borgarinnar komum við Vinstri græn því til leiðar að fjórðungur íbúðarhúsnæðis á nýbyggingarsvæðum yrði leigu- eða búseturéttaríbúðir,“ segir Sóley Tómsdóttir, oddviti VG.

Vinstri græn vilja leggja áherslu á fjölbreytta uppbyggingu íbúða, blandaða byggð og félagslega fjölbreytni. Þar á bæ vilja menn stuðla að stofnun húsnæðis- og leigufélaga sem rekin eru á félagslegum grunni.

„Ef það reynist þörf á því að borgin komi að stofnun slíkra félaga á hún að gera það,“ segir Sóley.

Dagur B. Eggertsson, leiðtogi Samfylkingarinnar, segir að félagsleg fjölbreytni sé nauðsynleg. „Við leggjum áherslu á að í öllum hverfum borgarinnar búi fólk á öllum aldri, með mismunandi bakgrunn og að félagslegar aðstæður stjórni því ekki hvar fólk búi. Við verðum að byggja þannig á framtíðinni að fólk geti notað fjölbreyttar samgöngur,“ segir Dagur.

Björt framtíð leggur áherslu á byggingu leiguíbúða.

„Leigjendur eru ekki lúðar. Að leigja á ekki að vera eitthvað sem þú gerir af því að þú hefur ekkert annað val,“ segir Björn Blöndal, sem skipar fyrsta sætið á lista Bjartrar framtíðar. Hann segir flokkinn leggja mikla áherslu á að koma upp heilbrigðum leigumarkaði.

„Menn verða að brjótast út úr þeirri hugmyndafræði að enginn sé maður með mönnum nema hann skuldi 100 milljónir í húsnæðislán,“ segir Björn.

Halldór segir að Sjálfstæðisflokkurinn leggist alfarið gegn hugmyndum um Reykjavíkurhúsin vegna þess að verði þau að veruleika sé borgin kominn inn á frjálsan íbúðamarkað með vondum afleiðingum fyrir aðra leigjendur og þá sem eiga sitt íbúðarhúsnæði.

### Skortur á félagslegum íbúðum

Sóley Tómasdóttir, Vinstri grænum, segir að meirihluti Besta flokksins og Samfylkingar hafi ekki staðið nægjanlega vel að uppbyggingu Félagsbústaða á síðasta kjörtímabili. Hún segir að þörf sé á 550 íbúðum til að eyða biðlista þeirra sem eru í brýnni þörf fyrir félagsleg leiguhúsnæði. Það verði að leysa vanda þessa hóps. Halldór Halldórsson, Sjálfstæðisflokki, tekur undir þessa gagnrýni. Hann segir að reynslan hafi sýnt að það þurfi 100 félagslegar íbúðir á ári en meirihlutinn í borginni hafi ekki byggt nema um það bil 20 á ári. Hann segir að það verði leysa vanda þessa hóps og að Sjálfstæðisflokkurinn hafi það í forgrunni.

---

**V — Vinstri grænir**

**Vilja hækka almennar húsaleigubætur og endurskoða reglur um sérstakar húsaleigubætur.**



**Það verður að leysa vanda þeirra sem eru að bíða eftir félagslegu húsnæði.**

*Sóley Tómasdóttir*

**Æ — Björt framtíð**

**Vilja að leiga verði raunhæfari og fýsilegri kostur og segja leigjendur ekki vera lúða.**



**Menn verða að brjótast út úr þeirri hugmyndafræði að enginn sé maður með mönnum nema hann skuldi 100 milljónir í húsnæðislán.**

*Björn Blöndal*

**S — Samfylkingin**

**Ætlar að fjölga leigu- og búsetaíbúðum um 2.500 til 3.000 á næstu árum.**



**Við verðum að byggja þannig á framtíðinni að fólk geti notað fjölbreyttar samgöngur.**

*Dagur B. Eggertsson*

**F — Framsókn**

**Vilja fjölbreytileika á húsnæðismarkaði og að fólk hafi aðgang að mismunandi búsetuformi.**



**Við viljum auka lóðaframboð og þétta byggð í austurhluta borgarinnar.**

*Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir*

**D — Sjálfstæðisflokkurinn**

**Telur stærsta vandamálið vera að nægum lóðum hafi ekki verið úthlutað á undanförnum árum.**



**Ég er tilbúinn að hlekkja mig við gröfu til að koma í veg fyrir að Reykjavíkurhús verði byggð.**

*Halldór Halldórsson*

**P — Píratar**

**Hafa ekki haft tíma til að móta heildstæða húsnæðisstefnu.**



**Það má breyta reglugerðum án þess að ganga á öryggiskröfur svo það verði ódýrara að byggja ódýrar litlar íbúðir.**

*Halldór Auðar Svansson*



# SUMAR SPRENGJA

## ELLINGSEN

**AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM**

**RÝMINGAR-SALA**
á ýmsum aukahlutum fyrir ferðavagna
- Markísur
- Fortjaldsdúkar
- Bakkmyndavél o.fl.

**40-70% AFSLÁTTUR**





**COLEMAN**
MACKENZIE CABIN
6 MANNA
**83.930 KR.**
VERÐ ÁÐUR 119.900KR.

**DIDRIKSONS** CAMPO
DÖMU- OG HERRAÚLPA
**13.993 KR.**
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.



**DIDRIKSONS** DRAINMAKER
DÖMU- OG HERRASKÓR
**12.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.





**ALLAR TVEGGJA HLUTA SPÚNA- OG MAÐKASTANGIR 50% AFSLÁTTUR**

**CAMPING** BONECO
QST S KOLAGRILL
**19.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.

**COLUMBIA**
RAINSTORMER
HERRA- OG DÖMUJAKKAR
**14.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.990KR.



**BARNAFLÍS Í MIKLU ÚRVALI 30% AFSLÁTTUR**

PIPAR\TBWA • SÍA • 140022

**ÚTIVISTARBUXUR FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA 30% AFSLÁTTUR**



**50% AFSLÁTTUR AF COLUMBIA LEÐUR- OG RÚSKINNSSKÓM**





**SHAKESPEARE**
KASTSTÖNG
**7.490 KR.**
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.

**COLUMBIA** BUGABOOT
KULDASKÓR
Stærðir 41–50
**22.493 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

## ESB-ANDSTÆÐINGAR Á EVRÓPUÞINGINU

**Víða í Evrópu er flokkum ESB-andstæðinga spáð góðu gengi. Tölurnar á kortinu hér til hliðar segja til um hlutfall atkvæða til þeirra samkvæmt skoðanakönnunum.**

Flokkar ESB-andstæðinga í aðildarríkjum sambandsins eiga nokkra tugi fulltrúa á Evrópuþinginu. Allt bendir til þess að í kosningum til Evrópuþingsins nú síðar í mánuðinum muni þeim fjölga verulega.

Miklar líkur þykja til þess að þessir flokkar nái nægum þingstyrk til þess að stofna nýtt flokkabandalag á þinginu. Til þess þurfa þeir að minnsta kosti 25 þingmenn frá að minnsta kosti sjö löndum. Þeir gætu þó átt erfitt með að starfa saman vegna þess hve áherslur þeirra eru ólíkar. Margir þeirra eiga fátt sameiginlegt fyrir utan andstöðuna við ESB.

Takist þeim að stofna flokkabandalag fást samt fleiri styrkir úr sjóðum ESB, auk þess sem fleira starfsfólk stendur til boða og meira skrifstofurými. Þeir fá fleiri tækifæri til að láta rödd sína heyrast. Áherslur þessara flokka, og jafnvel þingmanna innan þeirra, eru hins vegar afar misjafnar. Sumir eru grjótharðir andstæðingar Evrópusambandsins og vilja skilyrðislaust segja upp aðild lands síns, en aðrir eru mun mildari í andstöðu sinni, ósáttir við einstök málefni en í heildina ekki á móti aðild lands síns að ESB.

Flestir þessara flokka eru hægra megin í pólitíska litrófinu. Flestir þeirra hafa barist fyrir því að hömlur verði settar á straum innflytjenda til landa sinna. Tveir þessara flokka eru þó vinstra megin við miðju: Syriza á Grikklandi og Sósíalistaflokkurinn í Hollandi. Þá hefur Fimm stjörnu hreyfingin á Ítalíu hvorki staðsett sig vinstra né hægra megin í stjórnmálum.



GEERT WILDERS Leiðtogi hollenska Frelsisflokksins.



NIGEL FARAGE Gæti hæglega halað inn fjórðung eða jafnvel þriðjung atkvæða í Bretlandi í dag.



JEAN-MARIE OG MARINE LE PEN Faðir og dóttir, forsprakkar frönsku Þjóðarfylkingarinnar.




% Flokkar sem setið hafa á ESB-þinginu á kjörtímabilinu sem er að líða

% Flokkar sem líklega koma nýir inn á ESB-þingið næsta kjörtímabil

### ➜ Misjafnt er eftir löndum hvaða dag er kosið

**Fimmtudagur 22. maí**
Bretland og Holland.

**Föstudagur 23. maí**
Írland og Tékkland (fyrri kjördagur).

**Laugardagur 24. maí**
Lettland, Malta, Slóvakía, Tékkland (síðari dagur) og handanhafssvæði Frakklands

**Sunnudagur 25. maí**
Austurríki, Belgía, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Ungverjaland, Ítalía, Króatía, Kýpur, Litháen, Lúxemborg, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Svíþjóð, Slóvenía, Spánn og Þýskaland.




# Vill fara sem fyrst úr ESB

Nigel Farage og Breska sjálfstæðisflokknum hans er spáð stórsigri í kosningunum til Evrópuþingsins.

**BRETLAND** Boðskapur Nigels Farage er einfaldur: Bretland á að hverfa úr Evrópusambandinu. Rökstuðningurinn er líka einfaldur: Evrópusambandið er að eyðileggja Bretland með ofstjórn og útlendingaflóði frá fátæku löndunum í austanverðri Evrópu.

„Við höfum galopnað dyrnar fyrir nærri hálfum milljarði íbúa úr öðrum aðildarríkjum Evrópusambandsins,“ er yfirlýsing sem hann hefur hamrað mjög á undanfarið.

Þannig elur hann á ótta Breta við að missa lífsviðurværi sitt í hendur fátæka fólksins frá útlöndum og lætur það ekkert trufla sig þótt nákvæmlega engar líkur séu á því að allir íbúar hinna Evrópusambandsríkjanna taki upp á því að flytja til Bretlands.

**Fordómar**

Hann hefur verið gagnrýndur fyrir þröngsýni, fordóma og kynþáttahatur en þær ásakanir virðast hrökkva af honum jafnharðan, enda svarar hann hástöfum og segist bara vera að segja sannleikann.

Hann neyddist reyndar til að draga aðeins í land með alhæfingarnar eftir ummæli sín í útvarpsviðtali um síðustu helgi, þar sem hann hafði sagst þurfa að hafa varann á sér ef svo færi að hópur Rúmena flytti í húsið við hliðina á honum.

„Yfirgnæfandi meirihluti þeirra Rúmena sem hafa komið til Bretlands vilja bæta líf sitt og myndu verða góðir nágrannar,” sagði hann í yfirlýsingu á mánudag og fullyrti þar að flokkur sinn væri ekki flokkur kynþáttahatara.

Samt dró hann í sömu yfirlýsingu fram tölfræði um glæpagengi frá Rúmeníu og sagði að Bretland ætti alls ekki að vera með opið upp á gátt gagnvart öllum íbúum Rúmeníu. Aðeins þegar farið væri að kanna bakgrunn þeirra Rúmena, sem vildu flytjast til Bretlands, gæti hann svarað því neitandi ef spurt væri hvort Bretar þyrftu að hafa áhyggjur ef hópur Rúmena flytti í næsta hús.

Þannig að í reynd ítrekaði hann hin umdeildu ummæli sín í þessari sömu yfirlýsingu, sem hann sendi frá sér á mánudag til að bera af sér ásakanir um kynþáttafordóma.

**Mælska**

Farage er mikill mælskumaður og lætur engan vaða ofan í sig. Nick Clegg, leiðtogi Frjálslynda flokksins og varaforsætisráðherra í ríkisstjórn Davids Cameron, fór halloka fyrir honum í tveimur sjónvarpskappræðum nýlega. Clegg virkaði bæði þvælinn og hikandi andspænis sjálfsöruggum og fullyrðingaglöðum Farage.

Hvorki Cameron forsætisráðherra né Ed Miliband, leiðtogi Verkamannaflokksins, létu hafa sig út í kappræður við Farage um Evrópusambandið. Fyrir vikið sakar hann þá um hugleysi en hrósar Clegg fyrir að hafa látið sig hafa það.

Mælskugleðin og sjálfsöryggið í Farage hefur skilað því að flokkur hans gæti hæglega halað inn fjórðung eða jafnvel þriðjung atkvæða í Evrópuþingskosningunum í dag.

Farage segir að sigur sinn muni valda jarðskjálfta í breskum stjórnmálum. Á vettvangi Evrópuþingsins er ekki síður að vænta áhrifa þegar andstæðingar ESB mæta fílefldir til leiks og taka til við baráttu sína gegn þeim stofnunum, sem þeir hafa verið kosnir til að vinna fyrir.

gudsteinn@frettabladid.is


Fegurðin kemur að innan
EF ÞÚ VERSLAR FYRIR 4.900 KR. EÐA MEIRA FYLGIR ALGAE & MINERAL BODY LOTION Í KAUPBÆTI
BLUE LAGOON HÚÐVÖRUDAGAR Í HAGKAUP 22. - 28.MAÍ
BLUE LAGOON ICELAND
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Miðborgarvaka

## FIMMTUDAGINN 22. MAÍ, OPIÐ TIL KL. 22:00

BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 5514422

Tilboð! 15% til 20% afsláttur af Gerry Weber.

Laugavegi 63

kiosk

Glænýjar vörur og léttar veitingar allt kvöldið. Endilega kíkið í heimsókn!

Laugavegi 65

aurum

Sumardrykkur og gjafabréf fyrir tvo heppna viðskiptavini. 15% afsláttur í hönnunarbúð.

Bankastræti 4

JÖR
– by –
GUDMUNDUR JÖRUNDSSON

20% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 89

PÚKÓ & Smart

15% afsláttur af öllu nema matvöru.

Laugavegi 83

GAMLA / OLD ISLAND traditional

Kjötsúpa og kaldur á 1.500 kr.

Laugavegi 72

Kjólar & Konfekt
kjolar.is

15% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 92

ELLA
BY ELINROS LINDAL

Lifandi tónlist og léttar veitingar.

Ingólfsstræti 5

macland

15% afsláttur af hulstrum, töskum og heyrnartólum. Myndavélapakkinn á 9.990 kr.

Laugavegi 17

STÍLL

15% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 58

GuSt
REYKJAVÍK DESIGN

Veitingar og verðlækkun. Verið velkomin!

Ingólfsstræti 2

freebird

Dásamleg íslensk hönnun og léttar veitingar.

Laugavegi 46

## Lifandi tónlist, líf og fjör, sértilboð!

BÍLASTÆÐASJÓÐUR

**BORÐ FYRIR TVO**
20% afsláttur af allri gjafavöru.
Laugavegi 95

**ART67**
Við erum í sumarskapi og veitum 20% afslátt.
Laugavegi 67

**kvosin** – FERSKT OG FLJÓTT
2 fyrir 1 af Emmess ís.
Aðalstræti 8

**38 ÞREP** – Laugavegi 49 / sími 561 5813
10% afsláttur af öllum vörum.
Laugavegi 49

**Brim**
20% afsláttur af fatnaði.
Laugavegi 71

**73.is**
Stór bakgarður og 40 tegundir af íslenskum eðalveigum í boði.
Laugavegi 73

**Einar Ben RESTAURANT**
Happy hour frá 17 til 22.
22% afsláttur af matseðli.
Veltusundi 1

**icelandic FISH & CHIPS**
Smakkbakki með djúp-steiktum fiski í speltdeigi, og einn kaldur á 1.890 kr.
Tryggvagötu 11 (Volcano House)

**Hlölla bátar** – ALLTAF FERSKIR – SÍÐAN 1986
12" bátur mánaðarins og 0,5l gos á aðeins 1.090 kr.
Ingólfstorgi

**TIGER**
Ný og endurbætt verslun. Verið velkomin!
Laugavegi 13

**Hókus Pókus** – hokuspokus.is
20% afsláttur af öllu milli kl. 18 og 22.
Laugavegi 69

**Gullkúnst Helgu** – Laugavegi 13, 101 Reykjavík
15% afsláttur og Silja Rós syngur frá 20 til 21.
Laugavegi 13

**DIMMALIMM**
15% afsláttur af öllum vörum.
Laugavegi 53

**MJ MARTA JONSSON**
20% afsláttur í 12 klukkustundir.
Laugavegi 51

**HJALMAR TORFASON GULLSMIÐUR**
50% afsláttur af skartgripa-hreinsun og póleringu.
Laugavegi 71

## , uppákomur og stemning!

MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!
— WWW.MIDBORGIN.IS —

MIÐBORGIN OKKAR



# Miðborgarvaka

## FIMMTUDAGINN 22. MAÍ, OPIÐ TIL KL. 22:00



| | | | |
|---|---|---|---|
| HRAFNA | hrím | noland | NOSTALGÍA |
| Léttar veitingar og afsláttur af völdum vörum. | 15% afsláttur af öllum vörum og léttar veitingar. | The boys are back in town. | Ný kjólasending. Brjálað úrval! |
| Laugavegi 40 | Laugavegi 25 | Laugavegi 12a | Laugavegi 39 |
| Eld smiðjan | Couture | Kirsuberjatréð | Íslenski barinn – The Icelandic Bar · Reykjavík |
| Fríar brauðstangir með öllum keyptum pizzum. | 50% afsláttur af skóm frá Pretty Ballerinas. | Léttar veitingar, markaður, 10% afsláttur, pop–up. | Jazzkvöld á Íslenska barnum. Lifandi tónlist byrjar kl. 21.30. |
| Laugavegi 81 | Laugavegi 86 | Vesturgötu 4 | Ingólfsstræti 1a |
| SUOMI PRKL! DESIGN | 66° NORÐUR | SIGURBOGINN | Ígló&Indí |
| 15% afsláttur og léttar veitingar. | 3 fyrir 2 af Logn stuttermabolum. | 20% afsláttur af öllum vörum. | 20% afsláttur af öllum Ígló&Indí fötum. Öll börn fá blöðrur og tattú. |
| Laugavegi 27 | Bankastræti 5 og 9 | Laugavegi 80 | Skólavörðustíg 4a |

**Lifandi tónlist, líf og fjör, sértilboð**

BÍLASTÆÐASJÓÐUR



### SPAKS MANNSSPJARIR

Framhaldslífshelgi. 10% af verði gengur upp í viðgerð eða breytingu á eldri flík.

Bankastræti 11

### MICHELSEN ÚRSMIÐIR

15% af skarti frá asa jewellery. 20% af Michael Kors og Jacques Lemans.

Laugavegi 15

### Lífstykkjabúðin

20% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 82

### 2 STURLA

Léttar veitingar og 20% afsláttur af völdum vörum.

Laugavegi 27



### MYCONCEPTSTORE

Léttar veitingar. Kósý stemning.

Laugavegi 45

### PANCAKE CAFE

2 fyrir 1 af mjólkurhristingi.

Laugavegi 84

### Stígur

Íslensk list á Stígnum. Sértilboð og veitingar.

Skólavörðustíg 17b

### BLUE LAGOON ICELAND

Tax Free á öllum Blue Lagoon húðvörum.

Laugavegi 15

### GÞ 1925 SKARTGRIPIR &ÚR

20% afsláttur af öllum úrum.

Bankastræti 12

### Spúútnik

Markaðsstemning og tilboð frá 10 til 22!

Laugavegi 28b

### mojo

25% til 30% afsláttur af klippingum, naglaásetningu og TEOTEMA hárvörum.

Laugavegi 94

### KRONKRON

Einstök ánægja.

Laugavegi 63b



### Laboutique.is

20% afsláttur af einstaklega flottum silkikjólum og klútum.

Laugavegi 55

### eva

Fallegur sumarfatnaður, léttar veitingar og skemmtileg stemning.

Laugavegi 26

### EINVERA

20% afsláttur af öllum vörum og léttar veitingar.

Laugavegi 35

## , uppákomur og stemning!

MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!

— WWW.MIDBORGIN.IS —

MIÐBORGIN OKKAR

# Lýðræðið er stundum veikburða

Kreppan í Evrópu hefur verið að snúast upp í stjórnmálakreppu, segir Kinga Göncz, fyrrverandi utanríkisráðherra Ungverjalands. Hún segir kreppuna hafa auðveldað öfgakenndum þjóðernisflokkum í Evrópulöndum að setja mark sitt á almenna stjórnmálaumræðu.

„Þjóðernishyggjan er í vexti, ekki bara í Ungverjalandi heldur í flestum Evrópulöndum," segir Kinga Göncz. „Þetta er ákaflega dapurleg þróun, að hægri öfgaflokkar séu í uppgangi, en þeir þola ekki hver annan og það er vegna þess að eitt helsta einkenni þeirra er skortur á umburðarlyndi."

Kinga Göncz er fyrrverandi utanríkisráðherra Ungverjalands og var fyrsta konan sem gegndi því embætti. Hún sat á þingi fyrir Sósíalistaflokkinn, nú stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn gegn hægri stjórn Fidesz-flokksins. Undanfarið kjörtímabil hefur hún verið fulltrúi síns flokks á Evrópuþinginu.

Hún segir það lán í óláni hvað hægri þjóðernissinnar, sem spáð er miklu fylgi í kosningum til Evrópuþingsins næstu dagana, virðast eiga erfitt með að starfa saman.

„Þeir reyna að útiloka hver annan. Hættan er þess vegna ekki sú að þeir fái aukið vægi á Evrópuþinginu, heldur er hún aðallega sú að svokallaðir meginstraumsflokkar neyðast til þess að fylgja þeim eftir í umræðunni."

„Lýðræðið virðist stundum vera veikburða, og ástæðan er sú að lýðræðið er í sjálfu sér umburðarlynt. Það leggur áherslu á frjálsa tjáningu, en umburðarlyndi felur í sér ákveðið umburðarlyndi gagnvart skorti á umburðarlyndi, jafnvel hatursáróðri. Þetta er hættan við lýðræðið, sem þó er þrátt fyrir allt besta kerfi," segir Göncz.

„Öfgaflokkarnir setja fram ákveðna sviðsmynd, og meginstraumsflokkarnir þurfa einhvern veginn að bregðast við. Þeir vilja laða til sín kjósendur og eru þess vegna farnir að tala um sömu efnin og jafnvel nota sams konar stílbrögð. Það er þetta sem er að breyta umræðunni í Evrópu þannig að hún fer út í öfgar og inn á mjög hættulegar brautir."

### Fidesz

Einn þeirra þjóðernisflokka, sem náð hafa hvað lengst í Evrópu undanfarin misseri, er Fidesz, sem nú fer með stjórnartaumana í Ungverjalandi undir forystu Viktors Orban forsætisráðherra. Fidesz vann stórsigur í þingkosningum þar í síðasta mánuði, en Göncz bendir á að í reynd hafi einungis um fjórðungur kosningabærra manna greitt flokknum atkvæði sitt.

„Bæði var kosningaþátttakan lítil, sem kemur öfgaflokkum til góða, og svo hafði Fidesz breytt kosningafyrirkomulaginu þannig að útkoman varð í allt öðrum hlutföllum en atkvæðatalningin segir til um. Þannig fengu þeir, með 25 prósentum atkvæða, meira en tvo þriðju hluta þingsæta, nógu stóran meirihluta til að geta breytt stjórnarskránni að vild."

Hún segist samt enga trú hafa á því að Fidesz muni reyna að breyta stjórnarskránni enn eina ferðina.

Á síðasta ári vöktu stjórnarskrárbreytingar, sem ungverska þingið samþykkti, hörð viðbrögð frá Evrópusambandinu, mannréttindasamtökum og öðrum sem sögðu Orban forsætisráðherra hafa gengið alltof langt í því að tryggja embætti sínu og ríkisstjórninni meiri völd.

Orban lét á endanum undan, eftir að Evrópusambandið hafði hótað refsiaðgerðum, og dró til baka umdeildustu stjórnarskrárbreytingarnar.

### Kreppan

Í Ungverjalandi er annar flokkur, Jobbik, sem er enn lengra til hægri og enn harðari í þjóðernisstefnu sinni, og fékk sá flokkur heil 20 prósent í þingkosningunum.

Göncz segir skýringuna á því hve þjóðernisstefnunni hefur vegnað vel í Ungverjalandi að hluta vera að finna í kreppunni miklu.

„Rétt eins og Ísland varð Ungverjaland illa úti í kreppunni. Fólk er hrætt, óöruggt og veit ekki hvort það mun halda lifibrauði sínu. Þá er hætt við því að fólk sækist eftir sterkum leiðtoga, einhverjum sem getur verndað það gegn þessu öllu."

„Á hinn bóginn," segir hún, „á þetta sér einnig eldri rætur. Ungverjaland var eitt þeirra landa sem stóðu sig hvað best á umbreytingatímanum," og á þar við hrun Sovétríkjanna og fall járntjaldsins. „Framfarir gerðust hratt, en nú hefur Ungverjaland dregist aftur úr. Hluta samfélagsins tókst að verða samkeppnisfær, þeir sem töluðu tungumál og náðu að koma undir sig fótunum. En svo er annar hluti samfélagsins sem tókst ekki að afla sér kunnáttu og hefur ekki það sem til þarf. Ég held að þetta sé vandamál í öllum löndum þessa heimshluta. Breytingarnar í átt til markaðskapítalisma geta gerst mjög hratt, en það þarf eitthvað lengri tíma til að breyta hugarfari fólks."



**KINGA GÖNCZ** Ungverska Evrópuþingkonan tók þátt í opnum fundi um Evrópumál á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Evrópustofu, sem haldinn var í Norræna húsinu á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kreppan kom við sögu á málþinginu í vikunni: „Þar var þetta sett þannig fram að allt hafi þetta byrjað með fjármálakreppu, en hún þróaðist svo yfir í efnahagskreppu, þaðan yfir í atvinnukreppu sem enn er að dýpka, og svo inn í kreppu í opinberum fjárveitingum, sem þýddi að stjórnvöld neyddust til þess að skera niður félagsleg útgjöld og það svo harkalega að það hefur haft mikil áhrif á fólk. Nú er svo komið að þetta er að þróast yfir í stjórnmálakreppu, og það er vandinn sem við stöndum núna frammi fyrir."

Hún segir stjórnarandstæðinga í Ungverjalandi mikið velta því fyrir sér þessa dagana, hvernig hægt sé að vinna á móti uppgangi öfgaflokka.

„Í Ungverjalandi er mikið rætt hvort betra sé að einangra þá eða virkja þá í umræðunni. Þetta er ekki einfalt, hvorki í Ungverjalandi né annars staðar í Evrópu. Stundum getur einangrun virkað, en stundum er kannski betra að draga hugmyndir þeirra fram í dagsljósið og afhjúpa þær." gudsteinn@frettabladid.is






**KRUFNING** Markmiðið með rannsóknum norsku meinafræðinganna var að leysa gátuna um vöggudauða. NORDICPHOTOS/AFP

Krufningar á ungum börnum umdeildar í Noregi:

# Líffæri fjarlægð án vitneskju foreldra

**NOREGUR** Án vitneskju foreldra hafa norskir réttarmeinafræðingar fjarlægt heila, hjörtu og önnur líffæri úr 700 látnum börnum í vísindaskyni. Þetta hafa þeir gert á stærstu réttarmeinafræðideild Noregs undanfarin 30 ár og til dagsins í dag, að því er greint er frá á fréttavef Verdens Gang, VG. Samkvæmt gögnum um rannsóknirnar sem VG hefur undir höndum ákváðu vísindamennirnir að greina foreldrunum ekki frá þeim þar sem þeir töldu að það yrði of erfitt fyrir þá.

Meinafræðingarnir hófu þessar rannsóknir árið 1984 þegar vöggudauði var algengur í Noregi. Markmiðið með rannsóknunum var að leysa gátuna um hann. „Hafi menn heyrt grát foreldra sem misst hafa börn sín þá skilja menn það. Þegar við höfum þessar rannsóknir krufðum við allt að þrjú ungbörn á dag sem öll höfðu látist skyndilega," segir Torleiv Ole Rognum prófessor, sem stjórnað hefur rannsóknunum, í viðtali við VG.

Um var að ræða börn allt að þriggja ára sem látist höfðu skyndilega af völdum vöggudauða, sjúkdóma, slysa, mistaka heilbrigðisstarfsmanna eða börn sem höfðu verið myrt. Sprautað var sílikoni í hauskúpu barnanna og annars staðar til að ekki sæist að líffæri hefðu verið fjarlægð úr þeim.

**700**

Norskir réttarmeinafræðingar hafa í vísindaskyni fjarlægt líffæri úr sjö hundruð látnum börnum án vitneskju foreldra barnanna.

Samkvæmt VG hafa meinafræðingarnir ekki framið lögbrot. Ekki þurfi samþykki ættingja þegar um er að ræða krufningar sem gerðar eru í réttarlæknisfræðilegum tilgangi eða í vísindaskyni.

Rannsókn er þó hafin á því hvort þetta hafi verið andstætt lögum og hvaða úrbætur þurfi þá að gera hafi svo verið. -ibs




# Bein útsending frá opnunarverki
# Listahátíðar Reykjavíkur



siminn.is/listahatid

**Sjáðu og heyrðu Turiya eftir Högna Egilsson í miðbænum og á siminn.is/listahatid**

Síminn fagnar Listahátíð í Reykjavík og gerir öllum kleift að fylgjast með flutningi Högna Egilssonar á tónsmíð sinni Turiya í beinni útsendingu. Verkið verður meðal annars flutt með kirkjuklukkum í miðborginni.

Bein útsending frá **Tjörninni í Reykjavík** hefst **kl. 17.30 í dag, 22. maí**

4G LTE

Komdu og fylgstu með flutningi Högna Egilssonar eða njóttu hans í tölvunni eða snjalltækinu á stærsta farsímaneti landsins.

ENNEMM / NM62605

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR **HAFNARFJÖRÐUR** x14




**AÐFERÐAFRÆÐIN** Hringt var í 1.112 þar til náðist í 803 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki þriðjudaginn 20. maí. Svarhlutfallið var 72,2 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Alls tók **60,1** prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

# Meirihluti fallinn í Hafnarfirði

Miklar breytingar eru í farvatninu í hafnfirskum stjórnmálum. Meirihluti Samfylkingar og Vinstri grænna er fallinn. Sjálfstæðisflokkurinn tapar manni þótt flokkurinn sé búinn að vera í minnihluta á kjörtímabilinu. Björt framtíð sigurvegari verði þetta úrslit kosninga.

**Sveinn Arnarsson**
sveinn@frettabladid.is



Hafnarfjörður hefur um langa hríð verið þriðja stærsta sveitarfélag landsins. Í byrjun árs voru íbúar Hafnarfjarðar 27.357 talsins og hafði fjölgað nokkuð á kjörtímabilinu. Fyrsti áratugur þessarar aldar einkenndist af örum vexti þar sem íbúafjöldinn hækkaði gífurlega allt fram að hruni bankakerfisins 2008.

Samfylkingin hefur verið í meirihluta samfleytt í tólf ár. Frá 2002 til 2010 var flokkurinn með hreinan meirihluta en síðustu fjögur ár í samstarfi við vinstri græn.

### Meirihlutinn fallinn

Meirihluti Samfylkingarinnar og VG er fallinn skv. könnun Fréttablaðsins. Vinstri græn halda sínum manni í bæjarstjórn en samstarfsflokkurinn, Samfylkingin, tapar tveimur mönnum og mælist með þrjá menn inni.

Eini flokkurinn í minnihluta á kjörtímabilinu, Sjálfstæðisflokkur, tapar einnig fylgi. Mælist nú með 28 prósenta fylgi og fjóra menn kjörna. Flokkurinn fékk 37 prósent greiddra atkvæða fyrir fjórum árum og fimm menn í bæjarstjórn.

Björt framtíð og Píratar koma ný inn í bæjarstjórn Hafnarfjarðar verði þetta úrslit kosninga. Björt framtíð mælist með 16,6 prósent atkvæða sem nægir þeim til að ná inn tveimur mönnum í bæjarstjórn. Píratar mælast með 12,8 prósent og einn mann.

Sjálfstæðisflokkurinn og Björt framtíð geta með þessu myndað með sér starfhæfan tveggja flokka meirihluta verði þetta úrslit kosninga. Hinn möguleikinn er samstarf Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sem verður að teljast ólíklegt.

### Opið bókhald

Brynjar Guðnason, oddviti Pírata, segir höfuðverkefni stjórnmálanna vera að auka gegnsæi. „Píratar leggja höfuðáherslu á að opna stjórnsýsluna og tryggja aðgengi Hafnfirðinga að gögnum bæjarins. Mikilvægast er að opna bókhaldið, hverja einustu færslu. Það sýndi sig á kjörtímabilinu sem er að ljúka, að áhersla á opin gögn og opið bókhald hefði mátt vera til staðar.“

Brynjar telur að hugsanlega hafi það komið bænum í koll að gera ekki grein fyrir lánakjörum þegar bæjarsjóður var endurfjármagnaður. „Feluleikir varðandi lánasamninga eru gott dæmi um þetta. Þar að auki hafa rannsóknir AGS sýnt fram á að gagnsæi geti leitt til hagstæðari lánakjara. Í ljósi þessa má velta því upp hvort ekki hefðu getað fengist jafn góð eða betri lánakjör hefði bókhaldið verið opið.“

### Húsnæðismál hjá Framsókn

Ágúst Bjarni Garðarsson er oddviti Framsóknarflokksins í Hafnarfirði. „Framsókn í Hafnarfirði leggur mikla áherslu á að bregðast strax við niðurstöðu þjónustukönnunar Capacent Gallup frá því í nóvember 2013. Hafnarfjarðarbær var undir heildarmeðaltali sveitarfélaga á mörgum mikilvægum sviðum, t.d. þjónustu við barnafjölskyldur, leik- og grunnskóla og eldri borgara. Þar höfum við sett fram tillögur að úrbótum í stefnuskrá okkar.“

Ágúst Bjarni telur einnig að húsnæðismálin verði ofarlega í hugum kjósenda. „Það er einnig mikilvægt að taka á húsnæðisvandanum og getur sveitarfélagið liðkað til með margvíslegum hætti, t.d. með því að gefa afslátt af lóðum eða jafnvel úthlutað án endurgjalds ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt. Það getur meðal annars verið ákveðin stærð íbúða. Þetta eru allt mikilvæg skref í því verkefni að búa til fjölskylduvænt samfélag í Hafnarfirði, fá inn íbúa, auka þannig tekjur og greiða niður skuldir bæjarfélagsins.“

### Sólvangur festur í sessi

Rósa Guðbjartsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokks, telur það skipta miklu máli að auka tekjur bæjarfélagsins. „Kosningarnar snúast um það hvernig við ætlum að byggja upp til framtíðar en að mati okkar sjálfstæðismanna hefur Hafnarfjörður haft alla burði til að verða fyrirmyndarsveitarfélag.“

„Það verður forgangsverkefni að leita nýrra leiða til að auka tekjur bæjarfélagsins, laða ný fyrirtæki til bæjarins og styðja við þau sem fyrir eru. Tryggja þarf framboð á lóðum fyrir hagkvæmar íbúðir jafnt til leigu og sölu og að hafið verði átak í viðhaldi eigna, fegrun og hreinsun bæjarins. Við viljum auka fjárhagslegt og faglegt sjálfstæði skólanna og að gert verði átak í net- og tæknivæðingu innan þeirra. Sólvangur verði festur í sessi sem miðstöð öldrunarþjónustu í bænum og betur hugað að ólíkum þörfum eldri borgara og fatlaðra,“ segir Rósa.

### Hagur barnafjölskyldna

Gunnar Axel Axelsson er oddviti Samfylkingarinnar. Hann telur að fjármálastjórn bæjarins sé agaðri og á réttri leið. „Við í Samfylkingunni leggjum áherslu á að fylgja eftir þeim jákvæða viðsnúningi sem hefur orðið í fjármálum bæjarins og setjum því áframhaldandi ábyrga og markvissa fjármálastjórn á oddinn.“

„Við leggjum mikla áherslu á húsnæðismálin og hag barnafjölskyldna í bænum. Við höfum oft sagt að húsnæðismálin séu stærsta velferðarmál samtímans, og það eru engar ýkjur, enda gríðarlega mikilvægt að í boði sé húsnæði sem er bæði öruggt og á viðráðanlegum kjörum. Við teljum líka að huga þurfi sérstaklega að stöðu barnafjölskyldna og draga úr þjónustugjaldabyrði þeirra, auka systkinaafslátt, hækka tekjuviðmið, setja þak á heildarþjónustugjöld hverrar barnafjölskyldu og vinna markvisst að því að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.“

### Umboðsmaður bæjarbúa

Guðrún Ágústa Gunnarsdóttir bæjarstjóri er oddviti VG. Hún telur, eins og Gunnar, að fjármálin hafi lagast á kjörtímabilinu. „Við höfum verið í meirihluta í fjögur ár og hefur fjárhagur bæjarins stórbatnað á þeim tíma. Við höfum því þegar sýnt að við skilum árangri og viljum halda áfram á sömu braut.“

Guðrún Ágústa vill setja á laggirnar nýtt embætti sem er eins konar milliliður bæjar við íbúa. „Við leggjum áherslu á meiri þátttöku íbúa við fjárhagsáætlanagerð, að styrkja lýðræðið og stofna embætti umboðsmanns Hafnfirðinga. Umboðsmaður getur leiðbeint bæjarbúum ef þeir eru ósáttir við ákvarðanir teknar af bænum, gefið ráð og álit um meðferð mála. Við ætlum að stuðla að stofnun húsnæðissamvinnufélaga og leigufélaga sem rekin eru á samfélagslegum grunni og tryggja þannig fjölbreytta uppbyggingu húsnæðis fyrir alla.“

### Samstarf allra flokka

Guðlaug Kristjánsdóttir leiðir lista Bjartrar framtíðar. Framboðið vill meiri samvinnu í hafnfirsk stjórnmál þar sem allir geti unnið þvert á flokka. „Björt framtíð í Hafnarfirði leggur megináherslu á breytt vinnubrögð í bæjarstjórn þannig að allir kjörnir fulltrúar vinni saman í þágu bæjarbúa. Að góðar hugmyndir nýtist, sama hver setur þær fram. Minni flokkadrætti og meiri yfirvegaða umræðu sem leiðir til ábyrgra ákvarðana. Við viljum þverpólitíska sátt um framtíðarstefnu byggðar, atvinnu- og mannlífs með virkri aðkomu bæjarbúa.“

Guðlaug telur einnig að Hafnarfjörður hafi allt til brunns að bera til að verða ákjósanlegur búsetukostur. „Björt framtíð vill að Hafnarfjörður sé skemmtilegur og lifandi bær þar sem gaman er að vera. Við viljum burðugt og fjölbreytt atvinnulíf sem grípur þau tækifæri sem nútíminn býður upp á og vel skipulagðan bæ sem styður við lýðheilsu og grænar samgöngur.

### B Framsóknarflokkurinn



**1. sæti Ágúst Bjarni Garðarsson**, *stjórnmálafræðingur*

**2. sæti** Jenný Jóakimsdóttir, *viðskiptafræðingur*

**3. sæti** Sigurjón Norberg Kjærnested, *framkvæmdastjóri og varaþingmaður*

**4. sæti** Kristín Elísabet Gunnarsdóttir, *fjölmiðlafræðingur*

### D Sjálfstæðisflokkurinn



**1. sæti Rósa Guðbjartsdóttir**, *bæjarfulltrúi*

**2. sæti** Kristinn Andersen, *verkfræðingur og bæjarfulltrúi*

**3. sæti** Unnur Lára Bryde, *viðskiptafræðingur og flugfreyja*

**4. sæti** Ólafur Ingi Tómasson, *fv. aðalvarðstjóri og varabæjarfulltrúi*

### S Samfylkingin



**1. sæti Gunnar Axel Axelsson**, *Viðskiptafræðingur/ formaður bæjarráðs*

**2. sæti** Margrét Gauja Magnúsdóttir, *forseti bæjarstjórnar*

**3. sæti** Adda María Jóhannsdóttir, *kennari*

**4. sæti** Ófeigur Friðriksson, *viðskiptastjóri*

### V Vinstri græn



**1. sæti Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir**, *bæjarstjóri*

**2. sæti** Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir, *lögmaður*

**3. sæti** Sverrir Garðarsson, *háskólanemi*

**4. sæti** Júlíus Andri Þórðarson, *verkefnisstjóri*

### Þ Píratar



**1. sæti Brynjar Guðnason**, *hönnuður*

**2. sæti** Hildur Björg Vilhjálmsdóttir, *heimspekinemi*

**3. sæti** Finnur Þ. Gunnþórsson, *aðstoðarforstöðumaður*

**4. sæti** Kristlind Viktoría Leifsdóttir Sörensen, *einkaþjálfari*

### Æ Björt framtíð



**1. sæti Guðlaug Kristjánsdóttir**, *sjúkraþjálfi og formaður BHM*

**2. sæti** Einar Birkir Einarsson, *framkvæmdastjóri*

**3. sæti** Borghildur Sturludóttir, *arkitekt*

**4. sæti** Pétur Óskarsson, *framkvæmdastjóri*


SAMSONITE DAGAR
22. - 26. maí
15%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
FERÐATÖSKUM
TILVALIN
ÚTSKRIFTAR-
GJÖF
20%
AFSLÁTTUR
AF SAMSONITE
SNYRTI- , TÖLVU OG
SPJALDTÖLVU-
TÖSKUM
Samsonite
Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð. Takmarkað magn er á vissum töskum.
www.a4.is / sími 580 0000
A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði
A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi
Sjá má afgreiðslutíma verslana A4 á www.a4.is
A4

# Tilboðs



MacBook Air 11"
**Verð frá: 109.990.-**

MacBook Air 13"
**Verð frá: 159.990.-**



iMac 21"
**Verð frá: 199.990.-**

iMac 27"
**Verð frá: 299.990.-**



MacBook pro 13" Retina
**Verð: 199.990.-**



Mac mini Server
**Verð: 169.990.-**

Mac mini
**Verð: 99.990.-**



iPad
**Verð: 29.990.-**

iPad 2
**Verð frá: 49.990.-**

iPad 3
**Verð frá: 49.990.-**

iPad 4
**Verð frá: 69.990.-**

iPad mini
**Verð frá: 39.990.-**

iPad Air
**Verð frá: 74.990.-**



iPhone 4
**Verð frá: 39.990.-**

iPhone 4s
**Verð: 49.990.-**

iPhone 5
**Verð frá: 64.990.-**



iPhone 5c
**Verð frá: 79.990.-**

iPhone 5s
**Verð frá: 99.990.-**

iPod touch
**Verð frá: 29.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
Tilboð gilda til 24. maí 2014.

# dagar 22-24 maí

## Nýjar og notaðar vörur á frábæru verði.

Magn og vöruúrval má finna á:
www.epli.is/tilbodsdagar

FRENDS HEYRNARTÓL
70%
AFSLÁTTUR

B&W Bowers & Wilkins
20%
AFSLÁTTUR

GoPro Be a HERO.
20%
AFSLÁTTUR
AF AUKAHLUTUM

GoPro Be a HERO.
Hero3+ Black Edition 74.990.-
Listaverð: 84.990.-
Hero 3 Silver Edition 39.990.-
Listaverð: 49.990.- / 1stk til.

iHealth
30%
AFSLÁTTUR

iHome
30%
AFSLÁTTUR

iLuv
30%
AFSLÁTTUR

Apple iPad
töskur/hlífar
40%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM

SKULL CANDY HEYRNARTÓL
25%
AFSLÁTTUR

KNOMO LONDON
30%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM

Ýmsar vörur
20% -50%
AFSLÁTTUR

Apple
rafhlöður
25%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM

## Yfir 300 vörunúmer á tilboðsdögum epli.is

Magn og vöruúrval má sjá á: **www.epli.is/tilbodsdagar**

ATH: tilboðsvörur eru aðeins í verslun epli.is á Laugavegi 182

epli.is
**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16 | Sími 512 1300

# SKOÐUN

Fjármálaráðherra vill meðeigendur í Landsvirkjun:

## Ágæt einkavæðing

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra velti því upp á ársfundi Landsvirkjunar í fyrradag hvort ríkið ætti að sækjast eftir meðeigendum í fyrirtækinu. „Í því sambandi mætti hugsa sér að Landsvirkjun gæti verið ákjósanleg eign fyrir lífeyrissjóði til lengri tíma í dreifðu eignasafni,“ sagði Bjarni.

Ekki stóð á viðbrögðunum. Einn af samráðherrum Bjarna, Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra, lýsti því yfir í gærmorgun að ekki kæmi til greina að einkavæða þannig hluta af Landsvirkjun. Fleiri framsóknarmenn hafa tekið undir með henni. Og auðvitað eru bloggarar farnir að saka Bjarna um að ætla að einkavæða orkulindirnar og þar fram eftir götunum.

Það eru hins vegar ýmsar ástæður fyrir því að þetta er ágæt hugmynd hjá fjármálaráðherranum, sem hann ætti að reyna að afla fylgis hjá samstarfsflokknum og víðar.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Í fyrsta lagi vantar lífeyrissjóðina sárlega vænlega fjárfestingarkosti, en möguleikar þeirra eru verulega takmarkaðir vegna gjaldeyrishaftanna. Sú staðreynd að ríkisstjórninni gengur hægt að koma með trúverðugt plan um aflétting haftanna eykur þrýstinginn á að hún geri sitt til að fjölga kostum sjóðanna. Áður en menn æpa sig hása um einkavæðingu í þágu vondra fjármagnseigenda mættu þeir hafa í huga að það er mikið hagsmunamál launþega í landinu, eigenda lífeyrissjóðanna, að þeir hafi aðgang að arðbærum fjárfestingarkostum til langs tíma.

Í öðru lagi var búið þannig um hnútana í breyttum orkulögum sem tóku gildi árið 2008, að orkulindirnar verða ekki einkavæddar. Sérstök fyrirtæki voru stofnuð utan um flutning og dreifingu raforku og kveðið á um að þau skuli ævinlega vera í meirihlutaeigu ríkis og sveitarfélaga. Sá hluti orkumarkaðarins sem veitir almenningi þjónustu verður því ekki einkavæddur.

Með lögunum var sömuleiðis girt fyrir að vatns- og jarðhitaréttindi í eigu opinberra aðila yrðu framseld beint eða óbeint með varanlegum hætti. Hins vegar er heimilt að leigja slík réttindi tímabundið og þá kemur auðlindagjald fyrir, þannig að almenningur fær tekjur af þessum eignum sínum, jafnvel þótt einkaaðili reki viðkomandi virkjun. Oft er eins og þessi lagarammi hafi farið fram hjá þeim sem ekki mega heyra minnzt á neinar breytingar á eignarhaldi fyrirtækja í orkuvinnslu. Hins vegar þarf auðvitað að útfæra fyrirkomulag og upphæð auðlindagjaldsins áður en lengra er haldið.

Í þriðja lagi má telja líklegt að sú skynsamlega stefna, sem mörkuð hefur verið undanfarin ár í stjórn Landsvirkjunar, að hafa langtímaarðsemi í fyrirrúmi, yrði betur tryggð með því að lífeyrissjóðirnir yrðu meðeigendur ríkisins í fyrirtækinu. Ríkið er nefnilega óþolinmóður eigandi, eins og kom í ljós á ársfundi Landsvirkjunar í fyrra, þegar iðnaðarráðherrann kvartaði undan því að ekki gengi nógu hratt að gera raforkusamninga við nýja stóriðju. Ef pólitíkusar ráða of miklu í Landsvirkjun er hætt við að þeir falli í þá freistni að bæði knýja fram virkjanaframkvæmdir, sem ekki eru nægilega arðbærar, og þrýsta á um orkusölusamninga á of lágu verði til að þjóna þeim skammtímahagsmunum sínum að geta bent á að svo og svo mörg störf hafi orðið til í nýrri stóriðju. Lífeyrissjóðirnir eru líklegir til að hafa fremur augun á arðseminni til langs tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU



Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hörmuleg staða

Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, er afar hugsi yfir hörmulegri stöðu Sjálfstæðisflokksins í borginni. Á Evrópuvaktinni segir hann að sumir telji ástæðuna fyrir döpru gengi þá að flokkurinn hafi ekki gert upp sinn þátt í hruninu. Aðrir telji að flokkurinn gangi ekki lengur í takt við þjóðina og enn aðrir að framboðslistinn í Reykjavík höfði ekki til fólks. Styrmir segir að ef gengi flokksins batni ekki í borginni muni hann tapa áhrifum sínum. Þetta sé því pólitískur vandi sem einskorðist ekki við Reykjavík. Það er sjálfsagt hárrétt hjá Styrmi. Hann nefnir hins vegar ekki að ákveðinn hópur sjálfstæðismanna telur að slakt gengi flokksins í Reykjavík stafi af afstöðu forystumanna Sjálfstæðisflokksins til ESB-slitatillögunnar. Þá má heldur ekki gleyma því að margir sjálfstæðismenn eru andsnúnir lögunum um lækkun höfuðstóls húsnæðislána og það gæti líka haft áhrif á stuðning við flokkinn.



### Stormur í vatnsglasi

Fréttir bárust af því í gær að ræða ætti stöðu Halldórs Halldórssonar sem oddvita sjálfstæðismanna í Reykjavík á fundi Varðar, fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í borginni. Flokkurinn hefur verið að mælast í sögulegum lægðum undanfarið og því kannski ekki skrítið að menn séu orðnir uggandi í Valhöll yfir mögulegri útkomu upp úr kjörkössunum eftir tíu daga. Lítið reyndist hæft í þessum sögusögnum, öðrum en þeim að einhverjir ósáttir sjálfstæðismenn hafi rætt það sín á milli að Halldór væri rót vanda flokksins í Reykjavík. Það væri þó vandkvæðum bundið að skipta út manninum í brúnni á þessum tímapunkti, þar sem það er lögum samkvæmt ómögulegt, nema ef um væri að ræða dauðsfall. Þeir eru væntanlega ekki svo ósáttir við oddvitann.



johanna@frettabladid.is
fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR





## Sáttin um þjóðarsjúkrahúsið

HEILBRIGÐISMÁL



**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**
þingkona Samfylkingarinnar og formaður velferðarnefndar

Vissir þú að árlega eru farnar yfir 9.000 ferðir með sjúklinga á milli starfsstöðva Landspítala í Fossvogi og við Hringbraut og 25.000 ferðir með rannsóknarsýni? Vissir þú að það eru fimm bráðavaktir á Landspítala og þrjár gjörgæsludeildir og að meira en helmingur bygginganna er reistur fyrir 1970 og aðeins 8 prósent bygginganna á síðustu 25 árum? Vissir þú að með nýjum byggingum Landspítala á Hringbrautinni er hægt að sameina meðferð sjúklinga og rannsóknir að mestu á einum stað? Þess vegna hefur Samfylkingin lagt mikla áherslu á endurnýjun og uppbyggingu á húsakosti Landspítalans. En við erum ekki ein um það eins og stofnun samtakanna „Spítalinn okkar“ sýnir. Í þeim starfar fjöldi fólks úr öllum áttum að því að Landspítali verði áfram hjarta heilbrigðiskerfisins með heilbrigðisþjónustu í fremstu röð.

Mikilvægustu rökin fyrir uppbyggingu sjúkrahússins eru aukið öryggi sjúklinga, bættar aðstæður starfsfólks og rekstrarhagræði. Á næstu árum mun álagið á sjúkrahúsið aukast vegna 50 prósenta fjölgunar fólks yfir 60 ára aldri. Yfir helmingur legudeilda er undir viðmiðunarstærðum, einbýli eru of fá og salerni of fá og lítil. Sýkingavarnir eru því ófullnægjandi. Ef við viljum áfram tryggja að sjúkrahúsið hafi heilbrigðisstarfsfólk í fremstu röð þurfum við að tryggja gott starfsumhverfi, góðan tækjabúnað og möguleika til starfsþróunar. Með starfsemi á einum stað dregur úr rekstrarkostnaði og hægt verður að sameina vaktir og nýta sérhæfða þekkingu betur.

Verkefnið um öflugt þjóðarsjúkrahús þarfnast pólitískrar samstöðu. Frumhönnunarvinna er langt komin og deiliskipulag hefur verið samþykkt við Hringbraut. Með ríkisstjórnarskiptunum vorið 2013 skapaðist óvissa um framtíð þessara áætlana, enda ekki ljóst hvort áfram ætti að vinna á sömu braut.

Við í Samfylkingunni fögnum því samhljóða samþykkt þingályktunar Alþingis um tillögu Kristjáns Möller og þingmanna úr flestum flokkum. Nú er stefnan skýr. Alþingi hefur falið „ríkisstjórninni að ljúka eins fljótt og verða má undirbúningi á endurnýjun og uppbyggingu Landspítala við Hringbraut í Reykjavík og hefja framkvæmdir þegar fjármögnun hefur verið tryggð“.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Neytendastofa gegn neytendum

NEYTENDUR



**Baldur Björnsson**
frkvst. Múrbúðarinnar

Þegar opinberar stofnanir geta ekki sinnt hlutverki sínu sem skyldi, þá er það yfirleitt vegna fjársveltis. En þegar kemur að Neytendastofu virðist fjárveitingin ekki vandamálið, heldur átakanleg vangeta blönduð hræðslu við álit lögmanna hjá „fínum“ lögfræðistofum.

Múrbúðin hefur nokkrum sinnum leitað atbeina Neytendastofu til að tryggja hagsmuni neytenda. Afgreiðsla Neytendastofu hefur undantekningalítið gengið í þveröfuga átt.

**Plast verður að timbri**

Múrbúðin taldi til dæmis að það væri slæm þróun fyrir eigendur fasteigna og gólfefnaverslanir þegar verslun ein fór að auglýsa plastparkett sem harðparkett, án þess að segja í leiðinni að um plastparkett væri að ræða. Parkett er jú gert úr viði og á þessum gólfefnum er verulegur verð- og gæðamunur. En Neytendastofa taldi að þetta væri í fínu lagi og byggði það á áliti íslenskufræðings og lögmannsstofu viðkomandi verslunar. Neytendastofa spurði ekki þá sem raunverulega til þekkja, svo sem fasteignasala eða kaupmenn sem selja parkett og plastparkett.

Þrátt fyrir mótmæli Múrbúðarinnar stendur því sú ákvörðun Neytendastofu að það megi auglýsa plastparkett undir heitinu harðparkett, alveg eins og um parkett væri að ræða. Plast er viður samkvæmt úrskurði Neytendastofu.

Þessi niðurstaða lýsir yfirþyrmandi þekkingarleysi Neytendastofu á einföldustu verslunarháttum og undirlægjuhætti gagnvart lögfræðistofum með fín lógó.

**Það er erfitt að skilja steypu**

Múrbúðin kvartaði til Neytendastofu undan fullyrðingum keppinautar um að steypuflotefni hans væri drýgra en annað flotefni. Því þyrftu viðskiptavinir að kaupa minna magn. Þetta var sambærilegt við fullyrðingu um að úr eins og hálfs lítra gosflösku kæmu tveir lítrar. Um mikla hagsmuni var að ræða, enda eru hundruð tonna af steypuflotefni seld á hverju ári.

**➜ Þessi niðurstaða lýsir yfirþyrmandi þekkingarleysi Neytendastofu á einföldustu verslunarháttum og undirlægjuhætti …**

Nákvæm mæling hjá verkfræðistofunni Mannviti sýndi að steypuflotefnið frá keppinautnum var ekkert drýgra en annað flotefni. Þar sem keppinauturinn er sérfræðingur í steypuefnum, þá átti hann að vita betur. Neytendastofa taldi hins vegar ekki tiltökumál þó að það skeikaði um 6-30% í fullyrðingum um drýgni efnisins.

Þessi sama Neytendastofa tekur að sér að votta að íslenskar framleiðsluvörur innihaldi það rúmmál sem fullyrt er á umbúðunum. Vonandi – fyrir neytendur – er gerð meiri krafa um nákvæmni í þeim mælingum en þegar kemur að steypufloti. Vonandi vottar Neytendastofa ekki að það séu tveir lítrar í eins og hálfs lítra flösku.

**Innkaup breytast í verktöku**

Enn bættist svo á vanþekkingarlistann hjá Neytendastofu þegar hún ákvað að vísa frekari umfjöllun um steypuflotið frá, þar sem um væri að ræða viðskipti við verktaka – og slík mál heyrðu ekki undir stofnunina. Þvílík steypa! Þó svo að verktakar kaupi steypuflot, þá flokkast þau viðskipti ekki undir verktöku, ekkert fremur en þegar verktakinn kemur í Múrbúðina til að kaupa krossvið.

Hvað er eiginlega til ráða fyrir neytendur þegar sú stofnun sem á að gæta hagsmuna þeirra ræður ekki við einföldustu verkefni?

# Byrjað að stela?

LANDSVIRKJUN



**Ögmundur Jónasson**
alþingismaður

Það sem ég hef óttast mest af hálfu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er að hún steli af þjóðinni eignum hennar. Sporin hræða. Skyldu menn almennt gera sér grein fyrir því að þrátt fyrir allt bölmóðstalið á sínum tíma, báru ríkisbankarnir sig alla tíð bærilega og voru fullkomlega sjálfbærir. Í byrjun tíunda áratugarins kom að vísu tímabundið framlag úr ríkissjóði til Landsbankans, en það var að fullu greitt til baka. Óþarfi er að fjölyrða um hvað einkavæddir bankarnir kostuðu síðan þjóðina. Menn stigu einkavæðingar- og söluskrefin ætíð lævíslega. Þannig átti aðeins að hlutafélagavæða Landsímann á sínum tíma – „alls ekki selja“.

Sömu sögu er að segja af sölu bankanna. Nú er Landsbankinn aftur kominn í eigu ríkissjóðs og byrjaður að pumpa milljarðatugum inn í sameiginlega sjóði landsmanna í formi arðs. Þá vitum við að þess er skammt að bíða að reynt verður að hafa þessa eign af okkur. Sanniði til! Reyndar er það orðið mest aðkallandi verkefni samtímans að umturna fjármálakerfinu – þar með talið Landsbankanum – þannig að það vinni í þágu almennings en ekki gegn.

**Rangir hagsmunir**

Og auðvitað mun verða að verða við kröfu gráðugra fjárfesta sem vilja eignast Landsvirkjun. Samkvæmt rannsókn fjárfesta á fýsileika þess að leggja raforkukapal til Evrópu gæti hann gefið Landsvirkjun fjörutíu milljarða í arð á ári, það er að segja ef við yrðum nógu dugleg að eyðileggja náttúruperlur okkar fyrir orkusölu til soltins Evrópumarkaðs. Fjárfestingin yrði að vísu fimm hundruð milljarðar – en það myndu langtímafjárfestar ekki setja fyrir sig.

**➜ Arður Íslendinga af Landsvirkjun á að liggja í lágu orkuverði. Með sölu Landsvirkjunar yrðu múraðir inn rangir hagsmunir.**

Og auðvitað verður þetta svona nema almenningur stoppi stjórnvöld. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra er nú búinn að lýsa því yfir að hann vilji selja Landsvirkjun. Bara pínulítið – og til góðra fjárfesta – lífeyrissjóðanna. Allt samkvæmt gömlu formúlunni að fara hægt að þjóðinni. Og lífeyrissjóðirnir, skyldu þeir vera reiðubúnir að láta hafa sig í skítverkið? Vonandi ekki sá sem ég greiði til.

Reynslan erlendis af fjárfestingum lífeyrissjóða í stoðkerfum samfélagsins er alla vega. Eitt er þó sammerkt með þeim. Enginn munur er á lífeyrissjóðum sem fjárfestum og öðrum að því leyti að þeir vilja hámarksarð af eign sinni ekki síður en aðrir og eru reiðubúnir að selja og braska ekkert síður en aðrir. Arður Íslendinga af Landsvirkjun á að liggja í lágu orkuverði. Með sölu Landsvirkjunar yrðu múraðir inn rangir hagsmunir; hagsmunir sem lægju í því að virkja sem mest og selja orkuna sem hæst.


Afsláttur: 800.000

**Audi A4** Avant 2.0 TDI
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 46.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.790.000
KJARAKAUP: 3.990.000




Afsláttur: 800.000




**VW Passat** Highline EcoFuel
Árgerð 2011, bensín/metan
Ekinn 55.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.390.000
KJARAKAUP: 3.590.000

Afsláttur: 600.000




**Skoda Superb** Combi Tdi 170 hö Árgerð 2011, dísil
Ekinn 138.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.890.000
KJARAKAUP: 3.290.000

Afsláttur: 600.000




**MMC Pajero** 3,2 GLS
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 167.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.990.000
KJARAKAUP: 2.390.000

# KJARAKAUP

Úrval notaðra bíla á **einstöku** verði í **takmarkaðan tíma**

HEKLA býður í stuttan tíma einstök kjör á völdum notuðum bílum á meðan birgðir endast. Fyrstir koma, fyrstir fá. Bílarnir eru til sýnis hjá HEKLU, Laugavegi 170-174 eða umboðsmönnum HEKLU á landsbyggðinni. Kjarakaup HEKLU gera þér kleift að eignast gæðabíl á einstöku verði.

Afsláttur: 300.000




**Honda Jazz**
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 53.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 1.950.000
KJARAKAUP: 1.650.000

Afsláttur: 400.000




**Skoda Superb** 1.8T
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 150.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.690.000
KJARAKAUP: 1.290.000

Afsláttur: 400.000




**Toyota Auris** 1400 Sol MM
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 103.000 km, mm-skipting
Ásett verð: 2.150.000
KJARAKAUP: 1.750.000

Afsláttur: 400.000




**Toyota Corolla** 1600 Sol
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 142.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 1.690.000
KJARAKAUP: 1.290.000

Afsláttur: 400.000




**Hyundai I30** Classic
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 89.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 1.650.000
KJARAKAUP: 1.250.000

Afsláttur: 800.000




**Volvo V70**
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 288.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.790.000
KJARAKAUP: 1.990.000

Kíkið inn á:
heklanotadirbilar.is

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

# Frjáls för á Norðurlöndum í sextíu ár

ATVINNA

**Elisabeth Svantesson,**
Svíþjóð
**Robert Eriksson,**
Noregi
**Lauri Ihalainen,**
Finnlandi
**Mette Frederiksen,**
Danmörku
**Eygló Harðardóttir,**
Íslandi
**norrænu vinnumálaráðherrarnir**

Í dag eru sextíu ár liðin frá undirritun samnings um sameiginlegan norrænan vinnumarkað. Með samningnum var lagður grunnur að einum samhæfðasta svæðisbundna vinnumarkaði í heimi. Frjáls för innan svæðisins hefur gert þúsundum Norðurlandabúa kleift að setjast að í öðru landi og jafnframt stuðlað að hagvexti og verið fyrirmynd annars samstarfs. Við höfum því ærið tilefni til að vera stolt og halda upp á þessi tímamót.

Undirbúningur að sameiginlegum vinnumarkaði á Norðurlöndum hófst strax eftir lok seinni heimsstyrjaldar. Uppbygging í kjölfar stríðsins leiddi til langvarandi og öflugs hagvaxtar og í sumum tilvikum varð eftirspurn eftir vinnuafli miklu meiri en framboðið heima fyrir. Til að byrja með voru það aðallega Svíar og Danir sem höfðu forgöngu um að koma á fót sameiginlegum vinnumarkaði. Norðmenn og Finnar voru varfærnari þar sem þeir höfðu áhyggjur af að skortur yrði á vinnuafli innanlands. Þegar náðst hafði samkomulag um sérstakt ákvæði um að full atvinna skyldi vera í hverju landi fyrir sig, gátu Norðmenn, Svíar, Danir og Finnar að lokum undirritað samninginn þann 22. maí 1954. Árið 1982 gerðust Íslendingar einnig aðilar að samstarfinu.

Þessi samningur markaði upphafið að frjálsri för yfir landamæri – sem enn er í fullu gildi. Meginhvatinn að baki búferlaflutningum og ferðalögum til að sækja vinnu yfir landamæri hafa verið atvinnutækifæri en launamunur hefur einnig haft áhrif á mynstur fólksflutninga. Í upphafi var Svíþjóð helsti áfangastaður Norðurlandabúa í atvinnuleit, ekki síst frá Finnlandi. Í dag er mynstrið gerbreytt. Margir Svíar flytja til Noregs sem nú tekur við flestum norrænum innflytjendum og Danmörk næstflestum. Undanfarin ár hafa rúmlega 50.000 Norðurlandabúar flust til annars norræns lands á ári hverju. Stór hluti þeirra sem fara yfir landamæri í dag er einnig fólk sem sækir vinnu í nágrannalandi. Á hverju ári sækja allt að 70.000 einstaklingar vinnu í öðru norrænu landi en þeir búa í.

**➜ Afnám hafta á norrænum vinnumarkaði hefur haft mikið að segja fyrir efnahagsþróunina.**

### Samstarfið þróað áfram

Afnám hafta á norrænum vinnumarkaði hefur haft mikið að segja fyrir efnahagsþróunina. Á tímum mikillar eftirspurnar eftir vinnuafli hefur verið hægt að komast hjá flöskuhálsum á vinnumarkaði vegna þess að nokkur hluti vinnuafls á Norðurlöndum hefur verið hreyfanlegur. Það hefur ekki síður skipt miklu fyrir alla þá einstaklinga sem hafa getað fundið sér starf og skapað sér nýja tilveru í öðru landi.

Þótt nú sé hvorki lengur þörf á atvinnuleyfi né vegabréfi er áfram unnið að því að ryðja brott hindrunum og auðvelda frjálsa för á norrænum vinnumarkaði. Í áranna rás hafa verið gerðir fleiri samningar um sameiginlegan vinnumarkað fyrir einstakar starfsgreinar auk norræns sáttmála um vinnuvernd.

Aðild Dana, Finna og Svía að ESB og þátttaka Íslendinga og Norðmanna í ESB/EES-samstarfinu hafa sett mark sitt á norrænt vinnumarkaðssamstarf undanfarin 20 ár. Breytingar á reglum ESB hafa rutt úr vegi ákveðnum stjórnsýsluhindrunum á norrænum vinnumarkaði. Evrópusamvinnan hefur þó um leið þrengt möguleika Norðurlandanna til að gera sérstaka samninga sín á milli á borð við þá sem gerðir voru fyrir 60 árum.

Áframhaldandi starf að því að fyrirbyggja og eyða stjórnsýsluhindrunum er forgangsmál í norrænu samstarfi. Mörg sameiginleg úrlausnarefni blasa við, t.d. hækkandi meðalaldur íbúanna, aukin alþjóðleg samkeppni og nauðsyn þess að aðstoða ungt fólk við að komast inn á vinnumarkaðinn. Ein leið til að mæta þessum áskorunum er að greiða fyrir frjálsri för milli landanna og stuðla þannig að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli.

Samstarfið okkar hefur reynst vel. Þess vegna ætlum við að halda áfram að standa um það vörð og þróa það áfram til að auðvelda komandi kynslóðum að búa og starfa í öðru norrænu landi.




# Snúast kosningar til sveitarstjórna um alvörumál?

HEILBRIGÐISMÁL



**Dr. Eydís K. Sveinbjarnardóttir**
deildarstjóri og geðhjúkrunarfræðingur



**Gunnlaug Thorlacius**
verkefnastjóri og félagsráðgjafi

Eitt af lögbundnum hlutverkum sveitarfélaga er að sjá til þess að geðfatlaðir fái viðeigandi búsetuúrræði. Það var sett í löggjöf árið 1992 en reyndi lítið á fyrr en upp úr aldamótum. Við stefnumótun og endurskoðun í rekstri geðdeilda var ákveðið að loka stofnanavæddum geðdeildum og taka upp gagnreynda stefnu annarra landa varðandi samfélagsgeðlækningar. Geðfatlaðir skyldu eiga heima í samfélaginu og njóta þjónustu geðdeilda þegar þeir þyrftu á spítalaþjónustu að halda.

Átak var gert í búsetumálum geðfatlaðra á árunum 2006-2010. Það verkefni var kallað Straumhvarfaverkefni og miðaði að því að finna geðfötluðum viðeigandi búsetuúrræði í samfélaginu. Í Reykjavík var vettvangsgeðteymi stofnað, sem er samvinnuverkefni Geðsviðs Landspítala og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Teymið hefur það að markmiði að auka samfellu í þjónustu, lífsgæði og færni til daglegs lífs hjá geðfötluðum sem eiga sitt heimili í búsetukjörnum á vegum borgarinnar.

Faraldsfræðilegar rannsóknir hafa sýnt að nýgengi þeirra geðfatlaðra sem þurfa búsetu til dæmis í Reykjavík sé um það bil átta manns á ári. Nú er svo komið að ekki hefur bæst við nýtt sértækt búsetuúrræði fyrir geðfatlaða frá árinu 2010. Í dag teppa 19 einstaklingar pláss á Geðsviði Landspítala vegna skorts á viðunandi búsetuúrræðum. Reykvíkingar eru í miklum meirihluta í þeim hópi og er líklegasta skýringin sú að þar búa flestir landsmenn.

Í nýlegri rannsókn á högum fatlaðs fólks kemur fram að hlutfall öryrkja er hæst í Reykjavík. Rannsóknin leiddi jafnframt í ljós að flestir sem ákváðu búsetu eftir þjónustu kjósa að búa í höfuðborginni. Reykjavíkurborg hefur staðið sig einna best af sveitarfélögum landsins við að búa til úrræði og þjónustu þennan hóp en betur má ef duga skal.

### Batinn í hættu

Af þessum 19 einstaklingum hafa 13 beðið í sex mánuði eða lengur eftir að geðendurhæfingu er lokið. Þetta fólk er tilbúið til útskriftar en er fast á geðdeildum vegna skorts á viðeigandi úrræðum. Þessi staða er óviðunandi og verður þess oft valdandi að markmið endurhæfingar og sá bati sem fólk hefur náð er í hættu. Þess má geta að kostnaður samfélagsins við hvern sjúkling sem liggur á geðdeild er varlega áætlaður um 100.000 krónur á sólarhring. Sértæk búsetuúrræði eru því án efa hagkvæmari kostur fyrir samfélagið, auk þess sem þau fela í sér aukin lífsgæði fyrir þá sem glíma við geðsjúkdóma. Í ljósi þessa er mikilvægt að hafa í huga að heildarfjöldi þeirra legurýma sem endurhæfingardeildir hafa yfir að ráða eru um 40 og því óhætt að segja að tæplega helmingur þeirra sé tepptur.

Velferðarráð Reykjavíkurborgar ætlaði að leysa búsetumálin á sl. árum með því að fela Félagsbústöðum að kaupa 32 einstaklingsíbúðir fyrir geðfatlaða 2012-2014 sem áttu að vera í nágrenni við búsetukjarna fyrir geðfatlaða. Það má segja að velferðarráð hafi verið að bjarga sér fyrir horn. Staðan núna á árinu 2014 er að 12 íbúðir af þessum 32 hafa verið keyptar og ekkert fjármagn verið eyrnamerkt til að þjónusta þá einstaklinga sem þar munu búa.

Þjónusta sveitarfélaganna er afar misjöfn og framboð af félagslegu leiguhúsnæði og sértækum búsetuúrræðum er ekki sambærilegt milli sveitarfélaga. Það er óásættanleg staða fyrir geðfatlaða að bíða á geðdeildum eftir að hafa lokið geðendurhæfingu. Þessi staða má þó ekki verða til þess að snúið verði til baka í að útbúa stofnanir fyrir geðfatlaða og missa sýn á þeirri eðlilegu kröfu að geðfatlaðir eigi heimili í samfélaginu.

Að okkar mati er um alvörumál að ræða. Við höfum þó ekki heyrt í neinu framboði til sveitarstjórna sem leggur metnað sinn í þennan málaflokk. Við ætlum að kjósa með geðfötluðum!

# Engin vinna fyrir 8. bekk

ATVINNA



**Marta Guðjónsdóttir**
varaborgarfulltrúi, í 6. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins

Sumarið er komið og brátt styttist í síðasta dag grunnskólastarfs. Líkt og fyrri sumur munu fjórtán ára unglingar á nær öllu höfuðborgarsvæðinu hefja sinn starfsferil þegar þeir mæta til vinnu hjá vinnuskóla síns sveitarfélags. Í einu sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavík, þurfa þessir ungu krakkar hins vegar að sætta sig við að sitja heima, nú eða a.m.k. gera eitthvað annað en að vinna. Ástæða þess er sú að Samfylkingin og Besti flokkurinn/Björt framtíð ákváðu árið árið 2011 að veita ekki 8. bekkingum grunnskólans sumarvinnu. Afstaða þessara flokka hefur lítið breyst því í marsmánuði sl. felldu þeir svo tillögu okkar sjálfstæðismanna í borgarstjórn um að veita þessum aldurshópi sumarstörf á ný hjá Vinnuskólanum.

Í bókun meirihluta Samfylkingarinnar og Besta flokksins/Bjartrar framtíðar í borgarstjórn Reykjavíkur er því borið við að ekki séu til peningar til þess að veita þessum krökkum vinnu. Þá finnst borgarstjórnarmeirihlutanum að atvinnuskópun fyrir 17 ára unglinga eigi að njóta forgangs. Þessi rök meirihlutans halda þó vart vatni enda fylgir því lítill kostnaður að veita bæði 14 og 17 ára unglingum sumarvinnu. Þá hefur þessi sami meirihluti hiklaust hent umtalsvert hærri fjárhæðum í alls konar gæluverkefni eins og fuglahús og fána á Hofsvallagötu og breytingar á Borgartúninu.

**➜ Þessi rök meirihlutans halda þó vart vatni …**

Það er synd að Samfylkingin og Besti flokkurinn/Björt framtíð skuli ekki sjá sér fært að veita unglingum borgarinnar, þeim einstaklingum sem munu móta framtíð Reykjavíkur, sömu tækifæri og jafnaldrar þeirra í nágrannasveitarfélögum njóta.

# Að brúa bilið – séreignarsparnaður til húsnæðiskaupa

FJÁRMÁL



**Ólafur Páll Gunnarsson**
verkefnastjóri lífeyrissparnaðar hjá Landsbankanum

Kaup á íbúðarhúsnæði er ein stærsta ákvörðun sem fólk tekur á lífsleiðinni. Í augum margra, sérstaklega af yngri kynslóðinni, eru fasteignakaup orðin óyfirstíganlegt verkefni, enda húsnæðisverð hátt í samanburði við kaupmátt. Mikilvægt er því að sýna fyrirhyggju og velta fyrir sér öllum þeim kostum sem bjóðast.

Alþingi samþykkti nýverið lagafrumvörp í tengslum við aðgerðir stjórnvalda til lækkunar húsnæðislána og eflingar húsnæðissparnaðar. Fyrir marga duga þessi nýju úrræði (1.500.000 kr. fyrir einstaklinga og 2.250.000 kr. fyrir hjón eða sambúðarfólk) um nýtingu séreignasparnaðar til húsnæðiskaupa ef til vill skammt. Séreignarsparnaðurinn verður aldrei annað en hluti þeirrar fjárhæðar sem safna þarf í útborgun fyrstu íbúðar og því er nauðsynlegt að huga að öðrum sparnaði samhliða.

### Til húsnæðiskaupa

Samkvæmt hinum nýsamþykktum lögum verður fólki heimil skattfrjáls úttekt á séreignarsparnaði sem myndast á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017, og heimilt verður að nýta hann til húsnæðiskaupa. Skilyrði er að inneign verði nýtt til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota og að rétthafi sé ekki eigandi íbúðarhúsnæðis þegar heimildin er nýtt. Samkvæmt lögunum takmarkast heimildin við 1.500.000 kr. á hvern einstakling en 2.250.000 kr. fyrir hjón og sambúðarfólk sem uppfyllir skilyrði samsköttunar. Heimildin gildir í fimm ár eða til 30. júní 2019.

### Séreignarsparnaður inn á lán

Heimildin til að nýta séreignarsparnað til greiðslu inn á lán takmarkast við iðgjöld frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2017. Samkvæmt lögunum má einstaklingur mest greiða 500.000 kr. á almanaksári, eða samtals 1.500.000 kr. en hjón og sambúðarfólk sem uppfylla skilyrði til samsköttunar geta greitt 750.000 kr. á almanaksári, eða 2.250.000 kr. á þriggja ára tímabili. Hjón og sambúðarfólk geta skipt framlaginu sín á milli.

### Samspil úrræða

Hægt verður að nýta bæði úrræðin á þessum þremur árum, það er mögulegt verður að safna fyrir útborgun í tvö ár og greiða svo inn á húsnæðislán í eitt ár eða greiða inn á lán í eitt ár, selja fasteignina og nýta það sem safnast í tvö ár til útborgunar í nýtt húsnæði síðar, en þó ekki eftir 30. júní 2019.

Eins og áður segir eru kaup á íbúðarhúsnæði ein stærsta ákvörðun sem fólk tekur. Með því að nýta úrræði um húsnæðissparnað og hefja reglulegan sparnað samhliða séreignarsparnaði getur leiðin að settu marki orðið mun auðsóttari en ella. Tækifæri kunna að skapast til húsnæðiskaupa sem byðust annars ekki. Með forsjálni, skipulagningu og viðbótarframlagi verður draumurinn um eigið húsnæði ef til vill ekki svo fjarlægur eftir allt saman.

15.–26. maí 2014

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

# LOKADAGAR!




# ALLRA SÍÐUSTU FORVÖÐ!

## *MISSTU EKKI AF ÞESSU FRÁBÆRA TÆKIFÆRI AÐ VERSLA GÆÐI Á GÓÐU VERÐI*

# AEG TILBOÐSDAGAR

- AEG Um 800 AEG tæki í eldhús og þvottahús Íslendinga.
- AEG Tilboð á AEG þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum – á völdum módelum.
- AEG Úrval AEG kæliskápa og frystiskápa – lítið við og skoðið.
- AEG AEG smá raftæki og AEG ryksugur – 25% afsláttur.

Sölumenn okkar eru í samningsstuði. Þið komið og ræðið við sölufólkið okkar, sem er í góðu skapi eins og alltaf, og sérstaklega fúst til að láta þig njóta besta verðs, bestu greiðsluskilmála, jafnvel vaxtalaust. Þú færð nútíma AEG tæki og hagnast á samningsstuðinu.

*AEG hjá ORMSSON síðan 1927*

ORMSSON

Opið virka daga kl.10-18
og laugardaga kl.11-15

**LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR · BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

KVIKA



✝

Ástkær móðir okkar,

**ÁSGERÐUR ESTER BÚADÓTTIR**
**listvefari,**

sem lést mánudaginn 19. maí á Hrafnistu, Kópavogi, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 26. maí klukkan 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Baldvin Björnsson**
**Björn Þrándur Björnsson**
**Þórunn Björnsdóttir Bacon**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls föður okkar,

**BJÖRNS EYSTEINSSONAR**
**Hjallabraut 25, Hafnarfirði.**

Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun.

**Erna Björnsdóttir**
**Eysteinn Björnsson**
**Hanna Ragnheiður Björnsdóttir**

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**JÓHANNESAR BALDVINSSONAR**
**(JÓA BALD)**
**Brekkugötu 38, Akureyri.**

**Hulda Ellertsdóttir**
**Jónína Freydís Jóhannesdóttir**
**Anna Hafdís Jóhannesdóttir**
**Agnes Bryndís Jóhannesdóttir**
**Jórunn Eydís Jóhannesdóttir**
**Hanna Vigdís Jóhannesdóttir**
**Ingvi Þór Björnsson**
**Óskar A. Óskarsson**
**Reimar Helgason**
**Páll Viðar Gíslason**
**Barði Westin**
**afa- og langafabörn.**

---



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför

**JÓNS HERMANNSSONAR**
**frá Borgarnesi,**
**Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Eirhamra fyrir umhyggju og hlýju í hans garð, einnig kveðjur og þakkir til íbúa þar.

**Indriði Albertsson** **Helga Sveinbjörnsdóttir**
**Helga Indriðadóttir**
**Margrét Kristín Indriðadóttir**
**Sveinbjörn Indriðason**
**Magnús Indriðason**
**og fjölskyldur þeirra.**

---






---



**TARNÚS JR.** „Jón Gnarr borgarstjóri sagði efni Sperðils tvímælalaust snúast um réttindamál samkynhneigðra," segir Grétar Magnús. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sperðill þýðir vandræði

**Grétar Magnús Grétarsson, tónlistarmaður og nemi við Kvikmyndaskóla Íslands, tók nýlega við styrk frá Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar úr hendi Jóns Gnarr borgarstjóra fyrir kvikmynd sína Sperðil. Myndin var frumsýnd í Bíói Paradís.**

Kvikmyndin Sperðill snýst um tvo samkynhneigða karlmenn, barneignir og ættleiðingar, að sögn höfundar hennar, Grétars Magnúsar Grétarssonar tónlistarmanns sem reyndar kallar sig Tarnús jr.

Grétar Magnús lærir leikstjórn og framleiðslu við Kvikmyndaskóla Íslands og var að ljúka þriðju önn við skólann. Mynd hans Sperðill var frumsýnd í Bíó Paradísi í vikunni og nýlega tók hann við styrk frá Mannréttindaráði borgarinnar vegna gerðar hennar. „Jón Gnarr borgarstjóri veitti verðlaun og styrki í Höfða og sagði efni myndarinnar tvímælalaust snúast um réttindamál samkynhneigðra. Ég ætla að senda hana á kvikmyndahátíðir, einkum gay-hátíðir."

Sperðill er leikin mynd, rúmar 16 mínútur að lengd. Skyldi Grétar Magnús hafa haft sérstakar persónur í huga þegar hann skrifaði handritið? „Nei, sagan varð til í handritstíma í skólanum en þróaðist út í meiri alvöru."

En af hverju heitir myndin Sperðill? „Sperðill getur þýtt vandræði og það er mín túlkun. Elsta varðveitta leikrit sem samið var á íslensku heitir Sperðill, það er frá síðari hluta 18. aldar og er eftir séra Snorra Björnsson á Húsafelli. Þar fékk ég hugmyndina."

Nú á Grétar Magnús eina önn eftir við Kvikmyndaskólann. Þá mun hann gera enn stærri mynd. Skyldi hann vera byrjaður að undirbúa hana? „Ég er kominn með ýmsar hugmyndir en á eftir að móta þær og hef sumarið til að pæla í þeim. Ég þarf verð að skrifa og vinna í allt sumar."

Grétar Magnús hefur gefið út tvær hljómplötur. Hann syngur, semur og heldur tónleika og þá undir nafninu Tarnús jr. Kveðst hafa tekið það eftir föður sínum, Grétari Magnúsi Guðmundssyni, listmálara í Hafnarfirði, sem notar Tarnús sem listamannsnafn. „Tarnús er búið til úr þremur síðustu stöfunum í nöfnunum okkar. Pabbi bjó það til en þar sem ég heiti sömu nöfnum bæti ég bara jr. aftan við," segir þessi ungi listamaður.

Hann bendir á að sýningar á útskriftarverkefnum nemenda Kvikmyndaskólans séu í Bíói Paradís þessa viku og séu opnar almenningi.


gun@frettabladid.is


---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ÞÓRHILDUR SKARPHÉÐINSDÓTTIR**
**Kjalarsíðu 16c, Akureyri,**

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 23. maí nk. kl. 13.30.

**Jónína Pálsdóttir**
**Rósa Pálsdóttir** **Arnór Þorgeirsson**
**og ömmubörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdasonur,

**MAGNÚS GEIR PÁLSSON**
**Miðhúsum 16, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 19. maí. Útför hans verður gerð frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 28. maí kl. 13.00.

**Áslaug Sif Gunnarsdóttir**
**Bára Sif Magnúsdóttir**
**Gunnar Þór Magnússon**
**Gunnar Sveinsson** **Bára Þorvaldsdóttir**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, afi og bróðir,

**ÓMAR JÓNASSON**
**húsasmiður,**
**Engihjalla 11, Kópavogi,**

lést 16. maí á LSH, deild 11G. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 26. maí kl. 13.00.

**Kristín Björgvinsdóttir**
**Úrsúla Guðmundsson**
**Guðmar Ómarsson** **Andrea Anna Guðjónsdóttir**
**Karen Ómarsdóttir**
**Ómar Ómarsson**
**Alexandra Eir Davíðsdóttir** **Viktor Sveinsson**
**Kristín Birta Davíðsdóttir**
**Sigríður Ása Guðmarsdóttir**
**og systkini hans látna.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSA JÓNSDÓTTIR**
**Múlasíðu 38, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 17. maí sl. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjúkrahúsið á Akureyri eða Hjartavernd.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Örlygur Ingólfsson**
**Gretar Örlygsson** **Svandís Þóroddsdóttir**
**Jóhann Örlygsson** **Elva Björg Vigfúsdóttir**
**Örlygur Már Örlygsson**
**Bryndís Örlygsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HILMAR ÁGÚSTSSON**
**fv. útgerðarmaður,**
**Herðubreið, Raufarhöfn,**

sem andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þ. 14. maí sl. verður jarðsunginn frá Raufarhafnarkirkju laugardaginn 24. maí kl. 14.00.

**Þóra Jones** **Axel Alan Jones**
**Kristbjörg Hilmarsdóttir** **Ingólfur Sveinsson**
**Valgeir Hilmarsson** **Elín Högnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÁLMI EYÞÓRSSON**
**Valhúsabraut 15, Seltjarnarnesi,**

sem lést á líknardeild Landspítalans þann 13. maí sl., verður jarðsunginn frá Garðakirkju föstudaginn 23 maí kl. 13.00.

**Elín Þorvaldsdóttir**
**Guðlaugur Pálmason** **Annaly Pastolero**
**Ómar Þorleifsson** **Dagbjört Einarsdóttir**
**Sigvaldi Hólmgeirsson** **Thi Huong Bui**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## SNIGLABANDIÐ OG VOCAL PROJECT

**Sniglabandið og Vocal Project verða með tónleika í Gamla bíói annað kvöld kl. 20. Boðið verður upp á einlæga ættjarðarrómantík yfir í glórulaust gítarhetjurokk og popplög úr ýmsum áttum. Sniglabandið ljær tónleikunum ferskan blæ með skemmtilegum uppátækjum. Nýjar útsetningar eru eftir Karl Olgeirsson og fleiri.**








### BEETROOT-HYLKI

Eykur blóðflæði og hefur mjög góð áhrif á orku, úthald og snerpu íþróttafólks.






# OFURFÆÐA Í HYLKJUM

**GENGUR VEL KYNNIR** *100% náttúrulegt rauðrófu-extrakt fyrir alla sem vilja viðhalda góðri heilsu. Rauðrófan eykur blóðflæðið og stuðlar að betri líðan og betri heilsu.*

Rauðrófan telst til ofurfæðis og er mjög rík af andoxunarefnum. Rauðrófan eykur framleiðslu á nituroxíði. Almennt séð framleiðir líkaminn nóg af þessu efni ef við hreyfum okkur reglulega og borðum holla og fjölbreytta fæðu. Með aldrinum, auknu álagi, minni hreyfingu og lélegu mataræði minnka birgðir efnisins í líkamanum. Til að viðhalda góðri heilsu, orku og úthaldi getur reynst nauðsynlegt að taka inn rauðrófuhylkin til þess að auka framleiðslu þessa efnis. Nituroxíð bætir blóðflæðið og hefur þannig jákvæð áhrif á blóðþrýsting, kólesteról, hjarta og æðakerfi líkamans, þvagblöðru, ristil, nýru og lifur. Aukið blóðflæði bætir ris hjá karlmönnum og virkar vel sem náttúruleg kynörvun fyrir bæði kynin. Nituroxíð hefur einnig góð áhrif á stjórnun vöðva, taugakerfi, heila, skapferli, varnir gegn bólgum og sýkingum og boðefnaflutning heilafrumna.




**VIÐ MÆLUM MEÐ RAUÐRÓFUHYLKJUM FYRIR:**

- Allt íþróttafólk sem vill ná betri árangri og auka orku, úthald og snerpu.
- Alla þá sem eru að glíma við blóðþrýstingsvandamál, of hátt kólesteról, hjarta-, æða- og taugasjúkdóma, ristilvandamál o.fl.
- Alla sem vilja hreinsa líkamann, halda sér í kjörþyngd og viðhalda góðri heilsu.
- Alla þá sem vilja bæta kynlífið. Bætir ris karlmanna og eykur kynörvun beggja kynja.

**NOTKUN: TVÖ HYLKI Á DAG MEÐ MAT.**

***Beetroot-rauðrófuhylkin fást í flestum apótekum, heilsubúðum, heilsuhillum stórmarkaða og verslana og líkamsræktarstöðvum.***

***Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is***

### BÆTT HEILSA

Stuðlar að heilbrigðu hjarta- og æðakerfi, lækkar blóðþrýsting og minnkar kólesteról í blóðinu.







Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði I Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Flott föt fyrir flottar konur
stærðir 38-58



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is


# EYÐIR OF LITLU Í FÖT

**MEÐVITUÐ UM TÍSKU** *Elma Dögg Steingrímsdóttir, eigandi tískuverslunarinnar DUSTED, reynir ómeðvitað að fara á móti straumnum.*

Ertu tískumeðvituð? Já, enda í þannig vinnu að það er erfitt að komast hjá því.

Hefurðu lengi pælt í tískunni? Tíska er eitthvað sem ég hef alltaf verið meðvituð um en ég er samt algjörlega á því að maður má ekki missa sig í tískunni heldur verður maður að standa vörð um og skapa sinn eigin stíl.

Hvernig lýsir þú stílnum þínum? Ég held ég hafi alltaf svona ómeðvitað reynt að fara svolítið á móti straumnum. Þegar allir keyptu sér Adidas-skó í áttunda bekk þá keypti ég mér Nike-skó. Ég geng helst ekki í svörtu og finnst gaman að klæða mig í eina aðeins meira áberandi flík og blanda henni við eitthvað meira hversdagslegt.

Hvar kaupir þú fötin þín? Ég rek eigin verslun, DUSTED, og kaupi eingöngu inn föt sem ég fíla, ég enda því ósjálfrátt á því að eyða miklu í föt í eigin verslun. Ég versla líka mikið á mörkuðum með notuð föt.

Eyðir þú miklu í föt? Alltof litlu.

Hver er uppáhaldsflíkin þín? Í augnablikinu eru það nýju boyfriend-gallabuxurnar mínar frá +mickkeus en þær fást hjá DUSTED. Þær eru svo kósí fyrir sumarið.

Uppáhaldshönnuður? Mér finnst skemmtilegast að fylgjast með öllum ungu, upprennandi hönnuðunum þarna úti. Alltaf hægt að tryggja að þeir komi með eitthvað nýtt og ferskt inn. Það er mjög breytilegt hverju sinni hver er í uppáhaldi en nýja uppáhaldið er Alyona, sem er eistneskur hönnuður og hannar undir merkinu QooQoo, sem fæst einmitt líka hjá DUSTED. Hún er mjög meðvituð um þá tískustrauma sem eru í gangi hverju sinni en nær þó að nálgast þá á annan hátt en aðrir. QooQoo hefur það að leiðarljósi að vörurnar séu búnar til við „fair working conditions“ sem mér finnst skipta miklu máli, ekki síst í ljósi frétta um slæmar aðstæður í fataverksmiðjum á síðustu misserum.

Bestu kaupin? Ég fékk mér nýlega peysu frá Revolution Tomorrow. Svo kósí og þægileg, hef varla farið úr henni. Klárlega með betri kaupum sem ég hef gert.



**UPPÁHALDS** Boyfriend-gallabuxurnar eru uppáhaldsflíkin hennar Elmu þessa stundina. Hún er líka sjúk í hálsmenin frá Rut Karls Jewelry sem hún skartar á myndinni. MYND/STEFÁN

Verstu kaupin? Eitt af þessum skiptum sem ég hef freistast til að kaupa ódýra framleiðsluvöru sem endist bara í nokkrar vikur.

Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir sumarið? Einhverju í pastel gradient eða í mintugrænu.

Hvers konar fylgihluti notarðu? Helst hálsmen, ég er sjúk í hálsmenin frá Rut Karls Jewelry í augnablikinu. Hún er að koma með fullt af töff keðju-chokerum fyrir sumarið, svo flottir.

Hvaða förðunarvörur notarðu daglega? Sem minnst en ég bæti á mig varalit og jafnvel smá augnblýanti ef ég er á leiðinni eitthvað út.

Áttu þér tískufyrirmynd? Enga eina. Fæ mestan innblástur frá fólki á förnum vegi, hvort sem er á netinu eða úti á götu.

Kjóll, pils eða buxur? Fer algjörlega eftir tilefninu. Hef samt verið í smá kjólapásu að undanförnu.

Stutt eða sítt? Síð pils og stutta sokka.

Einlitt eða munstrað? Bæði í bland.

Háir hælar eða flatbotna? Smá hæll er alveg nauðsynlegur í flestum tilfellum.

■ iljabjork@365.is




Stretch
og háar í mittið
Verð 15.900 kr.
Stærð 34 - 48 (50)
5 litir: svart, blátt, hvítt, sandbrúnt og gallablátt
Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.
black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook



Max Mara dagar
22. maí-2. júní
15% afsláttur
af öllum vörum frá Max Mara
Verið velkomin



MARINA RINALDI
WEEKEND MaxMara
PENNYBLACK
MaxMara
persona
Parisar TÍZKAN
Fylgist með okkur á facebook.com/Parisartizkan
Skipholti 29b • S. 551 0770



Þarftu að pissa oft á nóttunni?



20% afsláttur
PRO-STAMINUS
www.gengurvel.is
Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447



Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt að leika sér




Kinnalitatrio
fyrir roðann í kinnunum.




Fairytale / Mermaid     Ocean / Shady Greys     Celebrate / Party

Frábærir augnskuggar fyrir dag- og kvöldförðun.
Þú nærð seyðandi augnarráði með þessum.

# Nýju sumarlitirnir - eru komnir




Benecos snyrtivörurnar eru lífrænt vottaðar, án allra parabena og á verði sem kemur þér á óvart.

Það sem þessir litir gleðja lítil og stór hjörtu!
Naglalökk í mörgum girnilegum litum, án formaldehydes, toluene, phthalates, camphor og colophony.




Varagloss
... og þú brosir með glans.

Varalitapensill
... svona í nákvæmnisvinnuna.




Highlighting powder
... og þú ljómar af heilbrigði.

Augnskuggagrunnur
svo augnskugginn haldist betur.

benecos
náttúruleg fegurð

Heilsuhúsið

LAUGAVEGI | LÁGMÚLA | SELFOSSI | KRINGLUNNI | SMÁRATORGI | AKUREYRI | REYKJANESBÆ

# Færri kíló - Minna ummál með spínat extrakt Nýtt á Íslandi

**Aptiless:** Mest selda þyngdarstjórnunarefnið í Noregi og Svíþjóð. Hungurtilfinning minnkar strax frá fyrstu notkun. Inniheldur yfir 100 mismunandi próteinefni. Einn skammtur jafngildir fimm bollum af fersku spínati. 100% náttúrulegt. ***Thylakoids****: Dregur úr hungri - Eykur mettun - Minnkar sykurlöngun - Jafnar blóðsykur Lækkar blóðfitu, kólesterol og blóðþrýsting - Minnkar ummál Fækkar aukakílóum - Eykur orku - Bætir þarmaflóru.*

## Vísindaleg sönnun á virkni

*Rannsóknir gerðar af Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð ásamt fleiri virtum rannsóknarstofnunum.* ***Nýtt í heiminum - nýtt á Íslandi***








Dr. Charlotte Erlanson-Albertsson, Prófessor við Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð

Umboð: www.vitex.is

**Ein merkasta nýja uppgötvunin sem gerð hefur verið í heiminum dag**

**Fæst í 14 og 28 daga skömmtum. Útsölustaðir flest apótek og heilsubúðir.**


# TÍSKURATI VERÐUR TÍSKUVITI

*__TÍSKA__ Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan hin átján ára Kelly Osbourne birtist á sjónvarpsskjánum árið 2002 í MTV-raunveruleikaþætti um fjölskyldu hennar, The Osbournes. Hún þótti ekki sérlega smart í tauinu þá en í dag lítur fólk til hennar um það sem heitast er í tískuheiminum hverju sinni. Söngkonan, leikkonan og tískuhönnuðurinn Kelly hefur til dæmis átt fast sæti í sjónvarpsþættinum Fasthion Police á E!-sjónvarpsstöðinni þar sem hin kjaftfora Joan Rivers ræður ríkjum. Hér má sjá nokkrar myndir sem sýna hina hátískumeðvituðu Kelly Osbourne.*



**1** Kelly í afar íhaldssömum kjól og með fágaða greiðslu á Chris Benz-tískusýningu í New York árið 2011.



**2** Í afar klassískum kjól frá Tony Ward í Óskarsverðlaunaveislu árið 2011.



**3** Kelly sló í gegn á Grammy-verðlaunahátíðinni 2011 í þessum fjólubláa siffonkjól frá Tadashi Shoji.



**4** Kjóll Kellyar á 18. Divine Design Gala þótti framúrstefnulegur og flottur.



**5** Í afar fáguðum hvítum kjól frá Bagdley Mischka á Screen Actors Guild-verðlaunahátíðinni 2012.


Gallabuxur frá 2-BIZ

www.2-biz.dk



Kr. 14.900.-
str. 34-46/48

Rita

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is



MIÐBORGARVAKA Í FLASH

30% afsláttur af öllum vörum aðeins í dag



OPIÐ TIL KL. 22

Léttar veitingar kl. 18-22

NÝTT KORTATÍMABIL

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201

Fleiri myndir á Facebook


## FALLEGRI KRULLUR

**■ HJÁLPIÐ HÁRINU Náttúrulegar krullur og liðir líta enn betur út þegar þau fá smá hjálp frá hárvörum. Hægt er að fá vörur sem eru sérstaklega gerðar fyrir krullað hár. Þá fá krullurnar fallegri heild, haldast saman og verða ekki úfnar. Gott er að setja krem eða froðu í blautt hárið og leyfa því að þorna. Einnig er sniðugt að nota krullujárn eða keilujárn til að ýkja krullurnar og gefa þeim meiri heild. Það lífgar upp á hárið að krulla nokkra lokka hér og þar. Heimild: harid.is**




Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




TRI
Suðurlandsbraut 32
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
CUBE
COMPRESSPORT
VENO-MUSCULAR COMPRESSION TECHNOLOGY
CRAFT
GARNEAU
BROOKS
HYBRID
Litur
Black Anthrazit Red
Gaffall
SR Suntour NEX
13,2kg
Þyngd
LTD CLS
*meðan birgðir endast!
20% afsláttur dagana 7. - 27.maí, 2014
Louis Garneau
GARNEAU
LG JAKKI 12.990kr
GARNEAU
LG Grifflur 3.490kr
GARNEAU
LG Buxur 23.990kr
GARNEAU
LG COURSE 27.990kr
Louis Garneau hjálmarnir eru komnir!
"Mid-range in price but high-end in looks, airflow and comfort"
BIKERADAR.COM
WWW.TRI.IS
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

# HANNAÐI Á MORÐÓÐAN MAFÍÓSA

**TÍSKA** *Svava Magdalena Arnarsdóttir útskrifaðist úr fatahönnun frá LHÍ nú í vor. Hún hannaði fatalínu á siðblindan mafíósa en segist vel geta hugsað sér að deila með honum fataskáp.*

Ég er svolítið elegant og pönkuð týpa sjálf svo það má segja að línan sé lýsandi fyrir minn eigin stíl. Ég gæti vel séð sjálfa mig í þessum fötum. Ég á hins vegar ekkert sameiginlegt með karakternum, ég er ekki svona ill,“ segir Svava Magdalena Arnarsdóttir hlæjandi þegar hún er spurð út í útskriftarlínu sína í fatahönnun frá LHÍ en Svava hannaði fatnað á siðblint mafíósakvendi.

„Ég bý alltaf til ímyndaðan heim og karakter til að byggja á við hönnunarvinnuna. Fyrir lokaverkefnið bjó ég til móður á fertugsaldri í Brasilíu, sem starfar í leyni sem mafíuforingi. Hún heldur úti liði manna sem vinna skítverkin fyrir hana og er moldrík. Hún þykist vera annað en hún er og byggir kirkjur og heimili fyrir munaðarleysingja og heldur stórar veislur í villunni sinni. En ef henni mislíkar eitthvað fækkar gestunum. Hún er siðblind fyrir allan peninginn,“ útskýrir Svava og segir hönnunarferlið hafa verið þrælskemmtilegt.

„Ferlið var mjög spennandi og þótt auðvitað sé alltaf mikil pressa í lokaskilum þá er það góð pressa. Ég byrjaði ung að sauma föt og stefndi alltaf á fatahönnunina en kláraði kjólaklæðskurð áður en ég hóf hönnunarnámið,“ segir Svava.

En hvernig föt kýs siðblint mafíósakvendi?

„Hún kýs fáguð og falleg föt úr gæðaefnum. Ég notaði reimar í línuna sem tilvísun í krufningar, þar sem hún drepur til að afla sér fjár,“ segir hún sposk. Eftir annasamar síðustu vikur fyrir útskrift segir Svava sumarið óráðið. Í vetur dreymir hana um að komast út fyrir landsteinana.

„Það væri gaman að fá einhverja vinnu úti eða fara sem lærlingur eitthvert. Bara prófa eitthvað nýtt og sjá hvað heimurinn hefur upp á að bjóða.“

heida@365.is



**ENGINN MAFÍÓSI SJÁLF** Svava Magdalena Arnarsdóttir hannaði á siðblindan mafíósa í lokaverkefni sínu í fatahönnun við LHÍ. MYND/DANÍEL







**REIMAR** „Ég notaði reimar í línuna sem tilvísun í krufningar, þar sem hún drepur til að afla sér fjár.“

**ELEGANT OG PÖNKAÐ** „Fyrir lokaverkefnið bjó ég til móður á fertugsaldri í Brasilíu, sem starfar í leyni sem mafíuforingi.“ MYND/ANÍTA ELDJÁRN

**FLOTT LÍNA** „Ég gæti vel séð sjálfa mig í þessum fötum,“ segir Svava.

KRINGLUKAST í dag
SUMARSPRENGJA
25-70%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
NÝTT KORTATÍMABIL
COSMO
Kringlunni






# Fjölskrúðug hátíð allra lista

**● Listahátíð í Reykjavík er nú haldin í 28. sinn. Hún er hátíð allra lista en mikil fjölbreytni einkennir hátíðina í ár líkt og endranær. Hátíðin hefur frá upphafi verið stjörnum prýdd. Þá er rík áhersla lögð á frumflutning og frumsýningar bæði minni og stærri verka.**

„Það eru ekki margar listahátíðir, hvorki hér né erlendis, sem ná yfir jafnvíðfeðmt svið og Listahátíð í Reykjavík. Það er hennar sérstaða og stóri kostur, enda færist það í vöxt að listamenn leiti út fyrir sérsvið sitt í verkum sínum. Mörg viðamikil samstarfsverkefni á hátíðinni eru dæmi um það,“ segir Hanna Styrmisdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík.

## STJÖRNUM PRÝDD HÁTÍÐ

Þessi mikla fjölbreytni Listahátíðar á rætur að rekja til upphafsára hátíðarinnar. „Hátíðin var sett á fót að frumkvæði þeirra Vladimirs Ashkenazy, heiðursforseta Listahátíðar og heiðursstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og Ivars Eskeland, sem þá var forstjóri Norræna hússins. Ashkenazy hafði áhuga á því að koma á fót tónlistarhátíð og Eskeland menningarhátíð. Úr varð Listahátíð í Reykjavík sem var haldin í fyrsta skipti árið 1970 með ekki minni stjörnum en sellóleikaranum Jacqueline du Pré og hljómsveitinni Led Zeppelin. Vegna náinna tengsla Ashkenazys við hátíðina fyrstu árin varð strax mikill tónlistarfókus og í gegnum þau ríku tengsl sem hann hafði varð til hefð fyrir því að hingað kæmu tónlistarmenn, sem og listamenn á öðrum sviðum, í algerum sérflokki. Sú saga er ótrúleg og það er sú saga sem við byggjum á í dag,“ segir Hanna.

## BROT AF ÞVÍ BESTA

Hlutverk Listahátíðar er að sögn Hönnu tvíþætt. „Annars vegar að styðja við og standa að tilurð nýrra verka og þá fyrst og fremst tilurð nýrra íslenskra verka og hins vegar að fá hingað brot af því besta sem gerist á hinu alþjóðlega listasviði.“ Helsta tækifæri Listahátíðar í Reykjavík felst að sögn Hönnu í því að hún er hátíð allra lista en það markar henni jafnframt sérstöðu meðal íslenskra hátíða.

## FJÖLMÖRG SAMVINNUVERKEFNI

„Í ár eru þó nokkur stór samstarfsverkefni á dagskrá þar sem listamenn úr öllum áttum koma saman. Þar má nefna River of Fundament, kvikmynd eftir myndlistarmanninn Matthew Barney og tónskáldið Jonathan Bepler. Þeir hafa unnið að gerð hennar í sjö ár. Það sama á við um Der Klang der Offenbarung des Göttlichen, sem er samstarfsverkefni Ragnars Kjartanssonar myndlistarmanns og Kjartans Sveinssonar, fyrrverandi meðlims Sigur Rósar. Der Klang er leikhúsverk án leikara drifið áfram af leikmyndum Ragnars og tónlist Kjartans. Verkið er fullt af húmor. Það var frumsýnt í Berlín í febrúar og hefur verið uppselt á sýningar á verkinu síðan. Auk þess má nefna Píanó, sýningu í Listasafni Íslands þar sem píanóið er skoðað sem hljóðfæri og viðfangsefni tónskálda, tónlistarmanna, myndlistarmanna og danshöfunda,“ segir Hanna.

Hún segir eitt af einkennum hátíðarinnar í ár vera að tónlistin fer inn á listasöfnin og myndlistin inn á svið og í tónlistarsali svo dæmi séu nefnd. „Þetta á til dæmis líka við um opnunartónleika Kammersveitarinnar sem eru sviðsettir tónleikar í listrænni umgjörð Valerij Lisac, tónlistarmanns og leikstjóra.“

## EKKI LOKIÐ

Yfirskrift hátíðarinnar í ár er Ekki lokið. Það vísar til hins listræna ferils í víðu samhengi; til hinnar stöðugu umbreytingar í ferli listamannsins og upplifun áhorfandans. Kynningarmyndir hátíðarinnar í ár, af píanóum í nýju og óvæntu samhengi, eru innblásnar af Piano Transplants bandaríska tónlistarskáldsins Anneu Lockwood en orðið transplant felur í sér umbreytingu og endurvinnslu, það að glæða eitthvað nýju lífi. „Gjörningar Lockwood voru innblásnir af fyrstu vel heppnuðu hjartaígræðslunni í heiminum. Minn bakgrunnur er myndlist og það skiptir mig miklu máli að miðla innihaldi og inntaki hátíðarinnar með sjónrænum hætti. Við leggjum því mikla áherslu á að búa til myndefni sem tengist viðfangsefni hátíðarinnar hverju sinni í þeim tilgangi að miðla því. Hugmyndin er að gera yfirskriftina sjónræna,“ útskýrir Hanna.

Listahátíð í Reykjavík heldur tryggð við tvíþætt hlutverk sitt og dagskráin í ár endurspeglar það. Áhersla er lögð á frumflutning og frumsýningar bæði minni og stærri verka í bland við stærri klassísk verk. „Það eru þrír risavaxnir Eldborgarviðburðir á Listahátíð í vor. Flutningur Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þriðju sinfóníu Mahlers sem hljómar nú á Íslandi í annað sinn, einsöngstónleikar Bryns Terfel og einleikstónleikar Khötiu Buniatishvili píanóleikara. Á hátíðinni eru líka gersemar eins og Biðin og SAGA í Þjóðleikhúsinu, Wide Slumber í Tjarnarbíói, Í þínar hendur í Spark Design, Fantastar í Brimhúsinu, Lusus Naturae í Hafnarborg og margar aðrar,“ segir Hanna.

## LISTAHÁTÍÐ ER FYRIR ALLA

Hanna segir mikinn fjölda viðburða á Listahátíð jafnan vera utan miðasölu og er opnunarverk Högna Egilssonar, sem verður flutt með kirkjuklukkum í miðborginni í dag klukkan 17.30, stærsti viðburðurinn af þeim toga þetta árið. „Þetta er mjög mikilvægt hlutverk hátíðarinnar enda viljum við að sem flestir njóti hennar, óháð efnahag. Við höfum auk þess boðið ýmsa afslætti af miðaverði og á heimasíðunni www.listahatid.is og á skrifstofu Listahátíðar er hægt að fá nánari upplýsingar um það,“ upplýsir Hanna og hvetur alla til að kynna sér dagskrána.



**Hlutverk Listahátíðar er annars vegar að styðja við og standa að tilurð nýrra verka og hins vegar að fá hingað brot af því besta sem gerist á hinu alþjóðlega listasviði. „Hátíðin í ár endurspeglar það nú sem fyrr,“ segir Hanna.** MYND/VILHELM


Arto Lindsay.


Sidsel Endresen.

# Mengi á Listahátíð

Tónlistamennirnir Sidsel Endresen og Arto Lindsay koma fram í menningarhúsinu Mengi á Listahátíð. Þau eru bæði áhrifamiklir listamenn í tónlistarheiminum en Sidsel hefur verið í framvarðarsveit norskrar tónlistarsenu undanfarna áratugi. Hún hefur snert ýmsar tónlistarstefnur á ferlinum, allt frá sálartónlist og djassrokki yfir í frjálsan spuna og raftónlist.

Arto Lindsay hefur verið einn lykilmanna listasenu New Yorkborgar síðustu áratugi. Nafn hans er órjúfanlega tengt No Wavestefnunni en hljómsveit hans, DNA, spratt upp úr pönksenu New York-borgar á áttunda áratugnum. Lindsay er jafnan skipað í flokk listamanna eins og Matthews Barney, Davids Byrne, Andys Warhol og Laurie Anderson.

„Mengi er vettvangur sem á að endurspegla víðtækt menningarlíf Reykjavíkur og frá því að við opnuðum, í desember síðastliðnum, höfum við haldið um 70 viðburði. Hér hafa mörg stór nöfn komið fram en Sidsel og Arto eru mjög mikilvægir listamenn og hafa bæði haft mikil áhrif," segir Skúli Sverrisson, einn stofnenda Mengis að Óðinsgötu 2.

„Við erum ekki með sérstaka stefnu heldur viljum koma á framfæri allri tegund af tónlist. Alla fimmtudaga, föstudaga og laugardaga eru viðburðir hjá okkur, alltaf klukkan 21."

**DAGSKRÁ Í MENGI Á LISTAHÁTÍÐ:**

- **25. maí kl. 21 Sidsel Endresen**
- **31. maí kl. 21 Arto Lindsay**
- **1. júní kl. 21 Lindsay og gestir**

# Myndlist og meira

Fjöldi myndlistartengdra verkefna er á dagskrá Listahátíðar í ár. Verkefnin ná yfir mjög breitt svið og eiga mörg sameiginlegt að vera samstarfsverkefni listamanna úr ólíkum áttum. Nokkrar sýningar eiga sér stað fyrir utan höfuðborgarsvæðið, svo sem sýning Borghildar Óskarsdóttur, Þráður á landi, sem verður í Landsveit, og Hringiða í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Meðal annarra áhugaverðra sýninga og viðburða á Listahátíð í Reykjavík eru:

Lusus naturae, afrakstur samstarfs Ólafar Nordal myndlistarmanns, Þuríðar Jónsdóttur tónskálds og Gunnars Karlssonar teiknara. Í verkinu segir frá hringrás lífsins; fæðingu skáldlegra lífvera, lífshlaupi þeirra, dauða og endurfæðingu. Lusus naturae er í Hafnarborg, menningarmiðstöð Hafnarfjarðar, og opnar laugardaginn 24. maí.

Píanó er sýning í Listasafni Íslands þar sem píanóið er skoðað í samfélagi nútímans; sem hljóðfæri og tilraunavettvangur tónskálda og tónlistarmanna en einnig sem viðfangsefni myndlistarmanna og danshöfunda.

Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari er sýningarstjóri en sýningin opnar fimmtudaginn 29. maí.

Der Klang der Offenbarung des Göttlichen er óhefðbundin leikhúsupplifun eða leikhús án leikara. Það er verk sem drifið er áfram af magnaðri tónlist Kjartans Sveinssonar og sérstæðum leikmyndum Ragnars Kjartanssonar. Verkið var frumsýnt í Volksbühne-leikhúsinu í Berlín fyrr á þessu ári.

River of Fundament er nýjasta verk bandaríska myndlistarmannsins Matthews Barney, unnið í samstarfi við Jonathan Bepler tónskáld. Kvikmyndin var heimsfrumsýnd fyrr á þessu ári og hefur hvarvetna vakið mikil viðbrögð.



Ragnar Kjartansson leikstýrir verkinu Der Klang der Offenbarung des Göttlichen en Kjartan Sveinsson semur tónlistina. MYND/RAFAEL PINHO

Listahátíð

**Útgefandi** Listahátíð í Reykjavík Lækjargötu 3, 101 Reykjavík. Sími 561-2444, artfest@artfest.is

**Ábyrgðarmaður** Hanna Styrmisdóttir

**Umbrot** 365 miðlar

# Harpa er miðpunktur Listahátíðar í Reykjavík

**Fjöldi viðburða á Listahátíð í Reykjavík fer fram í tónlistarhúsinu Hörpu. Þeirra á meðal eru In the Light of Air, heimsfrumflutningur á nýju verki eftir Önnu Þorvaldsdóttur, en verk hennar hafa hlotið margvíslegar viðurkenningar og verðlaun.**

Það var hinn virti bandaríski nútímatónlistarhópur International Contemporary Ensemble (ICE) frá New York sem pantaði tónverkið hjá Önnu sem nú verður flutt í Norðurljósasal Hörpu á sunnudaginn. „Eina beiðni þeirra var að verkið yrði nógu langt fyrir heila tónleika. Ég réð sjálf hljóðfæraskipan og ákvað að hafa hljóðfærin aðeins fimm svo auðveldara væri að ferðast með verkið," segir Anna en verkið er fyrir víólu, selló, hörpu, píanó og slagverk. Auk þess koma tveir tæknimenn að uppsetningunni, enda er ljósainnsetning hluti af verkinu.

„Ljósainnsetningin er mjög fíngerð og stýrist af flutningi hljóðfæraleikaranna og andardrætti þeirra," lýsir Anna sem einnig hannaði sjálf innsetningu úr klakaböndum listakonunnar Svönu Jósepsdóttur. „Þetta eru sérstakar málmplötur og ég fékk eina slíka eftir Svönu í jólagjöf. Mér fannst hún hljóma svo fallega og ákvað því að biðja Svönu um að smíða fyrir mig plötur í mörgum mismunandi stærðum og nota í innsetningu. Á ákveðnum tímapunkti í verkinu er síðan spilað á klakaböndin."

Anna segir nokkra áskorun hafa legið í því að semja 45 mínútna verk enda hafi hún aldrei gert það áður. „Maður þarf að hugsa strúktúr og framvindu svo verkið sé í senn náttúrulegt en samt þannig að hver kafli hafi sitt sérstaka yfirbragð," segir hún.


Verk Önnu, In the Light of Air, verður frumflutt í Norðurljósum á sunnudag.

**22. MAÍ KL. 20. – NORÐURLJÓS**
- **Kammersveit Reykjavíkur:** Pierrot-prójektið. Á opnunartónleikum Listahátíðar verður flutt verkið Pierrot lunaire eftir Arnold Schönberg.

**23. MAÍ KL. 19.30 – ELDBORG**
- **Mahler nr. 3** í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

**24. MAÍ KL. 16. – NORÐURLJÓS**
- **Þrjár Shakespeare-sonnettur:** Á tónleikum Kammerkórs Suðurlands verða frumfluttar á Íslandi þrjár Shakespeare-sonnettur eftir breska tónskáldið Sir John Tavener.

**24. MAÍ KL. 20 – ELDBORG**
- **Bryn Terfel:** Velski bassabarítónsöngvarinn Bryn Terfel er á meðal ástsælustu söngvara samtímans.

**24. MAÍ KL. 21 – SILFURBERG**
- **Lee Ranaldo & Leah Singer:** Sight Unseen er samvinnuverkefni hjónanna Lee Ranaldo og Leuh Singer þar sem tónlist og myndbandsverk fléttast saman. Lee Ranaldo er best þekktur sem gítarleikari Sonic Youth.

**25. MAÍ KL. 20 – NORÐURLJÓS**
- **In the Light of Air:** ICE Ensemble & Anna Þorvaldsdóttir.

**29. MAÍ KL. 20 – ELDBORG**
- **Khatia Buniatishvili:** Georgíski píanóleikarinn Khatia Buniatishvili hefur vakið mikla athygli á undanförnum árum.

# Beðið með goðsögnum

**Myndinnsetningin Biðin er heimildarmynd um leiklestur á Beðið eftir Godot í Þjóðleikhúsinu. Hlutverk lesa Gunnar Eyjólfsson, Erlingur Gíslason, Arnar Jónsson, Pétur Einarsson og Sigurður Skúlason, í leikstjórn Jóns Atla Jónassonar.**

„Það fór um mig sæluhrollur að vinna með þessum góðu og gamalreyndu leikurum, enda eru þeir miklar fyrirmyndir og hafa sett mark sitt á íslenskt leikhúslíf," segir Jón Atli sem las senulýsingar og stýrði leiklestrinum í tvo daga.

Í Biðinni gefst áhorfendum einstakt tækifæri til að skyggnast á bak við tjöldin og verða vitni að því hvernig frábærir leikhúslistamenn glæða dulmagnaðan og sannan texta Samuels Beckett lífi.

„Flestir hafa séð þessa landsfrægu leikara á sviði en átta sig ekki á að oft er skemmtilegasti tíminn við vinnslu verksins þegar ekki er búið að negla það niður á svið. Myndinnsetningin miðlar því til áhorfandans og gefur fágæta innsýn í hvernig leikarar nálgast vinnu sína og ekki mikið til af efni með þessum mönnum eða leikurum almennt við leiklestur og undirbúning hlutverka."

Jón Atli segir að sig hafi lengi langað að setja upp Beðið eftir Godot.

„Upphaflega hafði ég samband við Flosa Ólafsson um að taka að sér eitt hlutverkanna í slíkri uppsetningu en þegar Flosi féll frá féllu áformin um sjálf sig. Síðan fæddist hugmyndin að gera þetta svona, með leiklestrinum einum saman, því leiklestur er ákveðin framsetning á verkinu þótt hann sé ekki hefðbundin leiksýning og rímaði ágætlega við yfirskrift Listahátíðar í ár, sem er Ekki lokið."


Jón Atli Jónasson leikstjóri segir andrúmsloftið hafa verið rafmagnað þegar merkir stórleikarar þjóðarinnar komu saman til leiklesturs á Beðið eftir Godot. MYND/RAX

Að sögn Jóns Atla verða áhorfendur Biðarinnar vitni að galdri.

„Andrúmsloftið í leiklestrinum var rafmagnað og enginn afsláttur gefinn af því hvernig menn unnu að honum. Góðir leikarar verða sífellt betri með aldrinum ef þeir passa hljóðfærið sitt og þegar þessir frábæru leikarar stigu í hlutverk sín varð til galdur. Þeir pössuðu fullkomlega í hlutverk sín og mjög fáir leikarar ráða við að fara með textann eins og þú hafir heyrt hann þúsund sinnum en þó í fyrsta sinn."

- Annað áhugavert sviðsverk á Listahátíð er Der Klang der Offenbarung des Göttlichen. Verkið er drifið áfram af magnaðri tónlist Kjartans Sveinssonar og sérstæðum leikmyndum Ragnars Kjartanssonar. Úr verður sérstæð blanda leikmyndar, ljósa, tónlistar og rómantíkur.
- Í SÖGU segja þrjátíu brúður Íslendingasögu úr nútímanum; sögu Gunnars Oddmundssonar, sem lenti illa í efnahagshruninu 2008 og dreymir um réttlæti. Brúðunum er stjórnað af Wakka Wakka Production, sem er alþjóðlegur leikhópur frá New York.
- Tónleikhúsverkið Wide Slumber er innblásið af ljóðabókinni Wide slumber for lepidopterists eftir a.rawlings, þar sem mismunandi stigum svefns er líkt við lífshring fiðrilda.

Nánari upplýsingar á www.listahatid.is.

№28
2014

Listahátíð
í Reykjavík

# Brim hf. er stoltur bakhjarl Listahátíðar



22. maí — 5. júní

Mennta- og menningarmálaráðuneytið · Reykjavíkurborg · Landsvirkjun · TVG-ZIMSEN · BRIM SEAFOOD



Bryn Terfel – Einsöngstónleikar í Eldborg
@ Harpa, Eldborg – 24. maí, KL 20:00 – frá KR. 5.200



Turiya – Opnunarverk Listahátíðar 2014
@ Tjörnin í Reykjavík – 22. maí, KL 17:30



Sight Unseen – Lee Ranaldo & Leah Singer
@ Harpa, Silfurberg – 24. maí, KL 21:00 – frá KR. 4.000



Kammersveit Reykjavíkur: Pierrot prójektið – Opnunartónleikar Listahátíðar 2014
@ Harpa, Norðurljós – 22. maí, KL 20:00 – frá KR. 4.500



RIVER OF FUNDAMENT
@ Laugarásbíó – 27. maí, KL 17:00 – KR. 6.500




SAGA – Wakka Wakka Productions
@ Þjóðleikhúsið – 5. & 6. júní, KL 19:30 – KR. 4.750

## FRÆGIR LISTAMENN Á LISTAHÁTÍÐ

**Fjölmargir frægir** tónlistarmenn hafa heimsótt Listahátíð í Reykjavík frá því hún var fyrst sett á fót árið 1970.



Rokksveitin heimsfræga Led Zeppelin mætti á fyrstu hátíðina og spilaði á eftirminnilegum tónleikum í Laugardalshöll. Árið 1982 var popphljómsveitin Human League á hátindi frægðar sinnar eftir útgáfu plötunnar Dare. Sveitin hélt tónleika í Laugardalshöll þar sem nýstofnuð Egó hitaði upp en sú sveit var gríðarlega vinsæl á þeim tíma.

**Á 100 ára** afmæli Reykjavíkurborgar árið 1986 voru tvennir stórtónleikar haldnir í Laugardalshöll þar sem Madness, Lloyd Cole and the Commotions,



Fine Young Cannibals og Simply Red spiluðu. Tvær síðastnefndu sveitirnar voru nýbúnar að gefa út fyrstu plötu sína og urðu heimsfrægar stuttu síðar. Leonard Cohen spilaði á Listahátíð árið 1988 og Björk Guðmundsdóttir hefur þrisvar sinnum heiðrað Reykvíkinga með nærveru sinni; árin 1994, 1996 og 1998.



**Stórstjarnan David Bowie** hélt tónleika árið 1996 en þá var bryddað upp á þeirri nýjung að selja miða gegnum hraðbankanet Íslandsbanka. Á sömu listahátíð spilaði einnig breska britpop-sveitin Pulp sem var á hátindi frægðar sinnar. Sveitin hélt tónleika í Laugardalshöll en plata þeirra, Different Class, kom út árinu áður og gerði hana að einni vinsælustu hljómsveit heims.

**Franski tónlistarmaðurinn** Yann Tiersen hélt tónleika í Norðurljósasal Hörpu árið 2012 en hann er þekktastur fyrir stórkostlega tónlist sína úr frönsku kvikmyndinni Amélie.

**Djasspíanistinn goðsagnarkenndi** Dave Brubeck spilaði á Broadway árið 1986 ásamt kvartett sínum. Brubeck er einn dáðasti tónlistarmaður djasssögunnar og þótti mikill hvalreki að fá





hann og hljómsveit hans til landsins á sínum tíma. Píanistinn og djasssöngkonan Nina Simone hélt tónleika í Háskólabíói árið 1992 sem þóttu einn af hápunktum hátíðarinnar



það árið. Ítalski stórtenórinn Luciano Pavarotti hélt stórkostlega tónleika í Laugardalshöll árið 1980 sem líða engum úr minni sem þá sóttu.

## FRUMFLUTNINGUR VERKA Í NÁVÍGI VIÐ ÁHEYRENDUR

Rýmin og skáldin er verkefni sem varð til á Listahátíð í Reykjavík á síðasta ári. Það er vettvangur fyrir ný verk og frumflutning þeirra. Flutningur verkanna fer fram í minni rýmum þar sem áheyrendur upplifa návígi við listamennina. Í ár er áherslan lögð á frumflutning tónverka og verða samtals um tíu ný verk íslenskra tónskálda flutt og verk annarra tónskálda frumflutt á Íslandi.

Fernir tónleikar verða á þessum vettvangi. Tríó Sírajón & Ingibjörg Guðjónsdóttir halda tónleikana Eldur geisar undir. Titill tónleikanna vísar í ljóð Jónasar Hallgrímssonar, Gunnarshólma, og er verkið skrifað fyrir fiðlu, klarínett, píanó og sópran. Kolbeinn Bjarnason frumflytur tvö verk fyrir bassaflautu og rafhljóð á tónleikunum … og dvaldi ei lengur á jörðu. Verkin eru Flux eftir Huga Guðmundsson og Merula eftir írska tónskáldið Simon Mawhinney. Íslenski flautukórinn og Duo Harpverk verður með Hamskipti. Á tónleikunum verður farið í umbreytingarferðalag og kannaðar ýmsar hljóðfærasamsetningar. Kammerhópurinn Nordic Effect verður með Flæði þar sem stefnt verður saman barokktónlist og frumflutningi þriggja íslenskra verka.



**Íslenski flautukórinn og Duo Harpverk sameina krafta sína á tónleikum á Listahátíð í Reykjavík.** MYND/DAVID OLDFIELD

# Dagskrá Listahátíðar

## Ekki lokið / Nicht Fertig / Not Finished

### Fimmtudagur 22. maí

Turiya
@ Tjörnin í Reykjavík
17:30

Kortlagning lands
@ Hverfisgallerí
18:00 opnun

Í þínar hendur
@ Spark Design
18:00 vinnustofa hefst

Kammersveit Reykjavíkur: Pierrot prójektið
@ Harpa, Norðurljós
20:00

The Five Live Lo Fi
@ Gallerí Kling & Bang
20:00 fyrsta opnun

Fantastar
@ Brimhúsið
21:00 frumsýning

### Föstudagur 23. maí

Mahler nr. 3
@ Harpa, Eldborg
19:30

ORT / The Word Music
@ Iðnó
20:30

### Laugardagur 24. maí

Hringiða
@ Listasafn Árnesinga, Hveragerði
12:00 opnun & gjörningur

Lusus Naturae
@ Hafnarborg
14:00 opnun

Spegill Lífsins
@ Ljósmyndasafn Reykjavíkur
15:00 opnun

Þrjár Shakespeare Sonnettur
@ Harpa, Norðurljós
16:00

The Five Live Lo Fi
@ Gallerí Kling & Bang
17:00 önnur opnun

Bryn Terfel
@ Harpa, Eldborg
20:00

Fantastar
@ Brimhúsið
20:00

WIDE SLUMBER
@ Tjarnarbíó
20:00 frumsýning

Sight Unseen
@ Harpa, Silfurberg
21:00

### Sunnudagur 25. maí

Innra eyrað
@ Austurbæjarskóli
14:00, 15:00 & 16:00

Lusus Naturae
@ Hafnarborg
15:00 tónlistargjörningur

Rýmin og skáldin I
@ Hannesarholt
16:00

Fantastar
@ Brimhúsið
20:00

WIDE SLUMBER
@ Tjarnarbíó
20:00

In the Light of Air
@ Harpa, Norðurljós
20:00

Sidsel Endresen
@ Mengi
21:00

### Mánudagur 26. maí

Michel Butor & vinir
@ Landsbókasafn, Þjóðarbókhlaða
16:00 opnun

WIDE SLUMBER
@ Tjarnarbíó
20:00

Rýmin & skáldin II
@ Listasafn Íslands
20:00

### Þriðjudagur 27. maí

RIVER OF FUNDAMENT
@ Laugarásbíó
17:00
Bönnuð innan 18 ára

### Miðvikudagur 28. maí

Rýmin & skáldin III
@ Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús
20:00

Der Klang der Offenbarung des Göttlichen
@ Borgarleikhúsið
20:00 frumsýning

### Fimmtudagur 29. maí

PURE MOBILE vs. DOLCE VITA
@ Myndhöggvarafélagið
13:00

Píanó
@ Listasafn Íslands
15:00 opnun

The Five Live Lo Fi
@ Gallerí Kling & Bang
17:00 þriðja opnun

Lusus Naturae
@ Hafnarborg
20:00 tónlistargjörningur

Der Klang der Offenbarung des Göttlichen
@ Borgarleikhúsið
20:00

Fantastar
@ Brimhúsið
20:00

Khatia Buniatishvili
@ Harpa, Eldborg
20:00

### Föstudagur 30. maí

S7 – Suðurgata >> Árbær (ekki á leið)
@ Árbæjarsafn
17:00 opnun

Rýmin & skáldin IV
@ Vatnasafnið, Stykkishólmur
20:00

Der Klang der Offenbarung des Göttlichen
@ Borgarleikhúsið
20:00

Fantastar
@ Brimhúsið
20:00

### Laugardagur 31. maí

Píanó
@ Listasafn Íslands
14:00 gjörningar

IMA⇔NOW
@ Listasafn ASÍ
16:00 opnun og gjörningur

The Five Live Lo Fi
@ Gallerí Kling & Bang
17:00 fjórða opnun

æ ofaní æ
@ Nýlistasafnið
17:00 gjörningur og vídeó

KEEP FROZEN
@ Gallerí Þoka
19:00 opnun & gjörningur

Arto Lindsay
@ Mengi
21:00

### Sunnudagur 1. júní

Innra eyrað
@ Austurbæjarskóli
14:00, 15:00 & 16:00

Fantastar
@ Brimhúsið
20:00

Arto Lindsay & gestir
@ Mengi
21:00

### Mánudagur 2. júní

Ludwig van Beethoven
@ Listasafn Íslands
20:00

### Þriðjudagur 3. júní

Biðin
@ Þjóðleikhúsið
19:30

Ludwig van Beethoven
@ Listasafn Íslands
20:00

### Miðvikudagur 4. júní

Biðin
@ Þjóðleikhúsið
19:30

Ludwig van Beethoven
@ Listasafn Íslands
20:00

### Fimmtudagur 5. júní

Þráður á landi
@ Borgarbókasafn, Artótek
17:00 opnun

Í þínar hendur
@ Spark Design
17:00 lokahóf

Saga – Wakka Wakka Productions
@ Þjóðleikhúsið, Kassinn
19:30 frumsýning

Fantastar
@ Brimhúsið
20:00

æ ofaní æ
@ Nýlistasafnið
20:00 sjónþing & sýningarlok

### Tími og staðsetning tilkynnt síðar

Flugrákir
@ Sæbraut, Reykjavík

# Orka & úthald

## fyrir æfingarnar, fjallgöngurnar, hlaupin og hjólatúrana...

Vilborg Arna,
hreystikona hefur notað Maxifuel vörurnar með góðum árangri í öllum sínum ferðum undanfarin ár!









**Maxifuel** ViperActive
Úthugsaður orkudrykkur sem hleður orku, steinefnum og amínósýrum hratt og vel inn í vöðvana. Kemur í veg fyrir ofþornun, slappleika, vöðvakrampa og niðurbrot á vöðvum. Endurhleður hraðar og betur en aðrir drykkir á markaðnum. Viperactive er hinn fullkomni orkudrykkur til að nota á æfingu, sama hvort þú ert að hjóla, hlaupa eða ganga. Viperactive hjálpar við að koma í veg fyrir vökvatap og viðheldur orku meðan á æfingu stendur.
750 g. 21 skammtar
**Verð kr.4.995.-**

**Maxifuel** Viper boost
er hátæknibianda af hráefnum sem vinna með líkamanum til þess að hámarka orku og einbeitingu á æfingu. Blandan hámarkar ekki aðeins orku og einbeitingu en kemur einnig í veg fyrir ofþornun/krampa með steinefnum og söltum.
Viper boost er frábær orkudrykkur fyrir íþróttafólk sem vill fá alvöru orku en jafnframt svolitla örvun til þess að keyra einbeitinguna í gang.
900 g. 18 skammtar
**Verð kr.5.995.-**

**Maxifuel** Recovermax
er einn virkasti endurhleðsludrykkurinn á markaðinum í dag. Þessi einstaka blanda af kolvetnum og próteinum hjálpar líkamanum að endurhlaða orkubirðir sínar. Notkun Recovermax með reglubundnum æfingum getur gefið þér bættan árangur, m.a. aukinn vöðvastyrk, aukið úthald og minnkað vöðvaþreytu.
750 g. 15 skammtar
**Verð kr.5.995.-**



**Maximuscle** Promax
Söluhæsta protein í Bretlandi.
Aukið protein í fæðuvali þínu er nauðsynlegt fyrir vöðvavöxt sérstaklega fyrir fólk sem lyftir reglulega. Protein er einnig nauðsynlegt meðan á grenningu stendur til að lágmarka vöðvaniðurbrot. Promax er mest selda proteinblandan í Bretlandi, þökk sé góðu bragði , hversu vel það blandast og virkni fyrir alla sem stunda hvers konar íþróttir.
908.g 30 skammtar
**Verð kr. 7995.-**

**Maxifuel** Viper Electro
Maxifuel steinefna- og salt töflurnar eru hannaðar með þarfir íþróttamanna í huga en töflurnar eru góð leið til þess að endurhlaða steinefna og saltbirgðir líkamans án þess að fá inn óþarfa kaloríur. Mikilvægt er að gefa líkamanum nóg af þessum efnum þá sérstaklega ef æft er af krafti en ef hann fær ekki þessi efni er hætta á krömpum aukin til muna.
14 skammtar
**Verð kr. 1495.-**

## Breyttir tímar í sölu á hágæða fæðubótarefnum - Lægra verð

THE PROTEIN WORKS

The Protein Works er breið vörulína af hágæða fæðuaukum með náttúrulegum litar- og bragðefnum á afar hagstæðu verði.

Innihalda engin þykkingar- eða fyllingarefni og allt sem er í vörunni kemur fram í innihaldslýsingu.



**Fitubrennsla**
CLA hylki
Frábær stuðningur við fitubrennslu
120 hylki kr. 3.999-

**Fitubrennsla**
Thermopro
90 töflur.
kr. 3.999.-

**Fitubrennsla**
Raspberry Ketones
60 hylki
kr. 1.799.-

**Lágkolvetnafæði**
Zero Syrups
400 ml.
kr. 1.499.-

**Lágkolvetnafæði**
Whey protein 97
500 g. kr. 3.699.-
1 kg. kr. 6.999.-



**Úthald**
AMINO-NRG
10g amínósýrur
133 mg koffín og aðeins 1,2 g kolvetni
250 g kr. 2.699-
500 g kr. 4.999-

**Úthald+uppbygging**
Kreatin monohydrate 500 g. kr. 1.999.-

**Uppbygging**
Whey protein 80
7 bragðteg.
500 g. kr. 2.999-
1. kg. kr. 4.999.-
2 kg. kr. 7.999.-

**Komdu og fáðu ráðleggingar hjá fagfólki**
Frí heimsending um land allt.

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
NETSÍÐA: WWW.HREYSTI.IS

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

Barnaheill Save the Children á Íslandi

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**ÖRLAGALÍNAN 908-1800**
Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

## KEYPT & SELT

## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

Hágæða sláttutraktórar



Estate Pro 22 sláttutraktór
STIGA
Vetrarsól ehf.
Askalind 4 - Kópavogi - Sími 564 1864

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örýrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

Arena
Ármúla 34



20% afsláttur af öllum dansskóm út maí

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Lærðu að sigla seglskút, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www.brokey.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

TOPP HESTAR
**Reiðskólinn hefst 10. júní 5 daga námskeið frá mán-fös., allan daginn frá kl. 9-16 með fæði. Aldur 5-12 ára.**
**Uppl. í s. 557 2208 & 895 3588**

Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is
Tjaldaleiga skáta
Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

**SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA**
Guðrún Kristófersdóttir, sálfræðingur
Laugavegi 13, 2. hæð.
Tímapantanir og nánari upplýsingar í síma 857 6926 og gudrunkristofers@gmail.com

Belle jarðvegsþjöppur í miklu úrvali.
Nú er rétti tíminn að athuga með þjöppur, valtara eða hoppara fyrir vorið. Belle leysir vandann. www.bellegroup.com
BELLE
ÁSAFL EHF
Hjallahraun 2 - 220 Hafnarfj.
s. 562 3833 - 863 5512
www.asafl.is - asafl@asafl.is

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**
*Viðgerðir og viðhald fasteigna!*
*Alhliða húsaviðgerðir - Flísalagnir*
*Veggjakrotsvarnir - Múrverk*
*Fyrirbyggjandi varnir*
**Sími: 565-7070**

XPRENT -merkir allt
Hafðu samband við okkur ef þig vantar: bílamerkingar inni- og útimerkingar striga- og ljósmyndaprentun prentun á gsm hulstur límmiða á veggi texta á veggi ofl.
www.xprent.is
Xprent - Sundaborg 1 - 104 Rvk. - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

**VARAHLUTIR**
**Iveco • Benz • Man • Renault**
***Varahlutaþjónusta***
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

• Jarðvegsvinna
• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Húsarif
• Öll almenn verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

Eigum á lager aðalljós, afturljós og hliðarljós fyrir flestar gerðir vörubíla, höfum einnig úrval af boddý hlutum í vörubíla. Minnum einnig á varahlutaþjónustu í vörubíla og vinnuvélar.
OK VARAHLUTIR Sími: 696-1050 okspares@simnet.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**Startarar og alternatorar**
*Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar.*
*Varahluta og viðgerðaþjónusta, gerum föst verðtilboð í viðgerðir*
*55ár í þjónustu við bíleigendur!*
Ljósboginn Bíldshöfða 14 sími 553-1244
ljosboginnehf@simnet.is

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og slíkhald

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
GRAFARVOGS HJÓLBARÐA VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Vanity Fair
Vorum að taka upp nýjar vörur frá Vanity Fair
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Einbýli í Vogum 220 m2. 5 svefnherb., 2 baðherb. Leiga v. 185.000 kr. Hlynur s. 660 7609

**HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.**
Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgang að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.Price from 55.000.

**Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.

**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

## Atvinnuhúsnæði

**VIÐ SUND**
Til leigu 20 fm skrifstofu/þjónustuhúsnæði og 25 fm vinnustofa á 2. hæð. Sími 553 9820 og 894 1022

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

## atvinna


KJALLARINN
KITCHEN ~ BAR

Við leitum að úrvalsfólki á nýan og spennandi veitingastað í Kvosinni

Vönu aðstoðarfólki í sal og einnig faglærðu.

Umsóknir ásamt ferilsskrá óskast sendar á atvinna@kjallarinn.is



EIGNAMIÐLUN
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali
Frá 1957
Sala fasteigna í 57
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Hæð í vestuborginni óskast**

**Traustur kaupandi óskar eftir 120-160fm hæð í vesturborginni, góðar greiðslur í boði.**

**Nánari upplýsingar veita Sverrir og Brynjar.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT


# ATVINNA

## Atvinna í boði

**HEFUR ÞÚ REYNSLU AF ELDHÚSSTÖRFUM?**
Erum að leita að duglegu og kraftmiklu fólki til vinnu á nýjum og spennandi veitingastað á Suðurlandsbraut. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst,
**Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá á fresco@fresco.is**

SUBWAY

**SUBWAY, BANKASTRÆTI**
Leitar að starfsmanni í 100% dagvinnu. Æskilegt að viðkomandi sé 20 ára eða eldri. Nánari upplýsingar veitir Halla í síma 696-7086. Umsóknarform má finna á Subway.is.

SÓLAR

**SÓLAR EHF**
Óskum eftir hressu fólki í ræstingarvinnu, hlutastarf. Nánari uppl á skrifstofu Sólar Kleppsmýrarveg 8, 104 R milli 10-16. We are looking for people for cleaning jobs, part time. More info at Sólar office Kleppsmýrarveg 8, 104 R between 10-16. Must speak icelandic or english.

**JÁRNAVINNA / IRON JOB**
Vantar vana járnamenn í vinnu. Mikil vinna. Uppl. í s. 897 1995 / 893 1174 / 866 1083 jarnaverk@internet.is

**ROADHOUSE**
óskum eftir starfsmanni í eldhús, fullt starf. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af eldhússtörfum, enn ekki skilyrði. Vaktavinna. Sendið umsókn á: baldur@roadhouse.is

Veitingahús í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki í sal, hlutastarf. Uppl. í S. 822 5229.

## Atvinna óskast

Rafvirki, húsasmiður og málari geta bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 848 6904

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



Torfærukeppni í Jósepsdal til styrktar krabbameinssjúkum börnum 25 maí kl. 13:00. Miðaðverð 1500 kr frítt inn fyrir 12 ára og yngri.




FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar


## fasteignir


**Rekagrandi 2**
107 Reykjavík
4ra herb. íbúð ásamt stæði í bílag

Stærð: 101 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1984
Fasteignamat: 27.750.000
Bílskúr: Já



Opið Hús





Opið hús í dag frá kl 17:30-18:00

Verð: 36.900.000

Gullfalleg 101 fm 4ra herb. íbúð á 2 hæð ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Tvennar suður svalir.Endurnýjað snyrtilegt eldhús. Rúmgóð stofa og borðstofa með útgangi út á svalir. 3 herbergi, útgengt út á svalir frá hjónaherbergi. Baðherbergi með baðkari. Sameiginlegt þvottahús í kjallara ásamt geymslu.

RE/MAX Lind

Helgi J. Jónsson
Sölufulltrúi
7802700
helgi@remax.is



Þórunn Gísladótt
Lögg. fasteignasali
510 7900
thorunn@remax.is



RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is


# Boð um samstarf
## um nýtingu viðbótaraflaheimilda

Með breytingu á lögum nr. 116/2006 þann 25. júní 2013 samþykkti Alþingi að Byggðastofnun skuli hafa til ráðstöfunar aflaheimildir til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að auka aflaheimildir Byggðastofnunar um 1.100 þorskígildistonn og tekur breytingin gildi á næsta fiskveiðiári (2014/2015). Byggðastofnun hefur mótað eftirfarandi viðmið um úthlutun veiðiheimilda samkvæmt þessari heimild.

**Meginmarkmið verkefnisins er að auka byggðafestu í þeim sjávarbyggðum sem:**

- standa frammi fyrir alvarlegum og bráðum vanda vegna skorts á aflaheimildum eða óstöðugleika í sjávarútvegi.
- eru háðastar sjávarútvegi og eiga minnsta möguleika á annarri atvinnuuppbyggingu.
- eru fámennar, fjarri stærri byggðakjörnum og utan fjölbreyttra vinnusóknarsvæða.

**Í því skyni er stefnt að uppbyggingu í sjávarútvegi sem:**

- skapar eða viðheldur sem flestum heilsársstörfum fyrir bæði konur og karla við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi í viðkomandi sjávarbyggðum.
- stuðlar að sem öflugastri starfsemi í sjávarútvegi til lengri tíma og dregur sem mest úr óvissu um framtíð sjávarbyggðanna.

Stjórn Byggðastofnunar hefur á grundvelli greiningar á stöðu einstakra byggðarlaga ákveðið að auglýsa eftir samstarfsaðilum um nýtingu viðbótaraflaheimilda til að stuðla að meginmarkmiðum verkefnisins í eftirtöldum sjávarbyggðum sem falla að ofangreindum viðmiðum;

- **Breiðdalsvík í Breiðdalshreppi**
  **– allt að 150 þorskígildistonnum**
- **Djúpivogur í Djúpavogshreppi**
  **– allt að 400 þorskígildistonnum**
- **Hrísey í Akureyrarbæ**
  **– allt að 150 þorskígildistonnum**
- **Þingeyri í Ísafjarðarbæ**
  **– allt að 400 þorskígildistonnum**

**Endanlegt val á samstarfsaðilum mun byggja á eftirfarandi þáttum:**

- trúverðugum áformum um útgerð, vinnslu sjávarafurða eða aðra starfsemi.
- fjölda heilsársstarfa fyrir karla og konur.
- sem bestri nýtingu þeirra veiðiheimilda sem fyrir eru í byggðarlaginu.
- öflugri starfsemi til lengra tíma sem dregur sem mest úr óvissu um framtíðina.
- jákvæðum áhrifum á önnur fyrirtæki og samfélagið.
- traustri rekstrarsögu forsvarsmanna umsækjanda.

Umsóknum sem ekki falla að markmiðum verkefnisins verður hafnað.

Umsóknareyðublað, ásamt nánari upplýsingum er að finna á vef Byggðastofnunar: **www.byggdastofnun.is**.

Umsóknir skal senda til Byggðastofnunar, á netfangið **postur@byggdastofnun.is** fyrir kl. 12.00 miðvikudaginn 11. júní næstkomandi.

Nánari upplýsingar veita Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri og Sigurður Árnason, starfsmaður þróunarsviðs.

BYGGÐASTOFNUN

Sími 455 54 00 postur@byggdastofnun.is
Fax 455 54 99 byggdastofnun.is

## atvinna

**BYGG**

## Gröfu- og tækjamaður

Vanan gröfu- og tækjamann vantar
í hellulagningar og lóðafrágang.
Mikill vinna í boði fyrir vana menn

**Upplýsingar veitir Jón Hákon í síma 693-7319.**

## tilkynningar

## AUGLÝSING
## Leyfi til nýtingar við Fjallsárlón

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur ákveðið að auglýsa leyfi til nýtingar á landsvæði í Fjallsárlóni laust til umsóknar. Umrætt svæði er að hluta til í þjóðlendu. Leyfið er veitt á grundvelli 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Um er að ræða tímabundið leyfi frá 2. júní til 1. nóvember 2014. Handhafi leyfis skuldbindur sig til að greiða gjald vegna leyfisins og geta umsækjendur fengið nánari upplýsingar þar að lútandi á skrifstofu sveitarfélagsins.

Með auglýsingu þessari vill sveitarfélagið lýsa eftir aðilum sem áhuga kunna að hafa á starfsemi í þjóðlendu og uppfylla þau skilyrði sem kveðið er á um í reglum um úthlutun leyfa til nýtingar í þjóðlendum í Sveitarfélaginu Hornafirði. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is/stjornsysla og á skrifstofu sveitarfélagsins. Allar nánari upplýsingar má nálgast í síma 470-8000.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið umsókn til Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði eða á netfangið bryndis@hornafjordur.is **fyrir kl. 12:00, 26. maí 2014.**

*Bæjarstjórn*
*Sveitarfélagsins Hornafjarðar*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2014

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra auglýsir eftir umsóknum um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 2014. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land.

Framkvæmdasjóður aldraðra starfar samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglugerð nr. 468/2014 . Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra fer með stjórn sjóðsins og gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um úthlutun úr honum. Vísað er til reglugerðarinnar varðandi upplýsingar um þau verkefni sem heimilt er að veita framlög til.

Við ákvörðun um úthlutun er stefna heilbrigðisráðherra í öldrunarmálum höfð til hliðsjónar.

Vakin er athygli á að umsækjendum er gert að sækja um rafrænt og er umsóknarformið, ásamt nánari upplýsingum, aðgengilegt á vef velferðarráðuneytis http://www.velferdarraduneyti.is

Umsóknum ber að skila í síðasta lagi 13. júní 2014.

*Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra*

## tilkynningar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

### Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

**Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

1. **Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 á spildu úr landi Álfsstaða. Landbúnaðarsvæði í stað frístundabyggðar.**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi 1. apríl 2014 tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins á spildu úr landi Álfsstaða. Í breytingunni felst að svæði fyrir frístundabyggð, merkt F16, minnkar um 12,3 ha og verður 57,7 ha eftir breytingu í stað 70 ha. Umrætt svæði breytist í landbúnaðarsvæði til samræmis við aðliggjandi svæði. Að mati sveitarstjórnar er breytingin óveruleg og því ekki þörf á málsmeðferð skv. 30. – 32. gr. skipulagslaga.

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

2. **Breyting á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 í landi Syðri-Reykja. Nýtt efnistökusvæði.**
Lýsing breytingar aðalskipulags ásamt matslýsingu vegna nýs efnistökusvæði, Hrosshóll, syðst í landi Syðri-Reykja. Aðkoma að námunni verður frá Reykjavegi um 1,2 km langan veg meðfram suðurmörkum jarðarinnar. Náman mun ná yfir allt að 49 þúsund rúmmetra svæði og mun efnismagn vera allt að 149 þúsund rúmmetrar.

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynntar eftirfarandi tillögur að breytingum á aðalskipulagi**

3. **Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Stækkun Búrfellsvirkjunar.**
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir stækkun Búrfellsvirkjunar um allt að 140 MW með nýju stöðvarhúsi í Sámstaðaklifi ásamt tilheyrandi framkvæmdum. Fyrirhugað virkjanasvæði er að mestu leyti milli Búrfells og Sámstaðamúla og hefur því þegar verið raskað að stærstum hluta í tengslum við fyrri framkvæmdir við Búrfellsvirkjun. Afmarkað er nýtt iðnaðarsvæði, merk Í1a, sem er innan svæðis sem í dag er skilgreint sem svæði blandaðrar landnotkunar iðnaðarsvæðis- og opins svæðis til sérstakra nota, merkt Í1. Þá er gert ráð fyrir tveimur nýjum efnistökusvæðum, E8 sem er grjótnáma á iðnaðarsvæði í Sámstaðamúla og E9 sem er náma við ísakot.

4. **Breyting á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 í landi Lækjarhvamms. Smávirkjun.**
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir allt að 480 kW rennslisvirkjun í Heiðará og Þverá í landi Lækjarhvamms. Stífla í Heiðará verður í 115 m.y.s., 50 m breið og 4 m há og lónið um 0,2 ha að stærð. Stífla í Þverá verður í 114 m.y.s., 100 m breið og 5 m há og lónið um 0,5 ha. Frá stíflu við Þverá verður 950 m aðveitulögn að stöðvarhúsi við Grafará.

5. **Breyting á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 í landi Austureyjar 1. Svæði fyrir verslun- og þjónustu í stað íbúðarsvæðis.**
Í breytingunni felst að íbúðarsvæði í landi Austureyjar breytist í svæði fyrir verslun- og þjónustu. Í gildandi deiliskipulagi svæðisins eru afmarkaðar 4 íbúðarhúsalóðir á svæðinu þar sem byggja má allt að 400 fm íbúðarhús. Gert er ráð fyrir að í stað íbúðarhúsalóða verði á svæðinu ein lóð fyrir allt að 1.600 fm gistihús/hótel.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

6. **Deiliskipulag smávirkjunar fyrir fjarskiptastöð Neyðarlínunnar við Bláfell í Bláskógabyggð.**
Deiliskipulagið nær til svæðis við fjallið Bláfell á Kili þar sem fyrirhugað er að koma upp 10-20 kW smávirkjun til að sjá fjarskiptastöð Neyðarlínunnar fyrir rafmagni. Stífla, stöðvarhús og önnur mannvirki verða staðsett í um 620 m hæð.

7. **Deiliskipulag fyrir nýtt lögbýli við Brúará úr landi Efri-Reykja í Bláskógabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi fyrir nýtt lögbýli á lóðinni Efri-Reykir lóð 2 sem eru um 2,5 ha að stærð og liggur að Brúará með aðkomu frá Reykjavegi nr. 355. Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, gestahúss og skemmu á lögbýlinu.

8. **Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar á spildu sem kallast Engjateigur úr Álfsstöðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Íbúðarhús, hesthús og gistihús.**
Í gildi er deiliskipulag fyrir um 20 ha svæði þar sem afmarkaðar eru 6 frístundahúsalóðir á bilinu 9.000 til 23.491 fm auk þriggja 600 fm lóða fyrir hesthús. Breytingin gerir ráð fyrir að til viðbótar verði gert ráð fyrir þremur nýjum lóðum, eina fyrir allt að 250 fm íbúðarhús aðra fyrir allt að 200 fm hesthús og þá þriðju fyrir allt að 400 fm gistihús. Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við óverulega breytingu á aðalskipulagi svæðisins sem samþykkt var í sveitarstjórn 1. apríl og er sú niðurstaða kynnt hér samhliða (sjá mál nr. 1).

9. **Breyting á skilmálum frístundabyggðar í landi Efri-Reykja í Bláskógabyggð.**
Samkvæmt gildandi deiliskipulagi má þakhalli frístundahúsa vera á bilinu 15-45 gráður en breytingin gerir ráð fyrir að heimilt verði að vera með flatt þak, það er að segja að þakhalli frístundahúsa megi vera á bilinu 0-45 gráður.

10. **Breyting á deiliskipulagi Skógræktar ríkisins að Skriðufelli í Þjórsárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Skilmálar hjólhýsasvæðis.**
Um er að ræða ýmsar breytingar er varða reglur sem gilda á hjólhýsasvæði Skógræktar ríkisins í Skriðufelli s.s. varðandi leyfilegar framkvæmdir, umgengni o.fl.

11. **Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðis í landi Miðengis í Grímsnes- og Grafningshreppi. Fjórar nýjar íbúðarhúsalóðir.**
Um er að ræða íbúðarsvæði merkt sem íb9 í aðalskipulagi sveitarfélagsins og er staðsett á svæði rétt sunnan við bæjartorfu Miðengis. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi eru tvær íbúðarhúsalóðir á svæðinu en breytingin gerir ráð fyrir að bætt verði við fjórum 900 fm íbúðarhúsalóðum norðaustan við núverandi hús.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórna og á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.granni.is/uppsveitirogfloahr/auglysingar.htm.

Skipulagstillögur nr. 2 – 5 eru í kynningu frá 22. maí til 12. júní 2014 en tillögur nr. 6 - 11 frá 22. maí til 4. júlí. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 2 - 5 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 12. júní 2014 en 4. júlí fyrir tillögur nr. 6 - 11. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi**
**petur@sudurland.is**

## fasteignir

**JÖFUR** ATVINNUHÚSNÆÐI

**534 1020**

Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is




Til leigu 284 fm. rými með þremur rammgerðum og rúmgóðum hvelfingum. Hýsti áður bankahólf og listaverkasafn Landsbankans. Gott aðgengi bæði frá bílastæði norðan megin og í gegnum aðgangsstýrða lyftu úr anddyri hússins. Ágæt aðstaða fyrir starfsmenn. Hentar prýðilega sem listaverka- og skjalageymsla. Gæti verið aðstaða fyrir gagnaver þar sem tveir ljósleiðarar eru inn í húsið og ágætar rafmagnstengingar. Húsið er að öðru leyti fullútleigt.

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Ólafur Jóhannsson**
Rekstrarfræðingur
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
**534 1023 / 824 6703**
**olafur@jofur.is**




GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið


## FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Viðarás 37a - Reykjavík

**EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17.15-17.45**






Fallegt og vandað 192,8 fm. parhús á tveimur hæðum með 23,6 fm. innbyggðum bílskúr á mjög góðum stað í Selásnum. Stofa með góðri lofthæð og innfelldri lýsingu. Eldhús með eyju og fallegri eikarinnréttingu. Þrjú svefnherbergi. Skjólgóð viðarverönd til suðurs útaf neðri hæð og svalir til suðurs útaf efri hæð. Góð lofthæð í bílskúr og milliloft yfir hluta hans. **Verð 48,5 millj. Verið velkomin.**

## HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

**Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**

### Línakur 1c íbúð 205 – Garðabær – 4ra herb.

**Opið hús í dag milli kl. 17 og 17.30**




Hraunhamar fasteignasala kynnir sérlega fallega 4ra herbergja útsýnisíbúð á þessum eftirsótta stað við Línakur 1C í Garðabæ. Íbúðin er á annarri hæð með sér inngangi. Íbúðin er 121,7 fermetrar með geymslu. Eignin skiptist í Forstofu, hol, 3 svefnherbergi, stofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Fallegar innréttingar og gólfefni. **Verð 40,5 millj. Allar nánari upplýsingar gefur Þorbjörn Helgi sölumaður s. 896 0058.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

## MIÐBORGIN - EINSTAKUR STAÐUR



**Klapparstígur - íbúð 0201 og 0401.**
Erum með í sölu á þessum einstaka stað í miðborginni tvær virðulegar hæðir í steinhúsi sem byggt var 1927 .
Annarsvegar 2. hæð 190 fm 5-6 herb. íbúð (hefur verið nýtt sem skrifstofur) og hinsvegar á 4. hæð : 176 fm íbúð á efstu hæðinni sem er glæsileg 5-6 herb. mikið endurn íbúð. Hátt er til lofts og vítt til veggja. **Óskað er eftir tilboði í eignirnar.**



**Allar nánari upplýsingar hjá eftirtöldum fasteignasölum:**

**EIGNAMIÐLUN**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík
**Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fs.**
**Sími 899-1882**

**VALHÖLL** FASTEIGNASALA
**Heiðar Friðjónsson lögg.fs.**
**Sími 693-3356**

## Ásvallagata 31 Reykjavík

**OPIÐ HÚS í dag fimmtudag milli kl. 17:00 og 18:00**




Fjögurra herbergja 92,4 fm. íbúð á annarri hæð, tvö svefnherbergi og tvær stofur. Mjög mikið endurnýjuð, stílhrein og glæsileg íbúð í góðu þríbýlishúsi, steinhúsi byggðu 1930 á þessum óviðjafnanlega stað. **Ásett verð 39,9 millj.**

**Sigurður Örn í síma 893-4494 sýnir íbúðina í dag fimmtudag milli kl. 17:00 og 18:00**

**FBJ Fasteignasala Brynjólfs Jónssonar Sími 511 1555**

## Fasteignasala Mosfellsbæjar

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Opið hús í dag fimmtudag frá kl. 17:00 til 17:30**




### Jötnaborgir 7 - 112 Reykjavík

Mjög fallegt 180,2 m2 parhús á tveimur hæðum með bílskúr á fallegum útsýnisstað við Jötnaborgir 7 í Grafarvogi. Eignin skiptist í forstofu, gestasalerni, stóra stofu/borðstofu og eldhús á efri hæð og sjónvarpshol, 2 barnaherbergi, baðherbergi, stórt hjónaherbergi m/fataherbergi, þvottahús og geymsla á neðri hæð. **V. 49,5 m.**

**Einar Páll Kjærnested Löggiltur fasteignasali**

**Fasteignasala Kópavogs**
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta
**S. 517 2600**
gunnlaugur@fastko.is

STUÐLABERG FASTEIGNASALA
**S. 420 4000**
studlaberg@studlaberg.is

### Steinás, Reykjanesbæ - Til sölu eða leigu

**Opið hús fimmtudag 22. maí kl. 18.00 - 19.00**




Stórglæsilegt einbýlishús, 211,2 m2, þar af 51,4 m2 bílskúr. 3 – 4 svefnherbergi, stórar svalir og gott útsýni. Um er að ræða virkilega vandaða eign að öllu leiti og á góðum stað innst í botnlangagötu. Verðlaunagarður.
**Upplýsingar um leigu gefur Hjalti í síma: 660-8132**
**Verð kr. 52,8 milj.**

**Nánari upplýsingar veitir Gunnlaugur Hilmarsson, lögg. fasteignasali og viðskiptafræðingur í síma 777 56 56, gunnlaugur@fastko.is www.fastko.is og Halldór Magnússon lögg.fasteignasali í 863-4495, dori@studlaberg.is**

**Vegna mikillar sölu vantar fleiri eignir á skrá.**


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT




Áratuga reynsla af samlokugerð skilar sér til þín í ferskara og ljúffengara salati. Þú getur treyst á ferskt og vel útilátið gæðahráefni sem breytir venjulegri brauðsneið í veislu.



SÓMI

Ferskt á hverjum degi





2 | KL. 20:15
**Masterchef USA**
Matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld



2 | KL. 19:50
**Friends With Better Lives**
Glæný gamanþáttaröð sem hefur verið líkt við gömlu góðu Friends-þættina.



2 | KL. 21:00
**NCIS**
Níunda þáttaröðin af þessum stórgóðu spennuþáttum.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00
**Charlie Wilson's War**
Mögnuð mynd með Julia Roberts, Tom Hanks og Philip Seymour Hoffman í aðalhlutverkum.



GULL STÖÐIN | KL. 19:35
**Two And a Half Men**
Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með Ashton Kutcher í aðalhlutverki.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.




3 | KL. 19:50
**American Idol**
Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | | 2 | 7 | |
| 6 | | 2 | 3 | 7 | | | | 5 |
| | 9 | | | | | | | |
| | | 7 | | 8 | | 3 | | 2 |
| | 4 | 1 | | 9 | | | 6 | |
| 8 | | | 6 | | | 4 | | |
| 9 | | | 7 | | | | | 4 |
| 3 | | 5 | | | 4 | | | |
| | | | 9 | 5 | | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 4 | | | 1 | | 8 |
| 4 | | | 7 | | 3 | 2 | | |
| | 9 | 1 | | | | | 3 | |
| | | 5 | 6 | | | | | |
| | | | 8 | 3 | | | | |
| 8 | 6 | | 2 | 5 | 7 | | | |
| | | | | | | 8 | 2 | 3 |
| 9 | 7 | | | | | | 5 | 1 |
| | | 8 | | | 6 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 7 | | | 8 | | | 4 |
| | 2 | | | | | | 3 | |
| | | | | | 7 | 6 | | 2 |
| | | | | | | 8 | 7 | |
| 1 | | 6 | | | 9 | | | |
| | | 3 | 2 | | | | | 9 |
| | | | 5 | | 2 | 1 | | |
| 4 | | | 6 | | | | | |
| | 9 | | 7 | | 1 | | | 5 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | 3 | 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 6 |
| 9 | 6 | 4 | 2 | 3 | 7 | 8 | 1 | 5 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 8 | 5 | 9 | 3 | 4 |
| 1 | 2 | 8 | 5 | 7 | 3 | 6 | 4 | 9 |
| 3 | 9 | 6 | 4 | 1 | 8 | 5 | 2 | 7 |
| 4 | 7 | 5 | 9 | 6 | 2 | 3 | 8 | 1 |
| 6 | 3 | 9 | 7 | 2 | 4 | 1 | 5 | 8 |
| 2 | 4 | 1 | 8 | 5 | 6 | 7 | 9 | 3 |
| 5 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 | 4 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 5 | 7 |
| 6 | 3 | 4 | 5 | 7 | 2 | 8 | 9 | 1 |
| 7 | 1 | 5 | 3 | 8 | 9 | 2 | 4 | 6 |
| 4 | 8 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 | 3 | 5 |
| 9 | 5 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 | 1 | 8 |
| 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 2 |
| 5 | 9 | 8 | 4 | 2 | 1 | 6 | 7 | 3 |
| 2 | 4 | 1 | 7 | 6 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 | 6 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 5 | 3 | 9 | 8 | 4 | 7 |
| 4 | 7 | 8 | 1 | 2 | 6 | 5 | 3 | 9 |
| 2 | 5 | 3 | 8 | 1 | 7 | 9 | 6 | 4 |
| 6 | 1 | 4 | 9 | 5 | 3 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 8 | 9 | 2 | 6 | 4 | 1 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 8 | 2 | 7 | 9 | 5 |
| 8 | 6 | 7 | 3 | 9 | 5 | 4 | 2 | 1 |
| 5 | 9 | 2 | 4 | 7 | 1 | 3 | 8 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Fólk deyr af því að því finnst lífið of sársaukafullt.“
*Malcolm Fraser*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
2. læra, 6. hljóm, 8. málmur, 9. hluti kynfæra, 11. tónlistarmaður, 12. kompa, 14. einkennis, 16. fyrirtæki, 17. hlaup, 18. hylli, 20. tveir eins, 21. horfðu.

**LÓÐRÉTT**
1. lýð, 3. tveir eins, 4. eyja, 5. rölt, 7. sætuefni, 10. skap, 13. starfsgrein, 15. óhapp, 16. máltíð, 19. tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. lesa, 6. óm, 8. eir, 9. leg, 11. kk, 12. klefi, 14. aðals, 16. ms, 17. gel, 18. ást, 20. yy, 21. litu.
**LÓÐRÉTT:** 1. fólk, 3. ee, 4. sikiley, 5. ark, 7. melassi, 10. geð, 13. fag, 15. slys, 16. mál, 19. tt.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Ingvar Þór Jóhannesson (2.372) hafði hvítt gegn Guðmundi Halldórssyni (2.196) í síðustu umferð Wow air Vormóts TR.**

**Hvítur á leik:**



**47. Bxg6+! Kg8** (47.…Kxg6 48. Dd3+ Kg5 49. Be7+) **48. Bxf7+ Kxf7 49. Df3+ Kg6 50. Dd3+Kf7 51. Df3+ Kg6 52. Dh3+ Dg5.** Hér missti Ingvar af 53. Kf3 og þá er svartur í algjörri leikþröng. Ingvar lék 53. Dd3+ og skákinni lauk með jafntefli eftir 81 leik. **www.skak.is** Íslandsmótið hefst á morgun.


GLEÐILEGT
SUMAR
SJÓÐHEIT SUMARVERÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM
4BLS
NÝR SJÓÐHEITUR SUMARBÆKLINGUR STÚTFULLUR AF SNILLD :)
LIVE SAFE 2014
VÖRN FYRIR ÖLL TÆKI HEIMILISINS. TÖLVUR, SÍMA OG SPJALDTÖLVUR
6.990
McAfee
An Intel Company
ÖRYGGISVÖRN
Heildarlausn á öllu öryggi í tölvunni þinni, öflugasta öryggisvörnin ásamt eldvegg sem ver heimanetið
2.990
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
lenovo
7” IDEATAB
Öflug 7” Dual Core spjaldtölva með björtum og skörpum 7” LED skjá og hágæða Dolby Digital Plus hljóðkerfi
16.900
ÓMISSANDI Í SUMARFRÍIÐ:)
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
15.6”
FARTÖLVA
Frá Packard Bell með Intel Dual Core örgjörva, 4GB Minni, 500GB harðdisk, Windows 8.1 og nýjustu tækni
49.900
SJÓÐHEITT SUMARVERÐ:)
AÐEINS 100STK Á ÞESSU VERÐI!
ALGENGT VERÐ 69.900
ENN BETRA VERÐ
SAMSUNG
10” GALAXY TAB3
Stórglæsileg Galaxy Tab 3 með ótrúlegum 10.1” fjölsnertiskjá, öflugum Dual Core örgjörva
43.900
8” 39.900 | 7” 29.900
USB 3.0
10X HRAÐARA TENGI OG SAMHÆFT VIÐ ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA
4.0
HÁHRAÐA BLUETOOTH GAGNAFLUTNINGUR
Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3,5% lántökugjald og 340kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
0%
VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# Fjórir ólíkir listamenn í beinum útsendingum

Fyrsti þáttur af fjórum í sýningunni The Five Live Lo Fi fer fram í Kling & Bang í dag og er sendur út beint á E.S.P. TV NYC.

Frá New York er kominn listahópurinn E.S.P. TV sem hittir fyrir listamennina Ásdísi Sif Gunnarsdóttur, Kolbein Huga Höskuldsson, Helga Örn Pétursson og Rebekku Moran og fá áhorfendur að fylgjast með samtali þeirra í beinni útsendingu í Kling og Bang galleríi.

„E.S.P. TV er fyrirbæri frá New York sem fer gjarnan í samstarf með myndlistarmönnum og er með beinar útsendingar á netinu frá alls konar viðburðum,“ segir Elísabet Brynhildardóttir, einn meðlima Kling & Bang-hópsins. „Þannig að sýningin verður í rauninni eins og nokkurs konar upptökustúdíó.“

Útsendingarnar verða fjórar, einn listamaður í hverri. „Það bætist sem sagt smátt og smátt við sýninguna og markmiðið er sem sagt að búa til eitt stórt verkefni sem fjórir ólíkir listamenn koma að og vinna hver fyrir sig en myndar ákveðna heild þegar upp er staðið,“ segir Elísabet.

Sent er út beint á heimasíðu E.S.P. TV á slóðinni esptvnyc.com.

-fsb

## THE FIVE LIVE LO FI

**PÁTTUR 1** Kolbeinn Hugi – **opnun 22. maí klukkan 19**

**PÁTTUR 2** Ásdís Sif – **opnun 24. maí klukkan 17**

**PÁTTUR 3** Rebekka Moran – **opnun 29. maí klukkan 17**

**PÁTTUR 4** Helgi Örn Pétursson – **opnun og lokunarpartý 31. maí klukkan 17.**



**FYRSTI ÞÁTTUR** Kolbeinn Hugi Höskuldsson á fyrsta þáttinn sem sýndur verður í dag og kallast hann Spasm.

## LISTAHÁTÍÐ Í DAG

**17.30 Turiya** eftir **Högna Egilsson** – opnunarverk Listahátíðar í Reykjavík við Tjörnina í Reykjavík.
**18.00 Kortlagning lands** í Hverfisgalleríi – opnun.
**18.00 Í þínar hendur** í Spark Design – vinnustofa hefst.
**20.00** Kammersveit Reykjavíkur: **Pierrot prójektið** í Norðurljósasal Hörpu.
**20.00 The Five Live Lo Fi** í Galleríi Kling & Bang – fyrsta opnun af fjórum.
**20.00 Fantastar** í Brimhúsinu við Geirsgötu.

## → Turiya Högna

28. Listahátíð í Reykjavík verður opnuð með nýrri tónsmíð Högna Egilssonar sem verður meðal annars flutt með kirkjuklukkum í miðborginni.



Þungamiðja verksins er Tjörnin í Reykjavík og hæðirnar í kringum hana. Klukkur Landakotskirkju og Hallgrímskirkju leika stórt hlutverk. Hægt verður að njóta verksins víða í miðborginni en Högni stjórnar flutningnum frá Tjörninni.

Högni hefur samið tónlist fyrir Konunglega Shakespeareleikhópinn fyrir uppfærslu hans á verkinu The Heart of Robin Hood, fyrir uppfærslu Þjóðleikhússins á Englum alheimsins og einnig fyrir kvikmyndina Days of Gray. Nýverið frumflutti Blásarakvintett Reykjavíkur verk Högna, Tetiana Chornovol's Moment.



**HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR** „Ég er að syngja Pierrot lunaire í fyrsta skipti og það er mikil áskorun að takast á við þetta verk.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Dramatík, drungi, hrollur og kaldhæðni

Hanna Dóra Sturludóttir mezzósópran er í aðalhlutverki á opnunartónleikum Listahátíðar. Hún syngur verk eftir Arnold Schönberg og Atla Heimi Sveinsson með Pierrot-hópi Kammersveitar Reykjavíkur, slagverksleikara og drengjasópran.

Á opnunartónleikum Listahátíðar mun Kammersveit Reykjavíkur flytja verkið Pierrot lunaire eftir Arnold Schönberg við ljóð Alberts Giraud og frumflytja nýtt verk eftir Atla Heimi Sveinsson sem er samið fyrir sömu hljóðfæraskipan. Hanna Dóra Sturludóttir mezzósópran syngur aðalhlutverk í báðum verkunum.

„Ég er að syngja Pierrot lunaire í fyrsta skipti og það er mikil áskorun að takast á við þetta verk en líka mjög skemmtilegt,“ segir Hanna Dóra. „Bæði ljóðin og tónlistin soga mann inn í hugarheim þar sem alls konar andlit koma fram. Þar er dramatík, drungi og hryllingur en samt dálítil kaldhæðni undirliggjandi.“ Verk Atla, Hér vex enginn sítrónuviður, byggir á úrvali ljóða úr samnefndri ljóðabók Gyrðis Elíassonar. „Það er líka alveg svakalega gaman að fá að frumflytja það verk,“ segir Hanna Dóra. „Þetta eru mjög knappir og beinskeyttir textar hjá Gyrði og Atli tekur nokkur ljóðanna og setur saman í eina heild sem er bundin saman með millispilum sem hljómsveitin spilar auk slagverksleikarans Franks Aarnink og Benedikts Gylfasonar drengjasóprans, sem er mjög einbeittur og upprennandi listamaður.“

Króatíski myndbandshönnuðurinn, leikstjórinn og tónlistarmaðurinn Valerij Lisac sér um sviðsetningu tónleikanna og listræna umgjörð sem hverfist um verkið Pierrot lunaire. Hanna Dóra vill ekki gefa of mikið upp um sviðssetninguna til að spilla ekki fyrir upplifun áhorfenda. „Valerij er búinn að undirbúa sig mjög vel og kemur með sjónræna upplifun sem bætist við í Pierrot lunaire, en sjón er sögu ríkari og fólk verður bara að bíða og sjá. Hugmyndirnar hans eru mjög spennandi og bæta nýrri vídd við verkið.“

Spurð hvort ekki fylgi því aukið álag að syngja á opnunarhátíð Listahátíðar segist Hanna Dóra lítinn tíma hafa haft til að hugsa um það. „Auðvitað er rosalega glæsilegt að fá að taka þátt í opnunartónleikum Listahátíðar,“ segir hún. „Ég er bara svo einbeitt í því sem ég er að gera að ég er lítið búin að velta því fyrir mér.“

fridrikab@frettabladid.is

## → Pierrot-hópur Kammersveitar Reykjavíkur

**Áshildur Haraldsdóttir** á flautu og pikkolóflautu,
**Rúnar Óskarsson** á klarínett og bassaklarínett,
**Anna Guðný Guðmundsdóttir** á píanó,
**Una Sveinbjarnardóttir** á fiðlu og víólu,
**Hrafnkell Orri Egilsson** á selló.
Stjórnandi er **Bernharð Wilkinson**.

MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI 1974-2014
Skóli með sterkan prófíl
auglýsir inntöku nýrra nemenda fyrir skólaárið 2014-2015

FAGURLISTADEILD - FRJÁLS MYNDLIST

Námið í Fagurlistadeild er fjölþætt, þriggja ára sérhæft nám sem veitir starfsmenntun í frjálsri myndlist. Nemendur fá nauðsynlega þjálfun og tilsögn sem gerir þá hæfari til að takast á við ólík viðfangsefni og fjölbreyttar aðferðir í listsköpun sinni.
Námseiningar: 180

LISTHÖNNUNARDEILD - GRAFÍSK HÖNNUN

Í grafískri hönnun er lögð áhersla á tækniþekkingu og frumlega framsetningu hugmynda. Á þremur árum öðlast nemendur yfirgripsmikla þekkingu og þjálfun í faginu, sem gerir þá hæfa til að fást við krefjandi verkefni á sviði hönnunar fyrir prentmiðla og margmiðlun.
Námseiningar: 180

MYNDLIST - HÖNNUN - ARKITEKTÚR

Alhliða undirbúningur fyrir nám í hönnun og listum. Listrænn og tæknilegur undirbúningur fyrir framhaldsnám á sviði myndlistar, hönnunar og arkitektúrs. Eins árs hnitmiðað 72ja eininga heildstætt nám í sjónlistum.



Umsóknarfrestur til 4. júní. Nánari upplýsingar á www.myndak.is Sími 462 4958



„Fimm stjörnu leikhúsveisla...alvöru leikhús,... gríðarlega vel skrifað, aðalleikarar fara á kostum og tæknivinnan er listaverk...“
BL, pressan.is
„Þorvaldur Davíð er fantagóður og heillandi...“
HA, DV
„Konfekt fyrir augað þessi sýning... snilldarlega gert“
LP, Rás 2
„Sjónræn og vel gerð sýning...“-
JBG, Fbl
„...ótrúlega flott á allan hátt... ég var eiginlega agndofa.“
JAB, Viðskiptablaðið
“An adrenaline rush that blasts the nine-to-five blues into outer space. Go and see it – you'll have a BLAM!”
Metro
„Frábært sýning“
VG, Fbl
“Raucous piece of slapstick physical theatre”
The Times
„Hin fullkomna skemmtun“
HSS, Mbl
“Jaw-dropping”
Time Out London
BLAM!
FURÐULEGT HÁTTALAG HUNDS UM NÓTT
Die hard meets the office
Ljúffengt leikhúskvöld!
Fullkomnaðu leikhúsupplifunina. Pantaðu gómsæta rétti til að njóta fyrir sýningu eða í hléi.
Síðasti séns!
Að sjá þessar rómuðu sýningar
Fim 22/5 kl. 20 **örfá sæti**
Fös 23/5 kl. 20 **örfá sæti**
Lau 24/5 kl. 20
Lau 31/5 kl. 20
Sun 1/6 kl. 20 **örfá sæti**
Fös 6/6 kl. 20
Lau 7/6 kl. 20 **lokasýn.**
Fim 19/6 kl. 20 **UPPSELT**
Fös 20/6 kl. 20 **örfá sæti**
Lau 21/6 kl. 20 **örfá sæti**
Sun 22/6 kl. 20 **lokasýn.**
Íslandsbanki
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# Túlkar heimaland fugla og friðsældar

Torfi Ásgeirsson horfir til hafs og fjalla í myndverkum sínum en málar ekki tiltekna staði. Hann er með sýningu í Galleríi Ormi í Sögusetrinu á Hvolsvelli.

„Ég sæki innblástur í íslenska náttúru, tærleikann og tímaleysið sem þar er að finna, án þess þó að endurspegla raunveruleikann í myndunum mínum,“ segir Torfi Ásgeirsson myndlistarmaður. Ekki síst kveðst hann leitast við að túlka heimaland fugla og friðsældar.

Torfi heldur málverkasýningu í Galleríi Ormi í Sögusetrinu á Hvolsvelli um þessar mundir. Þar eru átján verk máluð með olíu á striga og talsverður fjöldi vatnslitamynda.

Torfi er menntaður í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og er starfandi myndlistarmaður. Hann hefur víða sýnt, meðal annars í Ásmundarsal, tvívegis í Safnahúsinu á Húsavík, í Hafnarhúsinu í Reykjavík og í Eiðisskeri á Seltjarnarnesi. Spurður hvers vegna hann hafi valið Sögusetrið sem sýningarstað nú svarar hann: „Ég hef alltaf gaman af að fara út á land og finnst við hæfi að kynna mig aðeins á Suðurlandinu. Rætur mínar eru samt fyrir norðan, á Halldórsstöðum í Laxárdal, þar átti ég heima til níu ára aldurs. Þá átti að fara að virkja Laxána og við fluttum á mölina.“ **-gun**



**MYNDLISTARMAÐURINN** Torfi sækir innblástur í íslenska náttúru, án þess þó að endurspegla raunveruleikann. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**LJÓSMYNDARINN** „Á veggjunum snýst ekkert um mig heldur það sem ég hef tekið myndir af,“ segir Rax. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Myndir sem spegla samtímann og söguna

Mannlíf og náttúra á norðurslóðum og líka einstakar fréttamyndir eru í forgrunni á sýningu Ragnars Axelssonar ljósmyndara, sem opnuð verður í Ljósmyndasafni Reykjavíkur á laugardag. Svo eru nokkrar frá því hann var að byrja.

„Sýningin er svona yfirlit yfir árin. Úr ævintýraferðum og úr sögunni,“ segir Ragnar Axelsson ljósmyndari um sýninguna Spegill lífsins, sem opnuð verður í Ljósmyndasafni Reykjavíkur á laugardaginn. Sjálfur kveðst hann ekki geta verið við opnunina því þá verði hann kominn til Grænlands.

Á veggjunum eru stórar myndir úr bókunum hans, af heimi og lífsbaráttu veiðimanna á Grænlandi, einnig bænda og sjómanna á Íslandi og í Færeyjum og myndir frá Síberíu. Svo eru fréttamyndir á einum vegg. „Fréttamyndirnar eru frá þeim tíma sem við vorum alltaf á ferðinni,“ segir hann. „Frá Eystrasaltsríkjunum á tímamótum, skipsströndum og eldgosum. Brot af þessu. Nokkuð flott sýnishorn bæði af nýju og gömlu.“

Talandi um gamalt. Ragnar segir þrjá glerkassa á sýningunni með litlum myndum frá því hann var að byrja. „Sumar eru frá Kvískerjum í Öræfum þar sem ég var á sumrin sem strákur. Þar byrjaði þetta allt. Ég smíðaði mér kassa til að vera í við að taka myndir af skúmum á hreiðrum. Þá uppgötvaði ég að fuglar kunna bara að telja upp að einum. Ef ég fór einn í kassann þá settust fuglarnir ekki á hreiðrin en ef Hálfdán eða Helgi á Kvískerjum voru með mér og gengu til baka þá settust fuglarnir og ég gat myndað. Þetta var paradís og þarna hófst minn ferill. Svo kenndi pabbi mér að framkalla þegar ég kom heim.“

Ragnar tekur fram að á veggjunum sé verið að spegla samtímann og söguna. „Þar snýst ekkert um mig heldur það sem ég hef tekið myndir af,“ segir hann ákveðinn.

Þess má geta að um þessar mundir kemur út ný ljósmyndabók Ragnars í hinni þekktu frönsku ljósmyndabókaritröð Photo Poche. Hérlendis verður bókin gefin út á ensku af útgefanda Ragnars, Crymogeu.

Sýningin í Ljósmyndasafni Reykjavíkur er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík 2014 og stendur til 7. september.

**gun@frettabladid.is**

## Hvernig er að eldast?

Þjóðminjasafn Íslands hefur frá 1960 safnað heimildum um lífshætti landsmanna með því að senda út spurningaskrár en yfir 100 slíkar rannsóknir hafa verið gerðar. Nýjasta rannsóknin lýtur að upplifun fólks á því að eldast. Tilgangurinn með spurningaskránni er að safna almennum upplýsingum um hvernig það er að eldast, daglegt líf, hreyfingu, lífsstíl og samskipti en einnig virðingu og sjálfstæði. Mikið vantar upp á þekkingu okkar um hugmyndir fólks, tilfinningar og upplifun af því að verða eldri og því leitar Þjóðminjasafnið nú eftir aðstoð fólks við að afla heimilda.

Spurningaskráin er aðgengileg á heimasíðu safnsins: Spurningaskrá 120-Að eldast.

Svör má senda inn rafrænt á netfangið agust@thjodminjasafn.is. Einnig er hægt að fá sent eintak af spurningaskránni ásamt umslagi sem má setja ófrímerkt í póst. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 530 2246 eða með tölvupósti: agust@thjodminjasafn.is.



**ELLIN** Þjóðminjasafnið vill vita hvernig það er að eldast á Íslandi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kræklingur sem heillar með ljúfum tónum

Risakræklingur var sjósettur í höfninni við Brimhúsið í gær. Kræklingurinn er hluti af leikmynd sýningarinnar Fantastar sem frumsýnd verður í kvöld. Í honum verður komið fyrir hljóðfæri sem tekur á móti gestum með ljúfum tónum eftir að leiksýningunni lýkur. Tinna Ottesen er leikmyndahönnuður sýningarinnar.

Þessi glæsilegi kræklingur sem sjósettur var í gær er hluti leikmyndar í sýningunni Fantastar. Tinna Ottesen hannaði leikmyndina sem inni í Brimhúsinu er í formi hvals sem áhorfendur ganga í gegnum. Eftir þá hreinsunargöngu bíður kræklingurinn við bryggju. „Úr kræklingnum ómar tónlist sem tekur á móti gestum þegar þeir koma út um sporðinn,“ segir Tinna. „Þannig að fólk getur staldrað við og melt það sem það gekk í gegnum í hvalnum á meðan það nýtur þess að horfa og hlusta á kræklinginn.“

„Fantast er orð sem notað er í dönsku og ensku og það íslenska orð sem kemst næst merkingunni er sennilega athafnaskáld,“ segir Tinna. „Fantastinn er draumóramaður með rosalega athafnagleði sem framkvæmir ótrúlegustu hluti sem venjulegu fólki dettur aldrei í hug. Það eru svona týpur í öllum litlum samfélögum, menn sem hrinda einhverju í framkvæmd bara til að geta sagt söguna af því.“ Fantastar er samvinnuverkefni listamanna frá Íslandi, Grænlandi, Færeyjum og Danmörku undir stjórn Margrétar Vilhjálmsdóttur leikkonu og verður frumsýning í Brimhúsinu við Geirsgötu klukkan 20 í kvöld. **- fsb**




**FLJÓTANDI HLJÓÐFÆRI** „Úr kræklingnum ómar tónlist sem tekur á móti gestum þegar þeir koma út um sporðinn,“ segir Tinna Ottesen, leikmyndahönnuður Fantastar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Litir og form breyta náttúrunni í hugrænni stað

Hugrænir litheimar nefnist málverkasýning sem Hulda Hlín Magnúsdóttir opnar í Bókasafni Seltjarnarness í dag.

Hulda Hlín Magnúsdóttir, opnar í dag klukkan 17 myndlistarsýninguna Hugrænir litheimar í Eiðisskeri, sýningarsal Bókasafns Seltjarnarness.

Á sýningunni má sjá olíumálverk og teikningar þar sem draumkenndri veröld í sterkum litum bregður fyrir. Olíumálverkin eru flest stór í sniðum og sum verkin eru innblásin af íslenskri náttúru en litir og form breyta þeim í annan og hugrænni stað, að því er fram kemur í tilkynningu.

Hulda Hlín Magnúsdóttir ólst upp í Kaupmannahöfn, París og Reykjavík og nam málaralist í Flórens, Feneyjum, Bologna og Róm. Hún útskrifaðist í málaralist með hæstu einkunn og láði frá Accademia di Belle Arti í Róm og hefur haldið einka- og samsýningar hérlendis og á Ítalíu. Hulda Hlín lauk mastersnámi í listasögu frá Bolognaháskóla með mastersritgerð á sviði litafræði og merkingarfræði hins sjónræna.

Sýningin verður opin frá mánudegi til fimmtudags frá klukkan 10 til 19 og á föstudögum frá klukkan 10 til 17.

- fsb



**HULDA HLÍN** Litadýrð sem opnar hugræna heima.



**SPOR** Eitt af verkum Sigurjóns.

## Tvær sýningar á Sigurjóni

Listasafn Íslands efnir til tveggja yfirlitssýninga á verkum Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara. Sú fyrri verður opnuð í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg á föstudaginn, 23. maí. Þar verða lykilverk eftir listamanninn frá árunum 1936 til 1982.

Síðari sýningin verður opnuð daginn eftir, laugardaginn 24. maí, klukkan 14 í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnestanga. Þar verða valin verk frá námsárum hans í Kaupmannahöfn 1928 til 1935.

Árið 2012 var Listasafn Sigurjóns Ólafssonar gefið Listasafni Íslands og er nú deild innan þess.

-gun

## Hringiða í Árnessýslu

Sýningin Hringiða – Cyclone verður opnuð í Listasafni Árnesinga á laugardaginn klukkan 12. Sýningin er einnig á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík. Við opnuna verður fluttur gjörningur eftir Lilju Birgisdóttur.

Hringiða er margmiðlunarinnsetning þar sem hljóð og mynd hreyfa við hugmyndum um landamæri eða mörk, raunveruleg og ímynduð. Verkið er samstarfsverkefni finnska sýningarstjórans Mari Krappala og sex listamanna, íslenskra og erlendra.

Frá Íslandi leggur Katrín Elvarsdóttir fram ljósmyndir og Lilja Birgisdóttir hljóðverk. Þrír finnskir ljósmyndarar, Eeva Hannula, Hertta Kiiski og Tiina Palmu, hafa í sameiningu unnið tvö myndbönd fyrir sýninguna og frá eistneska listamanninum Marko Mäetamm kemur margslungið verk. Allt eru þetta ný verk sem ekki hafa verið sýnd áður nema verk Mätamms sem tilnefnt var til virtra eistneskra verðlauna 2012, Köler-verðlauna Samtímalistasafnsins í Tallinn, en það er nú sett upp í nýju og stærra samhengi.



**LILJA BIRGISDÓTTIR**

ENNEMM / SÍA / NM62401



Húseignir til sölu

Íslandsbanki auglýsir til sölu húsin við Lækjargötu 12 og Vonarstræti 4b (bakhús) í Reykjavík. Óskað er eftir tilboðum í húsin fyrir kl. 12.00 fimmtudaginn 5. júní 2014.

Lækjargata 12

Hýsir í dag útibú Íslandsbanka auk annarrar starfsemi. Húsið er á fimm hæðum auk kjallara og er birt stærð þess 2.272 m². Bílastæði fylgja á báða vegu.

Vonarstræti 4b

Bakhús aftan við Lækjargötu 12 og hýsir í dag Hönnunarmiðstöð Íslands. Húsið er á tveimur hæðum og er birt stærð þess 293 m².

Lóðin sem húsin standa á er á besta stað í miðbænum, á horni Lækjargötu og Vonarstrætis. Stærð lóðarinnar er 2.062 m² og samkvæmt gildandi deiliskipulagi er heimilt byggingamagn á lóðinni 7.340 m² ofanjarðar auk 814 m² bílakjallara.

Hægt er að bóka skoðun hjá Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka:
Narfi Snorrason, s. 440-4541
Sigrún Hjartardóttir, s. 440-4748

Húsið verður sýnt miðvikudaginn 28. maí nk. kl. 10.00-15.30.

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

# ÓDÝRT PALLAEFNI



| Vnr. 0058324 Fura, alheflað, 27x95 mm, AB-gagnvarið. | Vnr. 0058274 Fura, alheflað pallaefni, gagnvarið, ECO-GR. 27x95 mm. | Vnr. 0058224 Fura, alheflað pallaefni, gagnvarið, ECO-GR. 22x95 mm. | Vnr. 0058254 Fura, alheflað pallaefni, gagnvarið, ECO-GR. 22x95 mm. |
|---|---|---|---|
| 219 kr./lm. | 185 kr./lm. | 165 kr./lm. | 185 kr./lm. |

**BANGKIRAI**
harðviður með rásum
**1.295** kr./lm.
Vnr. 0039481 21x145 mm

**VIÐHALDSLÍTIÐ PLASTPALLAEFNI**
**1.095** kr./lm.
Vnr. 0039510 ljósgrátt 23x146 mm 3,6 m
Vnr. 0039514 dökkgrátt 23x146 mm 3,6 m

**LERKI**
Rásað
**685** kr./lm.
Vnr. 0053275 27x117 mm

0%

## Vaxtalaust lán
BYKO býður kortalán án vaxta í allt að 12 mánuði. Sjá nánar á www.byko.is.

**Einhell®**



Vnr. 74808015
EINHELL borðsög
TH-TS 1525 U.
**29.995** kr.

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

Sjá pallareikni á byko.is

## DVERGARNIR
- ný tegund stólpa fyrir smáhýsi, sólpalla, girðingar, skilti og flaggstangir.



Vnr. 0251670
Dvergur, Purkur, 60 cm, 50 kg.
**8.695** kr.



SKIL
Vnr. 74092400
SKIL rafhlöðuborvél, 10,8V, 2 rafhlöður.
**16.995** kr.

4 LÍTRAR



málning
Vnr. 86363340
Kjörvari 12, pallaolía, fura, 4 l.
**4.695** kr.

3 LÍTRAR



Vnr. 80602503
TREOLJE pallaolía, ljósbrún, 3 l.
**2.395** kr.



Vnr. 0291412
SALVIA ESPALE girðingaefni 1800x1800 mm.
**15.995** kr.



Vnr. 0291451
Garðborð, 1540x1770x710 mm, brúnt.
**15.995** kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

facebook.com/BYKO.is




Vnr. 53323140
Sláttuvél OY510S, 5,5 hestafla fjórgengismótor, 163cc, 2,6kw, 51 cm sláttubreidd, 60 l safnpoki, hæðarstilling 25–75 mm.
**59.995 kr.**

# HÖFUM ÞAÐ GOTT Í GARÐINUM Í SUMAR

**BYKO**
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



Vnr. 55092190
Grasfræ, 1 kg.
**1.495 kr.**




Vnr. 55097032
Gróðurmold, 40 l.
**995 kr.**




Vnr. 79290094
Hjólbörur, 80 l.
**3.995 kr.**

Vnr. 55095007
Blákorn, 5 kg.
**1.395 kr.**



Vnr. 53323110
Sláttuorf BC260, tvígengismótor, 22,5cc, 42 cm sláttubreidd.
**19.995 kr.**



Vnr. 41613316
Garðkanna með stút, 11 l.
**895 kr.**



Vnr. 45060400-77
ARTSTONE blómapottar, mikið úrval. Verð frá:
**995 kr.**

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Tónleikar

**19.00** Burtfarartónleikar Óskars Magnússonar. Óskar útskrifast í klassískum gítarleik úr Nýja tónlistarskólanum og heldur í tilefni þess tónleika í Fríkirkjunni við Tjörnina. Á efnisskránni eru verk eftir nokkur þekkt tónskáld ásamt frumsömdu efni en aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**20.00** Soffía Björg útskrifast frá Listaháskólanum í vor með BA-gráðu í almennum tónsmíðum. Hún heldur útskriftartónleika sína í Kaldalóni, Hörpu. Hljómsveit Soffíu Bjargar, Orfia, vinnur nú að gerð plötu sem væntanleg er í sumar. Á þessum tónleikum er einblínt á side A, eða þann hluta plötunnar sem inniheldur lög eftir Soffíu. Á tónleikunum verður vídeóverki myndlistakonunnar Sigríðar Þóru Óðinsdóttur varpað á vegg bakvið hljóðfæraleikara á meðan á tónlistarflutningi stendur. Aðgangseyrir er 2.000 krónur og er forsala á heimasíðu midi.is.

**20.00** The Diversion Sessions treður upp á Hlemmur Square. The Diversion Sessions var með 16. mest spilaða lagið á Rás 2 á seinasta ári og vinnur nú að breiðskífu sem kemur út í ágúst. Búast má við þónokkrum nýjum lögum sem munu koma út á væntanlegri breiðskífu. Eins og ævinlega er enginn aðgangseyrir.

**20.00** Vorsöngur í Hannesarholti. Sópransöngkonurnar Erla B. Káradóttir og Hanna Þóra Guðbrandsdóttir og tenórinn Egill Á. Pálsson munu flytja íslensk og erlend sönglög og dúetta. Um meðleik sér Hrönn Þráinsdóttir. Miðaverð er 2.000 krónur.

**20.00** Á opnunartónleikum Listahátíðar mun Kammersveit Reykjavíkur flytja verkið Pierrot lunaire eftir Arnold Schönberg og frumflytja nýtt verk eftir Atla Heimi Sveinsson, eitt mikilvirkasta tónskáld Íslendinga, sem er samið fyrir sömu hljóðfæraskipan. Tónleikarnir fara fram í Norðurljósasal Hörpu. Pierrothópinn skipa Áshildur Haraldsdóttir á flautu og pikkolóflautu, Rúnar Óskarsson á klarínett og bassaklarínett, Anna Guðný Guðmundsdóttir á píanó, Una Sveinbjarnardóttir á fiðlu og víólu og Hrafnkell Orri Egilsson á selló. Miða má nálgast á heimasíðu midi.is og er miðaverð 4.500 krónur.

**20.30** Hljómsveitirnar Vio og Milkhouse halda tónleika á Lofti Hosteli. Bæði böndin tóku þátt í Músíktilraunum í ár og unnu Vio og var Milkhouse kosið band fólksins. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Fjórðu upphitunartónleikar tónlistarhátíðarinnar Norðanpaunks verða haldnir á Húrra. Allir tónlistarmenn sem koma fram á kvöldinu eru bókaðir á hátíðina. Þær hljómsveitir sem koma fram eru Muck, Caterpillarmen, Logn, Icarus og Godchilla. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

**21.30** Í tilefni þess að Íslenski barinn hefur verið lífgaður við og flutt starfsemi sína í Ingólfsstræti 1 verður djasstónlist á fóninum allt kvöldið og húsband Íslenska barsins leikur ljúfa tóna. Á Íslenska barnum eru 10 íslenskar bjórtegundir á krana ásamt öllum fáanlegu íslensku flöskubjórunum.

**22.00** Andrea Gylfadóttir og Eðvarð Lárusson halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Skeng og Housekell leiða saman hesta sína í fyrsta sinn á Húsdjúskvöldi Kaffibarsins. Á boðstólum verður vínyll einvörðungu og því hægt að segja að báðir snúðar séu á heimavelli.

### Fræðsla

**20.00** Frambjóðendur Samfylkingarinnar í Reykjavík og meðlimir í umhverfis- og skipulagsráði borgarinnar, Hjálmar Sveinsson og Kristín Soffía Jónsdóttir, ætla að leiða borgarbúa um króka og kima miðbæjarins. Þau munu kynna fyrirhugaða uppbyggingarreiti og ræða almennt stöðu gamla bæjarins. Gangan hefst undir styttunni af Leifi Eiríkssyni við Hallgrímskirkju.

### Sýningar

**17.00** Opnun sýningar Huldu Hlínar Magnúsdóttur, Hugrænir litheimar, í Eiðisskeri, sýningarsal Bókasafns Seltjarnarness á Eiðistorgi 11. Litir eru meginviðfangsefni Huldu Hlínar. Á sýningunni má sjá olíumálverk og teikningar þar sem draumkenndri veröld í sterkum litum bregður fyrir. Olíumálverkin eru flest stór í sniðum og leiða áhorfandann inn í seiðandi litaheim. Sum verkin eru innblásin af, að því er virðist, íslenskri náttúru en litir og form breyta þeim í annan og hugrænni stað.

**18.00** Opnun sýningar á teikningum eftir Hilmar Sævald Guðjónsson í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Á sýningunni sem er í anddyri skólans og göngum eru aðallega módelteikningar, hraðskissur og lengri stúdíur, unnar með ýmiskonar verkfærum, blýanti, kolum og penna. Teikningarnar spanna 45 ár.

**20.00** Opnun fyrsta hluta The Five Live Lo Fi. Fjórskipt verk verður til á hinu margræða og dularfulla svæði hins listræna sköpunarferlis sem er hér afmarkað af tíðni, rými, innsetningum, sjónvarpsmyndavélum og stað- og tímabundnum gjörningum yfir tveggja vikna tímabil.

### Uppákomur

**19.30** Týr, félag ungra sjálfstæðismanna í Kópavogi stendur fyrir árlegu pókermóti félagsins. Mótið fer fram í sal Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi sem er til húsa í Hlíðarsmára 19. Pókerstjórinn er reynsluboltinn Helgi Steinn Björnsson, stjórnarmaður í Tý.

### Leikrit

**19.30** Eldraunin í Þjóðleikhúsinu. Eldraunin er eitt þekktasta leikrit tuttugustu aldarinnar. Það var frumsýnt á Broadway árið 1953 og hlaut Tony-verðlaunin sem besta leikrit ársins. Þetta magnaða og áleitna verk hefur upp frá því ratað reglulega á svið virtustu leikhúsa heims og verið kvikmyndað. Miða má nálgast á heimasíðu midi.is og kostar miðinn 4.750 krónur.

**20.00** Furðulegt háttalag hunds um nótt í Borgarleikhúsinu. Miða er hægt að nálgast á heimasíðu midi.is og kostar miðinn 4.750 krónur.

**20.00** Ferjan í Borgarleikhúsinu. Fimm íslenskar konur og þrír karlar eru stödd erlendis. Allt þetta fólk á brýnt erindi til Íslands en þar sem flugsamgöngur liggja niðri sökum eldgoss neyðast þau til að sigla heim með ryðguðum dalli sem er í sinni síðustu ferð. Miða er hægt að nálgast á heimasíðu midi.is og er miðaverð er 4.750 krónur.

**21.00** Leiksýningin Fantastar í Brimhúsinu. Hvalur hefur tekið sér bólfestu í húsi við höfnina. Hann tælir til sín gesti og gangandi með seiðandi söng sínum. Risakræklingur er bundinn við bryggju, fljótandi hljóðfæri liggur við höfnina og er dregið af villtum sæfákum. Þegar komið er inn í gin hvalsins hefst andlegt ferðalag, sem er lyginni líkast, um iður hvalsins. Miða má nálgast á heimasíðu midi.is og er miðaverð 5.000 krónur.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*





**SÉRHÆFÐUR PLÖTUSNÚÐUR** Housekell sérhæfir sig í svonefndri hús-tónlist FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Jákvæð þróun í Húsi

Áskell Harðarson er ungur plötusnúður sem kemur fram á Kaffibarnum í kvöld.

„Þetta er sem sagt í fyrsta skipti sem við Árni Skeng spilum saman,“ segir plötusnúðurinn Áskell Harðarson, betur þekktur sem Housekell, en hann spilar á svonefndu Húsdjúskvöldi á Kaffibarnum í kvöld. „Þetta byrjaði þegar við tókum báðir þátt í Movida Corona-keppninni 2012 þar sem ég lenti í fyrsta sæti og Árni í öðru, þannig að við erum búnir að bíða lengi eftir því að geta snúið bökum saman.“ Áskell hefur verið að þeyta skífum í um það bil fimm ár en hann sérhæfir sig í svonefndri hús-tónlist og dregur listamannsnafn sitt, Housekell, af þeirri tónlistarstefnu. „Þessi tónlist er minn vettvangur og ég hef fundið mikinn mun á áhuga fólks á tónlistarstefnunni frá því að ég byrjaði,“ segir plötusnúðurinn. „Það er miklu fleira fólk sem mætir, hlustar og er að fíla þetta. Ég myndi segja að það væri mjög jákvæð þróun.“ Áskell sker sig þó úr öðrum nútímaplötusnúðum að því leyti að honum finnst skemmtilegast að nota vínylplötur þegar hann spilar. „Ég geri það þegar ég get það, það eru ekki margir staðir sem bjóða upp á það,“ segir Áskell. „Það er eðlisfræðilega flóknara að spila á vínyl en það er töluvert skemmtilegra, það er meiri snerting við tónlistina en ef maður er bara að ýta á takka á tölvu. Settið manns verður líka öðruvísi, maður verður alveg að negla skiptingarnar og vera á fullu allan tímann.“

Plötusnúðurinn hefur vægast sagt komið sér upp góðu safni vínylplatna en Áskell sér um útgáfufélagið BORG sem gefur út tónlist á vínyl. „Við erum að fá góða dreifingu víða í Evrópu og skemmtilega mikil viðbrögð miðað við það að við byrjuðum bara í vor,“ segir plötusnúðurinn og bætir því við að lykilinn að því að halda uppi góðu stuði sé að taka allt plötusafnið með sér á staðinn. „Síðan vonar maður bara að maður gleymi ekki þessari einu réttu plötu,“ segir Áskell og hlær. „Maður þarf að vera vel undirbúinn til að geta gert ýmislegt.“

> **Það er meiri snerting við tónlistina en ef maður er bara að ýta á takka á tölvu.**

baldvin@frettabladid.is

# Rómantísk Reykjavík í kvöld

Jakob Frímann Magnússon er miðborgarstjóri en hann lýsir Reykjavík á þessum árstíma sem dásamlegum viðburðastað sem bjóði upp á mikla rómantík.

„Hugmyndin er að fagna vori og þeirri björtu stemningu sem er í loftinu og mannfólki á þessum árstíma,“ segir Jakob Frímann Magnússon um hina árlegu Miðborgarvöku, en hún fer fram í kvöld í þriðja skipti. „Fimmtudagar eru vaxandi samfélagsdagar, oft hefur fólk eitthvert tilefni til þess að lyfta sér upp, fara út og fá sér gott í gogginn,“ segir Jakob. „Þá er tilvalið að hægt sé að rölta Laugaveginn og Skólavörðustíginn og njóta þess að þar er á fjórða hundrað verslana og veitingahúsa sem úr er að velja.“

Á Miðborgarvökunni taka veitingahús og verslanir höndum saman og lengja afgreiðslutíma sinn til 22.00 um kvöldið. „Reykjavík á þessum árstíma er dásamlegur viðburðastaður,“ segir miðborgarstjórinn. „Miðbærinn býður upp á mikla rómantík og stemningu og fjölmargir rekstraraðilar eru með sinn vinkil á þetta. Sumir bjóða upp á lifandi tónlist, aðrir veitingar og enn aðrir bjóða upp á afslætti og sértilboð,“ segir Jakob, en það mætti því segja að menn láti sér detta í hug allt milli himins og jarðar á vökunni.



**LIFANDI BORG** Miðborgarvaka er fastur liður í viðburðaalmanaki miðbæjarins. MYND/RAKEL GÚSTAFSDÓTTIR

Sjálfur segir Jakob það stefnuna að Miðborgarvakan verði fastur punktur í viðburðaalmanaki miðbæjarins eins og langur laugardagur í hverjum mánuði, fiskisúpudagur, blómadagur á Skólavörðustíg, beikonhátíð og svo lengi mætti telja. „Þetta er upplifunarmiðja Íslands,“ segir miðborgarstjórinn um miðbæinn. „Þetta er fjölsóttasti staður Íslands og hér er líka fjölbreyttustu upplifanirnar að finna. Þó svo að mikill fjöldi fólks, sem kemur hingað til dæmis með skemmtiferðaskipum, haldi að eina leiðin til að upplifa Ísland sé að rjúka upp í Haukadal og sjá jarðhita springa inn í himininn, þá eru fleiri að átta sig á að ekki þarf að keyra lengra en upp í Öskjuhlíð til þess að sjá það.“ -bþ


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Nýtt kortatímabil Nýtt kortatímabil Nýtt kortatím
1598 krónur kg.
285 kr 992g
159 kr 4 stk.
598 kr. 680g
Brúnegg 10 stk./ 680g
149 kr 5 stk.
359 kr. 485g. 10 stk
Það er ódýrara að krydda sjálfur Það er ódýrara að krydda sjálfur
398 kr 50g
Ferskar kryddjurtir 50g
398 kr 125g
Bónus Lambhagablanda
1898 krónur kg.
Íslenskur lax frosinn / beinhreinsaður
398 kr 200g
Bónus Spínat 200g
2013 SLÁTRAÐ
1498 krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSIÐ
1898 krónur kg.
Sláturfélagið Lambakótilettur / frosnar
2013 SLÁTRAÐ
1198 krónur kg.
Kaupfél. Skagfirðinga Frosið heilt lambalæri FROSIÐ
SWEET BABY RAY'S
759 kr. kg
Sláturfélag Suðurlands: Frosinn grillsagaður lambaframpartur
498 kr 500ml
Orginal BBQ oil
359 kr 510g
USA BBQ SÓSA SWEET BABY
Kolsýrt vatn
129 kr 2 ltr.
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30

## BÍÓFRÉTTIR



### AFMÆLISBARN DAGSINS

**Leikkonan Ginnifer Goodwin er 36 ára í dag.**

**Helstu myndir:** Walk the line, A single man og He's just not that into you.

### STAR WARS Í ABU DHABI



Lucasfilm tilkynnti það í vikunni að tökur á nýjustu Star Wars-myndinni, Episode VII, væru hafnar í Abu Dhabi. Samkvæmt heimildum The Hollywood Reporter á Abu Dhabi að vera plánetan Tatooine sem er heimili Anakins og Lukes Skywalker sem og höfuðstöðvar Jabba the Hutt. Myndin verður frumsýnd 18. desember á næsta ári og verður einnig tekin upp í Pinewood Studios á Englandi.



### COEN-BRÆÐUR SKRIFA HANDRIT

Bræðurnir Joel og Ethan Coen skrifa handrit kaldastríðsmyndar sem Steven Spielberg leikstýrir og Tom Hanks fer með aðalhlutverkið. Myndin hefur ekki fengið titil enn en hún er byggð á sannri sögu James Donovan, lögfræðings sem flækist í kaldastríðsdeiluna þegar hann stendur í samningaviðræðum við KGB.

### ÁTTA ÞÚSUND MANNS Á VONARSTRÆTI

Íslenska kvikmyndin Vonarstræti var frumsýnd um síðustu helgi og mættu tæplega 5.800 manns á myndina þá helgi. Með forsýningum höfðu tæplega átta þúsund manns séð myndina eftir frumsýningarhelgina. Myndin halaði inn 8,8 milljónir um helgina og náði toppsæti á íslenska vinsældalistanum af Hollywood-myndinni Godzilla.



### FRUMSÝNING

## Walk of Shame

Gamanmynd



**ALDURSTAKMARK:**
12 ára

**AÐALHLUTVERK:**
Elizabeth Banks, James Marsden, Ethan Suplee, Oliver Hudson, Gillian Jacobs, Sarah Wright og P. J. Burns.

IMDb **6,1/10**
Rotten Tomatoes **13/100**
**25/100**

## ÞÉNA Á TÁ OG FINGRI



**VELLAUÐUGUR** Jerry Seinfeld trónir á toppnum.

## Ríkustu leikarar heims

Fyrirtækið Wealth-X, sem er með bækistöðvar í Singapúr, hefur tekið saman lista yfir ríkustu leikara heims.

**1. Jerry Seinfeld, 820 milljónir dala/ 92,7 milljarðar kr.**

**2. Shah Rukh Khan, 600 milljónir dala/ 67,8 milljarðar kr.**

**3. Tom Cruise, 480 milljónir dala/ 54,2 milljarðar kr.**

Aðrir leikarar sem ná á listann eru Tyler Perry og Johnny Depp en auðæfi hvors þeirra eru metin á 450 milljónir dala, rúmlega fimmtíu milljarða króna. Jack Nicholson er metinn á fjögur hundruð milljónir dala, eða 45,2 milljarða króna, og Clint Eastwood, sá elsti á listanum, á 370 milljónir dala, eða tæplega 42 milljarða króna.



**ELSTUR** Clint Eastwood.




**PRUSULIÐ** Nýjasta X-Men-myndin hefur hlotið mjög góða dóma.

# Dvergur leikur illmennið

X-Men: Days of Future Past var frumsýnd á Íslandi í gær og er hún talin vera myrkari en fyrri myndirnar. Hugh Jackman snýr aftur sem Wolverine og er eini leikarinn sem hefur leikið í öllum X-Men-myndunum.

X-Men: Days of Future Past var frumsýnd í gær en hún fjallar um X-Men-hetjurnar eins og fyrri myndirnar. Nú eru þær í vanda staddar því í myrkum hliðarheimi ganga ill vélmenni Bolivers Trask um og veiða og myrða stökkbreytta. Prófessor X og Magneto bregða því á það ráð að senda Wolverine aftur í tímann til að breyta sögulegum viðburði sem gæti haft áhrif á alla, jafnt mannfólk sem stökkbreytta.

Það er dvergurinn Peter Dinklage sem fer með hlutverk Bolivers Trask en hann er hvað þekktastur fyrir túlkun sína á Tyrion Lannister í sjónvarpsþáttunum Game of Thrones. Leikstjóri myndarinnar, Bryan Singer, segir karakter Bolivers vera byggðan á þýska nasistaforingjanum Adolf Hitler.

„Hitler notaði gyðingana sem blóraböggla til að tengja saman myrka hluta Evrópu og Boliver gerir það sama með þá stökkbreyttu. En hann var ekki 180 sentímetra hár, fullkominn, ljóshærður aríi – hann var stuttur og skringilega útlítandi maður!“ segir Singer. Hann segist hafa talað við James Cameron í tvo tíma, leikstjóra myndanna The Terminator og Terminator 2: Judgement Day, um hvernig ætti að láta tímaferðalag virka í myndinni. Töluðu þeir meðal annars um hliðarheima og strengjakenninguna.

Hugh Jackman leikur Wolverine í þessari mynd og er þetta í sjöunda sinn sem hann leikur karakterinn í kvikmyndinni. Þar bætir hann sitt eigið met í að leika oftast karakter úr teiknimyndasögu í bíómynd. Hann er einnig eini leikarinn sem leikur í öllum X-Men-myndunum.

Í öðrum hlutverkum í myndinni eru Jennifer Lawrence, Michael Fassbender, Ian McKellen, Ellen Page, James McAvoy og Halle Berry.

liljakatrin@frettabladid.is

### Verðlaunaleikarar

Leikkonurnar fjórar sem leika aðalhlutverkin í myndinni, Halle Berry, Jennifer Lawrence, Ellen Page og Anna Paquin, hafa allar verið tilnefndar til Óskarsverðlaunanna en Ellen er sú eina sem hefur ekki hreppt hnossið.

Leikararnir sex sem fara með aðalhlutverk í myndinni, Hugh Jackman, Michael Fassbender, James McAvoy, Ian McKellen, Patrick Stewart og Peter Dinklage, hafa allir verið tilnefndir til Golden Globe-verðlaunanna en Hugh, Michael og Ian státa einnig af tilnefningum til Óskarsins. Hugh, Ian og Peter eiga allir Golden Globe-styttu í safninu.



Graníthellur

Steypustöðin býður upp á mikið úrval af fallegum hellum og mynstursteypu fyrir heimili, garða, göngustíga og bílaplön.

YFIR 20 TEGUNDIR AF HELLUM

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is

# STJÚPUR Á SPRENGIVERÐI



**SPRENGIVERÐ**
Sýpris
999 kr
~~1.990 kr~~

**STJÚPUSPRENGJA**
Stjúpur
blandaðir litir
999 kr
verð áður 1.290
10 stk í bakka

**Margarita**
799 kr
verð áður 1.590
12 cm pottur

**Snædrífa**
999 kr
~~1.690~~

GÆÐI! Bjálkaþykkt 32 mm

**Garðhús**
189.900 kr
Garðhús 4,4 m²
Breidd: 167 cm | Lengd: 267 cm
Vegghæð: 170 cm | Bjálkaþykkt: 32 mm
600239

## GERÐU PALLINN EINS OG NÝJAN

skref 1
Hreinsa pallinn með Jotun pallahreinsi

**Pallahreinsir**
4.995 kr
5 ltr.

**Trebitt Terrassebeisfjerner**
Lýsir upp pallinn, fjarlægir sveppagróður, grillolíu og sót.
7158013

skref 2
Bera Jotun pallaolíu á pallinn

**Pallaolía**
3.295 kr
3 ltr.

**Jotun Treolje**
Pallaolía á gagnvarið efni.
7049123

**Garðsett Vera**
19.900 kr
2 stólar, 2ja sæta sófi og borð
3899214

Broil King
Great Barbecues Every Time

**Gasgrill**
105.900 kr
Broil King

Gasgrill Broil King Signet 20
3 brennarar, rafkveikja.
Grillgrind úr pottjárni
11.4 kW
3000602

**Gasgrill Weber**
39.890 kr.
Q120 svart ferðagrill

Weber Q120
Brennari: 2,64 kW
Grillflötur: 42x32 cm
3000244

**Kolagrill**
15.690 kr
á hjólum
2990277

**Rafmagnssláttuvél**
13.995 kr
IKRA1200W
5085127

**Rafmagnssláttuvél**
26.995 kr
B&D Emax 1200W
5085160

**Bensínsláttuvél**
49.995 kr
Razor 4610
5085286

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## Trend á Twitter Tístarar í skýjunum með nýja lagið hennar Nicki Minaj



Nýja lagið frá Nicki Minaj, Pills N Potions, er að gera allt vitlaust, sérstaklega á samfélagsmiðlunum

**Chalupa Batgirl**
**@Spicenee 21. maí**
Ég elska nýja lagið frá Nicki Minaj! Ég get ekki hætt að hlusta á það. **#PillsNPotions**

**Bitches Is My Sons ™**
**@NickiMinaj_PFRR 21. maí**
Ég hef ekki heyrt neitt slæmt um þetta lag enn þá!!!! **#PillsN-Potions**

**John Svengali**
**@johnsvengali 21. maí**
@NICKIMINAJ Ég er svo stolt af þér að sýna heiminum hver Onika Maraj er í raun. Þú ert óttalaus og **#pillsn-potions** sannar það.

**Leslie Howell**
**@LeslieABarbz 21. maí**
Eina sem ég vil segja er að ef þú varst ekki aðdáandi Nicki áður þá ertu það örugglega núna! Lol þú glímir við vandamál ef **#PillsNPotions** gerði þig ekki að aðdáanda.

# Svona verður brúðkaup ársins

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
liljakatrin@frettabladid.is

**Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian og rapparinn Kanye West ganga í það heilaga um helgina en þau trúlofuðu sig í október á síðasta ári. Mikil leynd hvílir yfir brúðkaupinu en Fréttablaðið reynir að púsla saman því sem sagt hefur verið um herlegheitin og ímynda sér hvernig brúðkaupsdagur parsins verður.**





### Au revoir París

Upphaflega ætluðu Kanye og Kim að láta gefa sig saman í Versölum í París í Frakklandi en fengu ekki leyfi frá yfirvöldum. Síðustu fregnir herma að parið muni ganga í það heilaga í 16. aldar virki í Flórens á Ítalíu en þau eru afar hrifin af borginni. Virkið heitir Belvedere og kemur prestur frá Bandaríkjunum til að gefa þau saman.



### Vilja annað barn strax

Kim og Kanye ætla að reyna að eignast barn strax eftir athöfnina ef marka má heimildarmann tímaritsins Us Weekly en þau eignuðust dótturina North í júní á síðasta ári. „Hún vill að stutt sé á milli barnanna í aldri,“ segir heimildarmaður ritsins.





### Mikil leynd

Kim og Kanye sendu út gullslegið boðskort til brúðkaupsgestanna en litlar upplýsingar er að finna á því. Gestir eru boðaðir til veislu í París en samkvæmt heimildarmanni Us Weekly veit enginn gestanna hvar brúðkaupið verður haldið fyrr en þeir koma til París næsta föstudag. Á boðskortinu er hins vegar tekið fram að spariklæðnaður sé skilyrði. Á föstudagskvöldið ætlar parið að halda partí í Versölum og bjóða gestum sínum upp á leiðsögn um höllina. Þá ætla þau að fylla sundlaug af bleiku vatni til að ganga í augun á gestum sínum, samkvæmt heimildum Daily Mail.





### Hrifin af Veru Wang

„Ég mátaði nokkra og þrengdi síðan hópinn,“ sagði Kim Kardashian í viðtali á Met-ballinu fyrir stuttu um brúðarkjólinn. Fatahönnuðurinn Vera Wang hannaði þrjá kjóla sem Kim klæddist þegar hún giftist Kris Humphries árið 2011 og því gæti farið svo að Vera hefði verið fengin til að hanna kjólinn sem Kim játast Kanye í. Vera hefur ekki staðfest þetta en sagði í viðtali í teiti í MOMA-safninu þann 13. maí að hún héldi að kjóllinn yrði eftirminnilegur.

### Stjúppabbi leiðir Kim upp að altarinu

Þó að stjúpfaðir Kim, Bruce Jenner, sé nýskilinn við móður hennar, Kris Jenner, eftir tuttugu ára hjónaband ætlar Bruce að leiða stjúpdóttur sína upp að altarinu á laugardag.



### Syngur í brúðkaupinu

Söngkonan Lana Del Rey syngur í brúðkaupi parsins samkvæmt heimildum Daily Mirror. Ku Kim vera mikill aðdáandi söngkonunnar og því bað Kanye hana sérstaklega um að flytja ljúf ástarljóð við athöfnina.

### Rándýr andlitshreinsun

Kim fór í andlitshreinsun hjá Lancer Dermatology á föstudag. Hreinsunin var framkvæmd af Louise Deschamps, vinkonu Kim, og er notast við stofnfrumur þegar húðin er hreinsuð. Meðferðin er alls ekki ódýr og kostar frá fimm hundruð dollurum, tæplega sextíu þúsund krónum.







### Tvö hundruð gestir

Talið er að Kim og Kanye hafi boðið um tvö hundruð manns í brúðkaupið, þar á meðal systrum Kim, **Khloe og Kourtney**, **Beyoncé, Jay Z**, Larsa og Scottie Pippen, Brittny Gastineau, Serenu Williams og Blac Chyna. Sonur Bruce Jenner, **Brody Jenner,** ætlar hins vegar ekki að mæta þar sem hann er afar móðgaður yfir því að kærustu hans til sjö mánaða, Kaitlynn Carter, var ekki boðið. Þá er Idol-kynninum Ryan Seacrest og ærslabelgnum Lindsay Lohan ekki heldur boðið.


TWISTER
ELSKAR
DORITOS
Tortilla +
salsasósa
+ iceberg
+ majónes +
rifinn ostur
+
muldar Doritos
flögur
+ Zinger
lundir
= sönn ást
799
kr.
KFC
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

# Hvað gerist sex vikum eftir meðgöngu?

Nýverið var ég með erindi á málþingi um brjóstagjöf þar sem ég var beðin um að tala um kynlíf eftir barneignir. Í salnum voru eingöngu konur og margar með litlu börnin sín. Þér kann að þykja skrítið að ég taki þetta sérstaklega fram, en rannsóknir hafa sýnt að stuðningur maka getur verið mjög mikilvægur svo brjóstagjöfin gangi vel. Svo veit ég ekki betur en að flestar mæðurnar þarna inni ætluðu að stunda kynlíf með maka. Því hefði nærvera makanna verið skemmtilegt krydd í samræðurnar en svona er þetta stundum. Hvað um það. Ég talaði um ýmislegt sem gæti haft áhrif á löngun og hvað gæti aðstoðað við að koma manni í stuð og þar fram eftir götunum. Það besta við fyrirlesturinn var samt spjallið sem við áttum eftir á. Ein konan spyr af hverju nýbakaðri móður sé alltaf gefið viðmiðið að stunda ekki kynlíf fyrr en um sex vikum eftir fæðingu, eins og tími sé eina viðmiðið fyrir kynlíf og kynlöngun. Í framhaldi af þeirri spurningu veltum við því einnig fyrir okkur hvað sé kynlíf og hvað gerist svo eftir sex vikur? Opnar píkan sig aftur eins og lótusblóm og meðaltals samfarir, einu sinni til tvisvar í viku, hefjast aftur? Sumum konum dytti ekki í huga að bíða í heilar sex vikur til að eiga smá kósístund með makanum sínum, en öðrum finnst sex vikur hið óraunhæfasta viðmið.

Í fimm vikna skoðun hjá barninu er móðirin frædd um getnaðarvarnir og ítrekað að brjóstagjöf veiti ekki áreiðanlega vörn gegn getnaði. Hjá konunum sem voru á fyrirlestrinum voru getnaðarvarnir það seinasta sem þær voru að pæla í. Þá gat brjóstagjöfin verkað sem getnaðarvörn fyrir þær á þann hátt að löngun var ekki til staðar og þar með engar samfarir. Nýbakaðar mæður eru oft að reyna að finna sjálfa sig í þessu nýja hlutverki og spá og spekúlera hvernig henni „þarna niðri“ líði eftir öll þessi átök. Það er ekkert talað um hvort þú hafir kíkt á hana eða stundað sjálfsfróun eða hafir yfirhöfuð löngun til að gera slíkt. Nei hér er talað um samfarir og getnaðarvarnir. Og greyið vesalings makinn sem kannski var viðstaddur fæðinguna og sá allt fara sundur og saman og ber nú óttablandna virðingu fyrir hinni heilögu píku. Við vorum sammála um að við vildum meiri umræðu um unað og að kynlíf sé meira en samfarir. Það er hægt að vera náinn maka sínum án þess að samfarir séu stundaðar, stundum má kelerííð vera einhliða og það getur samt sem áður aukið nándina. Þetta snýst allt um samræðurnar, eins og allt sem viðkemur kynlífi.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



# Léttar og sumarlegar uppskriftir

Sjónvarpskokkurinn Rikka deilir léttum og sumarlegum uppskriftum með lesendum Fréttablaðsins. Undanfarna daga hefur veðrið leikið við Íslendinga og því tilvalið að draga fram grillið og elda léttan og hollan mat fyrir alla fjölskylduna.



## Karrí- og estragonkjúklingalundir
**FYRIR 4**

- 3 msk. sojasósa
- 2 msk. hunang
- 1 msk. ólífuolía
- Safi úr ½ sítrónu
- 2 hvítlauksrif, pressuð
- ½ tsk. paprika
- ½ tsk. estragon
- ½ tsk. karrí
- 2 msk. ferskur, saxaður kóríander
- 600 g kjúklingalundir
- Sjávarsalt

Blandið öllu saman í skál fyrir utan kjúklinginn og kóríanderinn. Leggið kjúklingalundirnar ofan í skálina og látið marínerast í að minnsta kosti klukkustund. Þræðið kjúklinginn upp á spjótin og grillið í 4-6 mínútur á hvorri hlið á meðalheitu grilli. Stráið smá salti og kóríander yfir og berið fram.

**HUNANGS- OG GRÁÐAOSTASÓSA**

- 100 g majónes
- 100 ml létt AB mjólk
- 50 g gráðaostur, mulinn
- ¼ tsk. hvítlaukskrydd
- ¼ tsk. laukkrydd
- 1 tsk. hunang
- ½ msk. hvítvínsedik
- Sjávarsalt og nýmalaður pipar



## Sítrónu- og bláberjaeftirréttur
**FYRIR 4-6**

- 6 eggjarauður
- safi af 2 sítrónum
- 150 g sykur
- 4 msk. smjör
- Fínrifinn börkur af 1 sítrónu
- 250 g grísk jógúrt
- 60 g flórsykur
- 16-18 g bláber

Setjið eggjarauðurnar, sítrónusafann og sykurinn saman í pott og hrærið saman. Setjið pottinn yfir meðalheita hellu og hrærið áfram með viðarsleif þar til að blandan þykknar eða í u.þ.b 10 mínútur. gætið þess þó að brenna ekki botninn. Fjarlægið pottinn af hellunni og bætið smjörinu saman við, einni matskeið í einu. Hellið blöndunni í skál, plastið og kælið niður í ísskápnum.

Bætið berkinum saman við þegar blandan hefur kólnað.

Handhrærið jógúrtinu og sykrinum saman. Skiptið jógúrtblöndunni, sítrónubúðingnum og bláberjunum fallega á milli fjögurra hárra glasa.


Rýmum fyrir
nýjum vörum
Reykjavík & Akureyri



Sendum frítt úr vefverslun lindesign.is

Allt að 50% afsláttur af völdum vörum

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri Sími 5332220




**FJÖLHÆF** Rita þykir afar smart.
MYND/RITAORA

# Smjörþefur af nýrri línu frá Adidas

Tónlistarkonan Rita Ora snýr sér að fatahönnun.

Tónlistarkonan Rita Ora er afar góð í að blanda götutísku við hátísku eins og sést á Instagram-síðu hennar. Það kom því fáum á óvart þegar það var tilkynnt í október að hún væri komin í samstarf við íþróttavörurisann Adidas um að hanna glænýja línu.

Rita birti mynd af fyrstu flíkinni í línunni á Instagram-síðu sinni í vikunni en það er blómlegur Adidas-jakki.

„Þetta er fyrsta línan mín fyrir Adidas!!! Já loksins! Ég og teymið mitt erum búin að vinna svo mikið að því að gera besta, kynþokkafyllstu, svölustu íþróttavörulínu sem völ er á,“ skrifar Rita við myndina.

Rita er fyrsta tónlistarkonan sem vinnur með Adidas en aðrar stjörnur hafa hannað línur fyrir íþróttamerki, þar á meðal Stella McCartney og David Beckham.

-lkg



# VOR Í VERKEFNASTJÓRNUN: AFMÆLISHÁTÍÐ VERKEFNASTJÓRNUNAR Á ÍSLANDI

Útskriftarráðstefna MPM-námsins við Háskólann í Reykjavík
í HR föstudaginn 23. maí kl. 10-15

**10:00**

## Setning ráðstefnu

Stofa M208
Project Psychology: From Theory to Practice
**Sharon De Macia,** höfundur bókarinnar *Project Psychology: Using Psychological Models and Techniques to Create a Successful Project.*

### Stofa M208 – Stefna & þroski

**10:30** 
Stefnumótun - lykill að árangri?: Úttekt á stefnumótun Bláa Lónsins með hliðsjón af vexti og velgengni félagsins
**Þuríður Stefánsdóttir**

**10:50** 
Einkaframkvæmd við uppbyggingu íbúðabyggðar
**Guðjón Júlíus Halldórsson**

**11:10** 
„Fyrirtæki fara auðvitað í gegnum ákveðið þroskaferli“: Þróun, áskoranir og lausnir í stjórnun frumkvöðlafyrirtækis
**Albert Hauksson**

**11:30** 
To PMO or not to PMO: A project management office case study for flight operations
**Jónína Kristín Snorradóttir**

**11:50** 
Notagildi þroskalíkans við innleiðingu verkefnastjórnunar
**Kristbjörg Theodórs Jónsdóttir**

### Stofa M216 – Frumkvöðlar & nýsköpun

**10:30** 
Next Generation Organizations
**Falasteen Abu Libdeh &**
**María Fjóla Harðardóttir**

**10:50** 
Next Generation Organizations
**María Fjóla Harðardóttir &**
**Falasteen Abu Libdeh**

**11:10** 
Straumlínustjórnun í ferðaþjónustu: Tillögur að einföldun rekstrarleyfa í ferðaþjónustu á Íslandi
**Hildur Kristjánsdóttir**

**11:30** 
Making Decisions under Uncertainty Using Real Options Analysis
**Sæmundur Ingi Johnsen**

**11:50** 
Veðjað á framtíðina!: Vöruþróun og nýsköpun - Íslenskar getraunir
**Torfi Jóhannsson**

### Stofa M209 – Samskipti & upplýsingar

**10:30** 
Responsibilities and Challenges of Product Owners in Practice
**Sigurhanna Kristinsdóttir**

**10:50** 
The Neighbours of Eyjafjallajökull: The phenomenon of social capital
**Elísabet I. Þorvaldsdóttir**

**11:10** 
How Increased Knowledge Affects Operators' Opinions: A case study
**Ingibjörg Gróa Magnúsdóttir**

**11:30** 
Innleiðing skráningargrunns yfir einstaklinga með sykursýki
**María Blöndal**

**11:50** 
Þróun verkefnastjórnunar á Íslandi og hvert stefnir hún?
**Daníel Benediktsson**

**12:10 - 12:30 HLÉ**

### Stofa M208 – Stjórnun

**12:30** 
The House of Competency of the Quality Manager
**Elín Ragnhildur Jónsdóttir**

**12:50** 
Áhrif gæðastjórnunar á starfsánægju og helgun starfsmanna
**Guðrún Ragna Hreinsdóttir &**
**Kristjana Milla Snorradóttir**

**13:10** 
Gæðastjórnun og helgun starfsmanna
**Kristjana Milla Snorradóttir &**
**Guðrún Ragna Hreinsdóttir**

**13:30** 
Project Evaluation and Lessons Learned: Using ISO 21500 as an adaptive framework
**Anna Katrín Einarsdóttir**

**13:50** 
ISO 9001 Certification of Engineering Consultancies: The benefits from different Perspectives
**Sveinn Þór Hallgrímsson**

**14:10** 
Excellence in project management: An Icelandic study
**Eyjólfur Eyfells**

### Stofa M216 – Leiðtogar & hlutverk

**12:30** 
Menntunar- og hæfniskröfur íslenskra stjórnenda
**Guðlaug Stella Jónsdóttir &**
**Helga Guðmundsdóttir**

**12:50** 
Starfsheitið verkefnastjóri: Hvaða kröfur eru gerðar til íslenskra verkefnastjóra í starfsauglýsingum?
**Helga Guðmundsdóttir &**
**Guðlaug Stella Jónsdóttir**

**13:10** 
Geta aðferðir verkefnastjórnunar gagnast þingmönnum í þeirra vinnu á Alþingi Íslendinga?
**Einar Hansen Tómasson**

**13:30** 
Vald verkefna og lýðræðið sem verkefni
**Búi Kristjánsson**

**13:50** 
Sjálfstraust íslenskra kvenna í stjórnunar- og leiðtogastörfum
**Ingveldur Ásta Björnsdóttir &**
**Þorgerður Arna Einarsdóttir**

**14:10** 
Sjálfstraust íslenskra kvenna í stjórnunar- og leiðtogastörfum: Rannsókn
**Þorgerður Arna Einarsdóttir &**
**Ingveldur Ásta Björnsdóttir**

### Stofa M209 – Sögur af verkefnum

**12:30** 
Success & Failures of Grand Concert Halls and Opera Projects: Harpa - case study
**Jón Ólafur Ólafsson**

**12:50** 
Forgangsröðun jarðgangaverkefna með AHP
**Anna Sigríður Halldórsdóttir**

**13:10** 
The Project Handbook: A working tool for daily operations in a political environment
**Þorsteinn Gunnarsson**

**13:30** 
Networking for Project Success
**Birgir Hrafn Birgisson**

**13:50** 
Samskipti þróunaraðila og verkkaupa við hugbúnaðargerð: Greining tveggja dæma úr iðnaðinum
**Heimir Þór Hermannsson**

**14:10** 
Virtual Teams and Virtual Meetings: Investigating the conventional wisdom that face-to-face communication is better
**Stefán G. Guðjohnsen**

**15:00 - 18:00**

## Afmælisfagnaður Verkefnastjórnunarfélags Íslands

Sjá nánar á www.vsf.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

MPM
TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD
SCHOOL OF SCIENCE AND ENGINEERING
MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

# Topp tíu ástæður fyrir Topp tíu listum

**BAKÞANKAR**
Bergs Ebba
Benediktssonar



**1. FÓLK** er latt. Það nennir ekki að lesa samfelldan texta.

**2. BLAÐAMENN** eru latir. Þeir nenna ekki að skrifa samfelldan texta.

**3. „TOPP** tíu leiðir til að gera munnmök að upplifun“ og „Topp tíu barnastjörnur sem fóru í hundana“ eru fyrirsagnir sem vekja athygli. Allt með topp tíu í fyrirsögn (eða bara einhverri tölu sem gefur til kynna að það sé listi fram undan) setur hugann í réttar stellingar. Lesandinn veit hvað er fram undan, sama hversu lágkúrulegt það er, og hvenær því mun ljúka. Það hjálpar til við afmennskuna sem nauðsynlega þarf að eiga sér stað til að umbera slíkt efni.

**4. Í NETBLAÐAMENNSKU** eru topplistar hentugt efni því framsetningin réttlætir að leiða aðeins fram eitt atriði á hverri síðu. Til að klára listann þarf lesandinn að auka flettingar á síðunni sem eykur verðgildi hennar sem auglýsingamiðils.

**5. ÞAÐ ER HÆGT** að breyta allri mannlegri hugsun í topp tíu lista. Það ætti í raun enginn að setja sig á háan hest og tala á niðrandi hátt um slíka lista eins og gert er í atriðum eitt til fjögur. Biblían er með topp tíu lista: boðorðin tíu.

**6. TALANDI** um boðorðin tíu. Í raun var það hrein stílfræði að hafa þau akkúrat tíu talsins. Níunda boðorðið segir að „þú skulir ekki girnast hús náunga þíns“ en tíunda boðorðið segir svo að þú skulir ekki heldur „girnast konu náunga þíns, þræl hans eða ambátt, ekki uxa eða asna, né nokkuð það sem náungi þinn á“. Hvers vegna í ósköpunum þurfti sérstakt boðorð bara um húsið en svo var konan sett í annað boðorð með uxanum?

**7. TALANDI** um að teygja svona lista eftir hentugleika. Atriði sex var langt svo þetta þarf að vera styttra.

**8. LÍKA** þetta.

**9. ÉG** er enn að hugsa um þetta með konuna og uxann. Er það kvenfyrirlitning að flokka konuna frekar með uxanum en húsinu? Þetta mætti ræða.

**10. TOPP** tíu listar hafa skýran endi.

# Hvítklæddar í Cannes

Svissneski skartgriparisinn De Grisogono heldur veglegt teiti á kvikmyndahátíðinni í Cannes á hverju ári. Er teitið talið einn af hápunktum hátíðarinnar og iðulega mæta allar skærustu stjörnurnar í skemmtanabransanum í veisluna.



**STÍLHREINT LÚKK** Leikkonan Amber Heard í kjól frá Vionnet.



**BLING BLING** Leikkonan Rosario Dawson var að sjálfsögðu með skart úr smiðju De Grisogono.



**HRESSAR STÖLLUR** Fyrirsætan Cara Delevingne tók upp á því að sleikja kinn leikkonunnar Sharon Stone.



**ALLTAF Í STUÐI** Sænski þúsundþjalasmiðurinn Victoria Silvstedt dúkkar alltaf upp reglulega.



**HVÍT FRÁ TOPPI TIL TÁAR** Þýska fyrirsætan Toni Garrn lét sig ekki vanta.



**EINS OG ENGILL** Þessi fyrirsæta sveif á tískupöllunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI













| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| X-MEN 3D | 5:20, 8, 10:40(P) | 12 |
| VONARSTRÆTI | 5:20, 8, 10:40 | 14 |
| BAD NEIGHBOURS | 8, 10:10 | 12 |
| THE OTHER WOMAN | 5:40 | 12 |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is
















SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| GODZILLA | KL. 3D: 5:20 - 8 - 10:40 2D: 6 - 9 | 12 |
| GODZILLA VIP 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:15 | 12 |
| TRANSCENDENCE | KL. 8 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GODZILLA 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:30 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GODZILLA | KL. 3D: 8 - 10:40 2D: 6:50 - 9:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| GODZILLA 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| OLDBOY | KL. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| GODZILLA 3D | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL. 8 - 10:40 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.45 | 12 |
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D LÚXUS | KL. 5.20 - 10.45 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL. 3.20 - 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| VONARSTRÆTI LÚXUS | KL. 8 | 14 |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5.50 - 8 - 10.25 | 12 |
| LÁSI LÖGGUBÍLL | KL. 3.30 | L |
| THE OTHER WOMAN | KL. 8 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 5 - 10.10 | 12 |
| RIO 2 2D ÍSL. TAL | KL. 3.10 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| VONARSTRÆTI | KL. 5.20 - 6 - 8 - 9 - 10.40 | 14 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 8 | 7 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 - 10 | 7 |

Miðasala á: Miði

Kauptu miða á X-Men með Netgíró

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS







SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# ER ÚTSKRIFT Á NÆSTUNNI?

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum




Verð kr. 6.788,-
Salka Valka




Verð kr. 5.999,-
Gerður Kristný - Ljóðasafn




Verð kr. 2.499,-
Íslensk orðsnilld | Gæfuspor | Ástarljóð | Íslensk kvæði




Verð kr. 4.999,-
Maturinn hennar Nönnu




Verð kr. 3.499,-
Átta gönguleiðir í nágrenni Reykjavíkur




Verð kr. 5.499,-
155 Ísland - Áfangastaðir í alfaraleið




Verð kr. 4.999,-
Steinn Steinarr - Ljóðasafn




Verð kr. 6.999,-
Prjónabiblían




Verð kr. 6.999,-
Megas - Textar 1966 - 2011



Verð kr. 17.984,-
Yfirsýn Sigurgeirs Sigurjónssonar




Verð kr. 21.999,-
Vatnið í náttúru Íslands

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## HM Í FÓTBOLTA Í BRASILÍU
**20 DAGAR** Í FYRSTA LEIK



Just Fontaine frá Frakklandi á markametið í einni heimsmeistarakeppni en hann skoraði þrettán mörk í aðeins sex leikjum á HM í Svíþjóð 1958. Frakkinn skoraði þá meira en tvöfalt meira en næsti maður á lista. Fjögur marka Fontaine komu í 6-3 sigri á Vestur-Þjóðverjum í leik um þriðja sætið en hann skoraði í öllum leikjum sínum í keppninni. Fontaine var þarna aðeins 24 ára gamall en spilaði aldrei aftur á HM þar sem meiðsli enduðu fótboltaferil hans nokkrum árum síðar. Fontaine átti heildarmarkametið í úrslitakeppni HM þar til að Þjóðverjinn Gerd Müller bætti það með því að tryggja Vestur-Þýskalandi heimsmeistaratitilinn sextán árum síðar.

## Spennandi tækifæri og ákvað að slá til

**HANDBOLTI** „Ég er búinn að skrifa undir þriggja ára samning við Fram,“ segir Stefán Arnarson, fráfarandi þjálfari Íslandsmeistara Vals og nýráðinn þjálfari kvennaliðs Fram.

Stefán var að bræða með sér að taka sér frí frá þjálfun eftir sex farsæl ár með Valsstúlkur.

„Þetta er ný áskorun og Fram er með mjög efnilegt lið. Ég hef átt frábær ár hjá Val og held ég hafi kreist úr því liði það sem hægt var. Því er gott að snúa sér að öðru verkefni núna. Þetta Fram-lið er mjög spennandi og það er fín umgjörð í kringum kvennaliðið, sem er mikill kostur.“

Einu sinni þótti það mikil synd er menn skiptu á milli Fram og Vals. Það þykir ekki vera neitt stórmál lengur og Stefán hlakkar bara til að koma aftur á sinn gamla heimavöll.

„Það eru flestir vinir mínir þar og þetta verður því ekkert vandamál. Ég er alveg klár á því að þeir verða enn vinir mínir næsta vetur. Þetta er gott fólk.“

Stefán er ekki enn byrjaður að skoða leikmannamál félagsins en hann segir ólíklegt að hann reyni að lokka einhverjar stelpur úr Valsliðinu yfir í Safamýrina.

„Ég er mjög ánægður með þessa ákvörðun en því er ekki að leyna að ég var mikið að pæla í því að taka frí. Þetta tækifæri er aftur á móti mjög spennandi og ég ákvað að slá til.“ **-hbg**



**NÝJAR SLÓÐIR** Stefán tekst nú á við nýja og spennandi áskorun. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Leikmaðurinn mikilvægastur

Sigurður Ragnar Eyjólfsson segir að það sé of mikil einföldun að þjálfunaraðferðir séu ólíkar fyrir konur og karla. Það hafi þó verið áskorun að söðla um eftir sjö ára starf sem landsliðsþjálfari kvenna.

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari ÍBV, fékk sjálfsagt ekki þá byrjun á Íslandsmótinu sem hann óskaði sér. Eyjamenn hafa farið hægt af stað í Pepsi-deildinni og eru einungis með eitt stig að loknum fyrstu fjórum umferðunum. Nýliðar Víkings koma í heimsókn á Hásteinsvöll í kvöld en Sigurður Ragnar segir þó að ekki sé enn komið að ögurstundu fyrir hans menn.

„Við höfum verið óheppnir í tveimur leikjum af fjórum og það er nóg eftir af mótinu. Öll lið hafa verið að tapa stigum,“ sagði Sigurður Ragnar og bendir á að eins og svo oft áður hafi ÍBV þurft að púsla saman endanlegum leikmannahópi á lokametrum undirbúningstímabilsins.

„Við fengum tvo leikmenn frá Trínídad í apríl og af þeim meiðist Jonathan Glenn þremur vikum fyrir mót. Arnar Bragi [Bergsson] kom seint til landsins og Abel [Dhaira] líka. Ég hef trú á því að ÍBV muni styrkjast þegar líður á mótið.“

Sigurður Ragnar var þjálfari kvennalandsliðsins í sjö ár en átti sjálfur langan leikmannsferil, bæði hérlendis og í atvinnumennsku. „Það er skemmtilegt að vera kominn aftur í karlaboltann. Ég áttaði mig á því að ég saknaði hans – stemningarinnar í klefanum og andrúmsloftsins í hópnum. Menningin í strákahóp er ólík menningunni í stelpuhóp. Ég sé ekki eftir þessari ákvörðun,“ segir Sigurður Ragnar og neitar því ekki að það sé margt ólíkt með karla- og kvennaknattspyrnu.

„Margt er auðvitað sameiginlegt. En leikirnn sjálfur er öðruvísi að því leyti að hann er hraðari og strákarnir geta gefið lengri sendingar og þess háttar. Mitt hlutverk sem stjórnandi er þó svipað. Ég er enn að eiga við leikmenn, stilla upp æfingum og vinna með leikfræði og markmið.“

### List og vísindi að ná til leikmanna

Sigurður Ragnar, sem er með mastersgráðu í íþróttasálfræði, leggur ríka áherslu á að ná því besta úr hverjum leikmanni og segir engan mun á því að þjálfa karla og konur að því leyti.

„Það er bæði list og vísindi að hvetja leikmenn,“ segir Sigurður Ragnar. „Í grunninn eru til tvær aðalaðferðir. Önnur snýst um að öskra menn áfram og virkar það vel fyrir suma. Ég er ekki í þeim hópi og því reyni ég frekar að nota orð og ýmis klókindi, svo sem tölfræði og aðrar upplýsingar, til að geta sýnt mönnum fram á að þeir geta náð lengra með því að leggja sig fram,“ lýsir hann.

„Þetta snýst um að kynnast leikmönnum og komast að því hvað fær þá til að tifa. Margir eru líka ekki sáttir við það hlutverk sem þeir fá og því þarf annaðhvort nýtt hlutverk eða að fá þá til að sætta sig við sitt hlutskipti.“

Hann segir að hvatning og markmiðasetning sé einstaklingsbundin – ekki kynjabundin. „Það er of mikil einföldun að skipta þessum þætti upp eftir kynjunum. Mikilvægast af öllu er leikmaðurinn sjálfur. Ekki þjálfarinn eða liðsfélagarnir heldur hvort þú sjálfur hefur innri hvatningu til að ná langt. Þeir sem ná langt eru þeir sem hafa þetta ávallt til staðar, enda er ekki hægt að ætlast til þess að einn þjálfari geti fylgst náið með hverjum og einum leikmanni daglega í stórum leikmannahópi. Ábyrgðin er hjá hverjum og einum, fyrst og fremst.“

### Lokaárið var lærdómsríkt

Velgengni Sigurðar Ragnars með landsliðinu er knattspyrnuáhugamönnum vel kunn en hann lætur slæma byrjun ÍBV í Pepsi-deildinni ekki slá sig út af laginu.

„Hluti af starfsumhverfinu er að takast á við mótlæti, enda eru ekki alltaf jólin. Þá þarf að hafa sterk bein,“ segir Sigurður Ragnar sem mátti þola talsverða gagnrýni á lokaári sínu með kvennalandsliðið – meðal annars frá landsliðskonunum sjálfum.

„Lokaárið var mjög erfitt en það var bæði þroskandi og lærdómsríkt fyrir mig sem þjálfara.“

eirikur@frettabladid.is



**ERFIÐ BYRJUN** ÍBV er með aðeins eitt stig að loknum fyrstu fjórum umferðunum í Pepsi-deild karla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Veit ekki hvað Þorvaldur átti við

„Er ekki bara eitt að segja við Sigga? Velkominn í fótboltann,“ sagði Þorvaldur Örlygsson í þætti Pepsi-markanna eftir þriðju umferð Íslandsmótsins. ÍBV hafði þá tapað fyrir Fylki, 3-1, á Hásteinsvelli í Eyjum. Þorvaldur útskýrði ekki orð sín frekar og Sigurður Ragnar ætlar ekki að túlka þau nánar.

„Ég sé engan tilgang í að tjá mig um þessi orð enda veit ég ekki hvað hann var að meina. Það er asnalegt þegar tveir menn tjá sig í gegnum fjölmiðla og ég veit ekki hvort þetta var sneið til mín,“ sagði Sigurður Ragnar um ummælin frægu.





**FER HANN Á HM?** Aron er í æfingahóp Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Milljónir fyrir HM-fara

**FÓTBOLTI** Aron Jóhannsson og 29 aðrir leikmenn bandaríska landsliðsins keppa nú um sæti í HM-hópi Bandaríkjanna og er eftir miklu að slægjast. 23 leikmenn komast í lokahópinn sem fer til Brasilíu.

Eðlilega er það heiðurinn að fá að taka þátt í HM sem skiptir mestu máli en það er eflaust ekki verra að fá ágætlega borgað fyrir það líka.

Þeir sem komast í HM-hóp bandaríska liðsins fá allir að lágmarki 8,6 milljónir króna frá bandaríska knattspyrnusambandinu. Ekki beint hæstu launin á HM en það munar víst um hverja krónu.

Það eru ekki allir leikmenn liðsins á sömu launum og Clint Dempsey sem fær 760 milljónir króna á ári hjá Seattle.

Hinn tvítugi DeAndre Yedlin er til að mynda með rúmar 10 milljónir króna í árslaun og hann myndi því næstum tvöfalda árslaun sín ef hann kæmist í hópinn. **-hbg**

## Ægir samdi við Sundsvall

**KÖRFUBOLTI Landsliðsmaðurinn Ægir Þór Steinarsson er búinn að skrifa undir nýjan samning við sænska liðið Sundsvall Dragons.**

**Ægir Þór staðfesti þetta við karfan.is í gær. Íslendingarnir í liði Sundsvall verða því væntanlega fjórir næsta vetur.**

**Hlynur Bæringsson og Jakob Örn Sigurðarson eru búnir að vera hjá félaginu síðan elstu menn muna og Ægir kom svo til liðsins í fyrra. Á dögunum samdi svo Ragnar Nathanaelsson við félagið.** **-hbg**

## Stefnan var að komast á verðlaunapall

Fanney Hauksdóttir, kraftlyftingakona úr Gróttu, varð heimsmeistari unglinga í bekkpressu.

**KRAFTLYFTINGAR** „Þetta var alveg æðislegt,“ segir Fanney Hauksdóttir, kraftlyftingakona úr Gróttu, en hún varð í gær heimsmeistari unglinga í bekkpressu í -63 kg flokki. Fanney gjörsamlega valtaði yfir keppendur sína í gær en hún lyfti mest 135 kílóum. Sú sem lenti í öðru sæti lyfti mest 120 kg og var ekki nálægt Fanneyju.

„Ég var mjög vel stemmd og mætti bara í mótið einbeitt á hvað ég ætlaði að gera og hugsaði ekkert um hina keppendurna. Markmiðið var að komast á pall. Ég setti ekki stefnuna á eitthvert sæti þannig að þetta gull er bara bónus.“

Fanney keppti á sama móti í fyrra en fékk þá bronsverðlaun. Hún hafnaði reyndar í fjórða sæti á eftir keppanda frá Kasakstan sem féll síðar á lyfjaprófi.

„Ég fékk aldrei að taka á móti verðlaununum í fyrra svo að núna varð ég að fara upp á þennan pall.“

Í fyrra lyfti Fanney 115 kg þannig að bætingin í Rödby var mikil, eða heil 20 kíló. Þessi gríðarlega efnilega lyftingakona á eitt ár eftir í „junior“-flokki og getur því varið titil sinn að ári. „Ég fer bara aftur á næsta ári og bæti mig enn meira,“ segir hún ákveðin.

Fanney meiddist á Íslandsmótinu í febrúar og hefur ekki verið alveg heil í nokkurn tíma en lét það ekkert á sig fá í Danmörku. „Pétur, sjúkraþjálfarinn minn, er búinn að vinna vel með mig. Ég er kannski ekki alveg heil en í fínu keppnisstandi,“ segir hún. Hvað tekur svo við í sumar?

„Í ágúst er Norðurlandamót í bekkpressu á Íslandi. Nú hefjast bara æfingar fyrir það. Fyrst ætla ég samt til Kaupmannahafnar í tvo daga að hitta systur mína áður en ég kem heim á föstudaginn. Það verður ljúft,“ segir Fanney Hauksdóttir. **-tom**



**EFST** Fanney með gullið. MYND/AÐSEND

**Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun!**

Fjarnám 1. 2. og 3. stigs ÍSÍ í þjálfaramenntun hefst í júní nk. Námið gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar! Skráning á namskeid@isi.is eða í síma 514-4000. Nánari uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is

Sjá einnig á **www.isi.is**

# 365 Ljóshraði

# Internet á **ljóshraða**




**100** Mb/s

**10** GB GAGNAMAGN

**3.490** kr.

Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Við bjóðum upp á internet á ljóshraða til 80 þúsund heimila. Það er einfalt að athuga hvort þitt heimili er tengt, á 365.is geturðu séð hvort þú kemst á ljóshraða.

Internet og heimasími fylgir áskrift að Skemmtipakkanum, Golfstöðinni, Fjölvarpi Veröld, Sportpakkanum, Stóra Pakkanum og Risapakkanum.

**Hægt er að nálgast allar nánari upplýsingar og panta tengingu á 365.is eða með símtali í þjónustu- og tækniver 365. Svo tökum við vel á móti þér í verslun okkar í Skaftahlíð 24.**

**0 KR.**
**LJÓSHRAÐI FYLGIR MEÐ VÖLDUM SJÓNVARPS-ÁSKRIFTUM**



**Tækniver 512 5100** | Opið 10–20 virka daga og 12–20 um helgar
**Þjónustuver 512 5100** | Opið 9–22 virka daga og 10–22 um helgar

**365.IS**



**BARÁTTUJAXL** Ólafur Ingi í leik með Zulte-Waregem gegn Anderlecht í belgísku úrvalsdeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Ólafur Ingi missir af landsleikjunum

## Spilaði tæplega 50 leiki með Zulte-Waregem í Belgíu á nýliðinni leiktíð.

**FÓTBOLTI** „Maður veit svo sem aldrei en ég á enn tvö ár eftir af mínum samningi og sé ekki fram á annað en að vera áfram hér,“ segir landsliðsmaðurinn Ólafur Ingi Skúlason. Hann kom til Zulte-Waregem í Belgíu árið 2011 og átti þátt í miklum uppgangi þessa smáliðs frá Vestur-Flæmingjalandi.

„Við enduðum í fjórða sæti og þó svo að gengið hafi ekki verið jafn gott og í fyrra náðum við aftur í Evrópukeppnina og vorum í toppbaráttunni fram á síðustu umferðir,“ sagði Ólafur Ingi, sem er 31 árs, í samtali við Fréttablaðið í gær. Zulte-Waregem var hársbreidd frá titlinum í fyrra en endaði þá í öðru sæti eftir spennandi lokaumferð.

„Liðið spilaði alls 57 leiki í öllum keppnum á þessu tímabili og ég tók þátt í tæplega 50. Ég er því sáttur við minn hlut,“ segir hann en Ólafur Ingi var í byrjunarliðinu í níu af tíu leikjum liðsins í meistaraumspili deildarinnar í vor. Hann missti af síðasta leiknum vegna hnémeiðsla og þarf nú að hvíla vegna þeirra.

„Þetta er ekkert alvarlegt. Ég hef farið í stórar aðgerðir á hné eins og svo margir aðrir og get skrifað þetta bara á álag. Hnéð var bara fullt af vökva og ég verð í sprautumeðferð næstu vikurnar,“ segir Ólafur Ingi en hann missir af vináttuleikjum Íslands gegn Austurríki og Eistlandi af þeim sökum.

„Ég vil auðvitað gefa áfram kost á mér í landsliðið. Mitt hlutverk í því hefur aldrei verið stórt, enda eigum við marga stráka sem hafa verið að spila mjög vel. En ég er ávallt reiðubúinn að hjálpa til á hvaða máta sem er og tel frábært að geta lagt mitt af mörkum fyrir land og þjóð,“ segir Árbæingurinn og bætir við að hann stefni að því að spila minnst eitt tímabil hér á landi áður en hann hættir.

„Það er planið að spila með Fylkismönnum þegar ég kem heim – svo lengi sem líkaminn leyfir,“ bætir Ólafur Ingi við en vonast til að vera áfram í Belgíu með fjölskyldu sinni á meðan atvinnuferillinn stendur yfir.

Ísland leikur gegn Austurríki 30. maí og Eistlandi 4. júní. - esá

FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM



Sundföt

Fjölbreytt úrval fyrir alla aldurshópa

Sundbolir
Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð:
frá 4.990 kr.
Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.
Allt að 60%

Bikiní
Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð:
frá 1.990 kr.
Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr
Allt að 75%

Sundskýlur
Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.
Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
2.990 kr.
Allt að 40%

Watershorts
Herrastærðir
Verð: 8.990 - 7.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.
Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
2.990 kr.
Allt að 55%

SPORT OUTLET
Vínlandsleið 6 113 Reykjavík
Opið:
Virka daga kl. 14-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17



**BIÐIN LANGA** Þórsarar þurfa á Chuck að halda. Hér er hann í leik gegn Fylki í fyrra. MYND/EVA BJÖRK

# Var klár í fyrsta leik

## Chukwudi Chijindu líkaði ekki umræða um sig og meiðslin. Óvíst er hvenær hann getur spilað aftur. Var í viðræðum við félög á höfuðborgarsvæðinu.

**FÓTBOLTI** „Enginn vill spila fótbolta meira en ég,“ segir Chukwudi Chijindu, betur þekktur sem Chuck, framherji Þórs frá Akureyri í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Chuck hefur ekki enn komið við sögu í fyrstu fjórum umferðum deildarinnar og Þórsarar sakna hans mikið. Norðanmenn eru án stiga sem endurspeglar gengi þeirra í fyrra þegar Chuck spilaði ekki. Þeir fengu 22 af 24 stigum sínum á síðasta tímabili með hann í liðinu. Hann skoraði 10 mörk í 18 leikjum og átti stóran þátt í því að Þór hélt sæti sínu í deildinni.

„Ég meiddist á kálfa á æfingu fyrir fyrsta leik. Ég er bara í endurhæfingu núna og get hjólað og gert þrekæfingar en ég er ekki byrjaður að æfa. Meiðslin leyfa mér það ekki,“ segir Chuck í samtali við Fréttablaðið en hann var einmitt nýkominn úr ræktinni þegar blaðamaður tók hann tali.

„Ég vona að ég geti spilað aftur eftir eina til tvær vikur en það er bara ég að vona það besta. Þetta er í fyrsta skipti sem ég hef verið svona lengi frá síðan ég kom til Íslands og eðlilega er þetta mjög erfitt fyrir mig, félagið og stuðningsmennina. En meiðsli eru samt bara hluti af leiknum. Ég get alveg sagt þér að það er ekkert gaman að sitja uppi í stúku og horfa á leikina,“ segir Chuck.

### Var klár gegn Keflavík

Eftir fjórða tap Þórsara í röð var mikilvægi Chucks rætt í Pepsimörkunum og var þar velt upp hvort félög þyrftu að standa betur að læknisskoðun þegar verið væri að fá menn erlendis frá.

Chuck sá ekki þáttinn en var sagt frá umræðunni og skrifaði þá þrjár færslur á Twitter-síðu sína þar sem hann fór í kringum hlutina. „Sannleikurinn mun koma í ljós,“ sagði í einni og „Þessir menn fá borgað fyrir að tala,“ sagði í annarri. En hvað átti hann við?

„Ísland er lítið land þannig að skilaboð um þetta rötuðu til mín. Það er mikilvægt að menn passi hvað þeir segja því fullt af fólki trúir því sem það heyrir án þess að fá staðreyndir. Það er ekki satt að segja að ég hafi komið til Íslands meiddur og sé að kosta félagið fullt af peningum. Ef þeir hefðu skoðað málið hefðu þeir vitað að ég var að æfa á fullu og spilaði æfingaleik á móti Magna rétt fyrir mót. Ég var klár í fyrsta leikinn gegn Keflavík og hefði spilað hann ef ég hefði ekki verið í banni. Menn verða bara aðeins að hugsa áður en þeir tala og hafa staðreyndirnar réttar,“ segir Chuck, sem segir þetta þó ekkert á sig fá.

„Ég tapa ekkert svefni yfir þessu. Ég veit bara að það er fullt af fólki sem horfir á þáttinn og margir taka öllu því sem þeir heyra sem sannleika. Það er bara mikilvægt að það komi fram að ég kom ekki meiddur til landsins heldur var ég í góðu formi.“

### Snýst ekki bara um peninga

Framherjinn viðurkennir fúslega að hann hafi verið í viðræðum við stærri félög á höfuðborgarsvæðinu. „Það er ekkert launungarmál en það truflar mig ekkert að spila fyrir Þór,“ segir Chuck, sem var eðlilega eftirsóttur eftir síðasta tímabil. Samningaviðræður við stærri félögin gengu þó ekki sem skyldi.

„Ef þú átt að heita stórt félag þarftu að hegða þér þannig. Mér fannst vanta aðeins meiri hugsun á bak við tilboðin í borginni. Þetta væri öðruvísi ef ég væri 18 eða 19 ára strákur að gera minn fyrsta samning en ég er búinn að spila í hálft sjöunda ár sem atvinnumaður. Það er eitt að ræða við strák og svo reyndan atvinnumann,“ segir Chuck og heldur áfram:

„Ég átti samt góðar samræður við alla en ég get ekki skrifað undir samning sjálfur. Það þarf tvo til. Um tíma gengu samningaviðræður vel en á endanum gekk þetta ekki upp. Þetta snýst ekki bara um peninga en á endanum gerði ég það sem ég taldi best fyrir mig. Ég var líka með tilboð frá öðrum löndum en ég valdi Þór og tel það hafa verið rétt í stöðunni.“

> „Það er bara mikilvægt að það komi fram að ég kom ekki meiddur til landsins heldur var ég í góðu formi.
>
> *Chukwudi Chijindu, leikmaður Þórs.*

### Vinnur að næsta skrefi

Chuck er frá Kaliforníu í Bandaríkjunum og á að baki leiki í MLS-deildinni þar í landi. Hann segist hafa fengið tilboð frá félögum í stærri deildum áður en hann kom til Þórs í fyrra og aftur núna en kaus að fara til Akureyrar.

„Mér gekk vel á síðasta ári og áður en ég fór Íslands höfðu félög frá Norðurlöndunum samband og einnig Asíu. Markmiðið er alltaf að taka næsta skref en hafi ég lært eitthvað á fótboltaferlinum þá er það að ekkert er öruggt. Ég vinn að því að taka næsta skref en fyrst þarf ég að ná mér af meiðslunum og hjálpa Þór. Ef ég spila vel fyrir Þór þá sér allt hitt um sig sjálft,“ segir Chukwudi Chijindu, eða Chuck. tomas@365.is


HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
100%
HÁGÆÐA
PRÓTEIN
HLEDSLA.IS
EKKI VERA Í OF
STÓRUM BUXUM
SAMA HVAÐ GERIST
LÍKAMINN ÞARF HLEÐSLU
HVORT SEM ÞÚ ERT AÐ HUGSA UM KÍLÓ EÐA KÍLÓMETRA ÞÁ ÞARFTU GÓÐA ORKU
TIL AÐ BYGGJA ÞIG UPP. HLEÐSLA ER GERÐ ÚR NÁTTÚRULEGUM ÍSLENSKUM
HÁGÆÐAPRÓTEINUM, INNIHELDUR ENGAN HVÍTAN SYKUR OG BYGGIR UPP VÖÐVANA.
EKKI VERA Í RUGLINU - SKELLTU Í ÞIG HLEÐSLU OG FÁÐU SEM MEST ÚT ÚR ÆFINGUNNI.
HLEÐSLA
HLEÐSLA
HLEÐSLA
ÍSLENSKA/SIA.IS MSA 69236 05/14

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 19.50
**Friends with Better Lives**

Glænný gamanþáttaröð um sex vini sem allir eru að fóta sig í lífinu. Allir eru vinirnir á ólíkum stöðum í lífinu og allir halda þeir að hinir í vinahópnum lifi meira spennandi lífi. Will er nýskilinn en ekki alveg búinn að gefa sína fyrrverandi upp á bátinn, Jules og Lowell eru nýtrúlofuð og Kate gengur allt í haginn á framabrautinni en er ekki eins lukkuleg í ástarmálunum.



### Masterchef USA
**STÖÐ 2 KL. 20.15**

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.



### Pepsi-deildin: Keflavík-FH
**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.45**

Bein útsending frá leik Keflavíkur og FH í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Bæði lið hafa farið vel af stað í deildinni og verður hart barist suður með sjó í kvöld.



### Supernatural
**STÖÐ 3 KL. 21.15**

Fimmta þáttaröðin af yfirnáttúrulegu spennuþáttunum um Winchester-bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur.

### Bylgjan kl. 6.50
**Í bítið**

Í bítið er alla virka daga á Bylgjunni. Heimir Karlsson, Hulda Bjarna og Gunnlaugur Helgason vakna eldsnemma og koma þér af stað alla morgna.






BYLGJAN 989


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(1:22)*
**08.30 Man vs. Wild** *(5:15)*
**09.15 Bold and the Beautiful** *(6363:6821)*
**09.35 Doctors** *(36:175)*
**10.20 60 mínútur** *(12:52)*
**11.05 Nashville** *(19:21)*
**11.50 Suits** *(5:16)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Diary of a Wimpy Kid. Rodrick Rules**
**14.50 The O.C.** *(3:25)*
**15.35 Loonatics Unleashed**
**16.00 Frasier** *(15:24)*
**16.25 Mike & Molly** *(13:23)*
**16.45 How I Met Your Mother** *(15:24)*
**17.10 Bold and the Beautiful** *(6363:6821)*
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(22:22)*
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Fóstbræður** *(4:8)*
**19.50 Friends with Better Lives** *(6:13)*
**20.15 Masterchef USA** *(20:25)*
**21.00 NCIS** *(14:24)*
**21.45 Person of Interest** *(17:23)*
**22.30 Íslenskir ástríðuglæpir** *(4:5)*
**22.55 24: Live Another Day** *(3:12)*
**23.40 Shameless** *(8:12)*
**00.30 Youth in Revolt**
**02.00 Season of the Witch**
**03.35 Diary of a Wimpy Kid: Rodrick Rules**
**05.15 Fóstbræður** *(4:8)*
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 San Antonio - Oklahoma**
**10.50 Arsenal - Hull**
**13.40 Reykjavíkurmeistaramótið í hestaíþróttum**
**15.10 Valur - Fram**
**16.50 Pepsímörkin 2014**
**18.05 Barcelona - Atletico Madrid**
**19.45 Keflavík - FH** Bein útsending frá leik Keflavíkur og FH í Pepsídeild karla í knattspyrnu.
**22.00 Pepsímörkin 2014**
**23.15 Moto GP kappaksturinn**
**00.15 Keflavík - FH**
**02.05 Pepsímörkin 2014**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.10 Southampton - Man. Utd.**
**13.30 Enska 1. deildin. Leyton Orient - Peterborough**
**15.10 Messan**
**16.35 Man. City - WBA**
**18.15 Arsenal - Man. City**
**20.00 Real Madrid - Man. City**
**20.30 Tony Adams**
**21.00 Argentina and Nigeria** Skemmtilegir þættir um landsliðin sem munu keppa á HM 2014 í Brasilíu í sumar.
**21.30 Enska 1. deildin. Rotherham - Preston**
**23.20 Hull - Everton**
**01.00 Tony Adams**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing
**21.00** Auðlindakistan
**21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**06.10 American Idol**
**08.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**
**17.30 Top 20 Funniest**
**18.15 Free Agents**
**18.40 Community**
**19.00 Malibu Country**
**19.25 Family Tools**
**19.50 American Idol**
**21.15 Supernatural** Fimmta þáttaröðin af yfirnáttúrlegu spennuþáttunum um Winchester bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur. Englar og djöflar eru hluti af daglegu lífi bræðranna og í fjórðu þáttaröðinni þurfa þeir einnig að gera upp nokkur mál sín á milli.
**21.55 True Blood**
**22.50 Malibu Country**
**23.15 Family Tools**
**23.40 American Idol**
**00.10 Sons of Anarchy**
**00.55 Supernatural**
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Krakkastöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Ævintýraferðin **08.55** UKI **09.00** Lukku-Láki **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tommi og Jenni **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Brunabílarnir**10.23** Latibær **10.47** Gulla og grænjaxlarnir **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Ævintýraferðin **12.55** UKI **13.00** Lukku-Láki **13.22** Ljóti andarunginn og ég **13.44** Tommi og Jenni **13.51** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Brunabílarnir **14.23** Latibær **14.47** Gulla og grænjaxlarnir **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Ævintýraferðin **16.55** UKI **17.00** Lukku-Láki **17.22** Ljóti andarunginn og ég **17.44** Tommi og Jenni **17.51** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær **18.47** Gulla og grænjaxlarnir **19.00** Ísöldin 2 **20.30** Sögur

## GULL

**17.50 Strákarnir**
**18.15 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Tekinn 2**
**20.30 Weeds**
**21.00 The Killing**
**21.45 Without a Trace**
**22.30 Harry's Law**
**23.15 World Without End**
**00.05 Tekinn 2**
**00.35 Weeds**
**01.05 The Killing**
**01.50 Without a Trace**
**02.35 Harry's Law**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**11.40 Crooked Arrows**
**13.25 Playing For Keeps**
**15.10 The Bucket List**
**16.50 Crooked Arrows**
**18.35 Playing For Keeps**
**20.20 The Bucket List**
**22.00 Charlie Wilson's War**
**23.45 Argo**
**01.45 The Dept**
**03.35 Charlie Wilson's War**

## RÚV

**16.30 Ástareldur**
**17.20 Einar Áskell** *(12:13)*
**17.33 Kafteinn Karl** *(3:26)*
**17.45 Ævar vísindamaður**
**18.10 Fisk í dag**
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Í garðinum með Gurrý II** *(3:6)*
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Íþróttir**
**19.40 Kastljós**
**20.05 Pricebræður bjóða til veislu** *(1:5) (Spise med Price)*
**20.40 Best í Brooklyn** *(17:22) (Brooklyn Nine-Nine)*
**21.05 Gátan ráðin** *(1:4) (Bletchley Circle II)*
**21.50 Hestöfl** *(Hästkrafter)*
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(22:24) (Criminal Minds VIII)* **Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.**
**23.05 Dansað á ystu nöf** *(2:5) (Dancing on the Edge)*
**00.10 Kastljós**
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond** *(13:16)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**14.45 Solsidan** *(7:10)*
**15.10 The Millers** *(20:22)*
**15.35 The Voice** *(23:26)*
**17.05 The Voice** *(24:26)*
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 Design Star** *(5:9)*
**19.15 Everybody Loves Raymond** *(14:16)*
**19.40 Trophy Wife** *(19:22)*
**20.05 Læknirinn í eldhúsinu** *(6:8)*
**20.30 Royal Pains** *(6:16)*
**21.15 Scandal** *(18:22)*
**22.00 Agents of S.H.I.E.L.D.** *(6:22)*
**22.45 The Tonight Show**
**23.30 CSI** *(19:22)*
**00.15 The Good Wife** *(15:22)*
**01.00 Beauty and the Beast** *(7:22)*
**01.45 Royal Pains** *(6:16)*
**02.30 Scandal** *(18:22)*
**03.15 The Tonight Show**
**04.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV
**12.00** Motors TV

## Golfstöðin

**08.10** PGA Tour 2014
**13.10** Golfing World 2014
**14.00** LPGA Tour 2014
**16.00** Champions Tour 2014
**16.55** European Tour 2014
**17.45** Golfing World 2014
**18.35** Inside The PGA Tour 2014
**19.00** PGA Tour 2014
**22.00** Golfing World 2014
**22.50** Inside The PGA Tour 2014
**23.15** PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



# „Vanabindandi akstursánægja“

## Ford Focus.

Prófaðu vinsælasta bíl í heimi búinn sparneytinni EcoBoost vél sem hefur hlotið titilinn vél ársins, tvö ár í röð. Öflug 125 hestafla vélin skapar einstaka sparneytni: 5,0 l/100 km og lágt $CO_2$ 114 g/km.

Komdu og prófaðu mest selda bíl í heimi.

Með glæsilegri hönnun, fullkomnum tæknibúnaði og framúrskarandi aksturseiginleikum skilar Ford Focus akstursánægju sem þú færð ekki nóg af.

**5 dyra frá 3.490.000 kr.**
**Station frá 3.640.000 kr.**
**Einnig fáanlegur sjálfskiptur.**




INTERNATIONAL engine of the year awards 2013
Presented by engine technology international magazine

Ford

ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Viltu vita meira um Ford Focus?
Ford Focus hefur svo margt. Hann er búinn 16“ álfelgum og meðal staðalbúnaðar er Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu. Tölvustýrð miðstöð viðheldur því hitastigi sem þú velur og með aksturstölvunni fylgist þú með lágri eyðslunni. 3,5 tommu upplýsingaskjár er í mælaborði og sérstakt hitaelement er í miðstöð. Hann er því mjög fljótur að hitna á köldum vetrarmorgnum. $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Start stop spartæknin er í öllum beinskiptum Ford Focus. Komdu í reynsluakstur. Við tökum vel á móti þér.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0/5,1 l/100 km. $CO_2$ losun 114/117 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## BÍÓMYNDIN



**Dumb and Dumber.** Tengdist þessari mynd tilfinningaböndum eftir að hafa horft á hana mörg hundruð sinnum með vini mínum, Aroni Baldurssyni, þegar við leigðum saman árið 2003.

Kári Viðarsson, leikari og leikhússtjóri

# Frambjóðendur Vinstri grænna í draggkeppni

Flokkurinn blæs til draggkvölds á laugardag en mikil leynd hvílir yfir dómnefnd sem skipuð er fagfólki.

„Við erum alltaf í draggi og samfélagið setur okkur í ákveðinn flokk þannig að það er í raun samfélagið sem ákveður í hvernig draggi við eigum að vera. Við erum að gera grín að öllu þessu en aðallega að skemmta okkur, hittast og fara í dragg," segir Daníel Haukur Arnarsson, starfsmaður á skrifstofu Vinstri grænna. Flokkurinn blæs til draggkvölds á laugardag á skrifstofu sinni í Reykjavík. En fara frambjóðendur í dragg?

„Það kemur vel til greina að frambjóðendur láti sjá sig í draggi. Þær eru allavega hressar þessar þrjár í efstu sætunum hjá okkur," segir Daníel og vísar til frambjóðendanna Sóleyjar Tómasdóttur, Lífar Magneudóttur og Elínar Oddnýjar Sigurðardóttur.

„Dragg er ekki aðeins að farða sig og sýna heldur þarf draggdrottningin eða -kóngurinn að vinna fyrir titlinum. Við erum komin með dómnefnd og verðum með sminkur og hárgreiðslufólk á staðnum til að aðstoða þá sem vilja taka þátt frá klukkan 17.00. Sýningin byrjar síðan klukkan 21.00," segir Daníel sem er mjög dulur um dómnefndina.

„Það er fagfólk í bransanum. Það ríkir ákveðin leynd yfir þessu en við mögulega opinberum þessa aðila á föstudagskvöldið." - lkg

➜ Hugmyndin fæddist við áhorf þáttanna Ru Paul's Drag Race þar sem leitað er að draggstjörnum.



**VERÐUGUR DRAGGKÓNGUR?** Daníel útilokar ekki að Sóley Tómasdóttir keppi í draggi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Framleiða seríu um kvenfanga á Íslandi

Unnur Ösp Stefánsdóttir og Nína Dögg Filippusdóttir þróa nú sjónvarpsseríu um kvenkyns fanga á Íslandi. Árni Filippus og Davíð Ólafsson framleiða.

„Við erum að þróa þáttaröð um lífið innan veggja kvennafangelsis," segir Árni Filippus, kvikmyndagerðarmaður og einn eigenda framleiðslufyrirtækisins Mystery, en leikkonurnar Nína Dögg Filippusdóttir og Unnur Ösp Stefánsdóttir, Jóhann Ævar Grímsson og Margrét Örnólfsdóttir vinna nú hörðum höndum að þróun handritsins, sem Árni og meðeigandi Mystery, Davíð Ólafsson, hyggjast framleiða. „Vinnuheitið er Fangar, þótt ekkert sé skrifað í stein. Unnur Ösp og Nína Dögg hafa verið að þróa verkefnið í dágóðan tíma og við erum á fullu í handritsskrifum um þessar mundir," útskýrir Árni.

Fangar fjallar um kvenfanga sem sitja inni í íslensku kvennafangelsi. Þetta er saga um mæður og dætur og konur sem sitja inni og aðstæður þeirra í fangelsinu. Þá er farið út í hvað það var sem kom þeim í fangelsi og hvaða möguleika þær eiga þegar þær sleppa úr fangelsi.

„Hugmyndin er meðal annars að taka fangelsissögur burtu frá því sem maður sér svo oft – sem er saga karlmanna í fangelsi."

Aðspurður segir Árni Fanga ekki líkjast hinni vinsælu bandarísku seríu Orange is the New Black sem einnig fjallar um kvenkyns fanga. „Serían er dramatískari, tengist meira inn í borgina og varpar einnig ljósi á áhrifin sem fangelsisvistin hefur á fjölskylduna."

Árni segist ekkert vilja staðfesta um leikaraval eða hver komi til með að leikstýra seríunni, en það er ekki ólíklegt að Unnur Ösp og Nína taki að sér hlutverk.

„Það hafa engir samningar verið gerðir við leikara eða leikstjóra og því ekkert sem ég get staðfest að svo stöddu," útskýrir Árni.

„Hugmyndin er að fara í tökur næsta haust. Serían er núna í sterkri uppbyggingu. Þetta er sterk sería sem við teljum eiga fullt erindi í sjónvarp landsmanna," segir Árni, sem er nýlentur á Íslandi eftir að hafa verið á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

„Ég var þarna í hópi 25 framleiðenda á uppleið frá Evrópu til að finna möguleika á samstarfi. Þetta er mikill stökkpallur fyrir framleiðendur og nú þegar lítur út fyrir að Mystery hafi fundið sér sterka samstarfsaðila í framtíðinni."

olof@frettabladid.is



> **Ég var þarna í hópi 25 framleiðenda á uppleið frá Evrópu til að finna möguleika á samstarfi. Þetta er mikill stökkpallur fyrir framleiðendur og nú þegar lítur út fyrir að Mystery hafi fundið sér sterka samstarfsaðila í framtíðinni.**
>
> *Árni Filippus.*



# Kostar sitt að loka heilu leikhúsi

Ragnheiður Skúladóttir, leikhússtjóri á Akureyri, ætlar áfram að berjast fyrir starfsemi leikhússins í bænum. LA ætlar að setja upp sýningu eftir áramót.

„Við ætlum ekki að skella bara í lás," segir Ragnheiður Skúladóttir, leikhússtjóri Leikfélagsins á Akureyri, en félagið glímir við fjárhagsvanda og sagði upp öllu starfsfólki á dögunum.

„Við ætlum að setja upp sýningu eftir áramót og verðum hugsanlega í samstarfi eða með gestasýningar í haust. Það má ekki gleyma því að það kostar sitt að loka heilu leikhúsi. Það viðheldur sér ekki sjálft," útskýrir Ragnheiður og bætir við að leiklistarskólinn sem starfræktur er í húsinu sé einstakur því hann sé tengdur atvinnuleikhúsi. „Við viljum hafa eitthvað í gangi, en það verður með minna móti en verið hefur." Orðrómur um að sameina eigi rekstur leikfélagsins, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Menningarfélagsins Hofs hefur verið á kreiki. „Það hafa verið viðræður í gangi um sameiningu. Það er alveg ljóst að Leikfélagið hefur verið að búa til sýningar fyrir hartnær sömu krónutölu og árið 2007. Það gengur ekki upp, það segir sig sjálft. Leikfélagið hefur á síðustu árum verið að greiða upp gamlan skuldahala og í lok þessa leikárs eru eftir tíu milljónir af þeirri skuld við bæinn. Ef þessar eftirstöðvar yrðu felldar niður þá gætum við verið með öfluga starfsemi í haust eins og undanfarin ár."

Ragnheiður hyggst berjast fyrir auknum fjárframlögum. „Þetta er eins og með önnur fyrirtæki, þegar harðnar á dalnum þá dregur maður saman seglin og gefur svo í þegar búið er að endurskipuleggja." - ósk



**GEFST EKKI UPP** Ragnheiður segist ekki ætla að skella í lás og loka leikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Regatta GREAT OUTDOORS® CRAGHOPPERS DARE 2b BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

Nýtt kortatímabil!

# OKKAR VERÐ





## NÝJAR VÖRUR!
## SUMAR 2014



## VERÐDÆMI

### Börn

| | |
|---|---|
| Flíspeysur | 2.990,- |
| Softshell peysur | 4.490,- |
| Softshell buxur | 5.490,- |
| Regnbuxur | 1.990,- |
| Regnjakkar | 2.490,- |
| Skór | 7.990,- |

### Dömur & herrar

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.990,- |
| Skyrtur | 3.990,- |
| Flíspeysur | 3.990,- |
| Softshell peysur | 5.990,- |
| Core Stretch peysur | 5.490,- |
| Buxur | 4.990,- |
| Softshell buxur | 8.490,- |
| Zip off buxur | 8.490,- |
| Stretch buxur | 8.990,- |
| Regnbuxur | 1.990,- |
| Regnjakkar | 2.990,- |
| Hjólajakkar | 6.990,- |
| Kápur | 8.990.- |
| Skór | 7.490,- |
| Bakpokar | 4.990,- |

o.fl. o.fl.



Kíktu á síðuna!

Myndir af nýjum vörum!

facebook.com/
utivistogsport

**OPIÐ**
**VIRKA DAGA 11 – 18**
**LAUGARD. 11 – 16**
**SUNNUD. 13 –16**

ÚTIVIST & SPORT

Faxafen 12 S. 533-1550 www.utivistogsport.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Á fullu við að skrifa

Tónlistarmaðurinn, handritshöfundurinn og neminn **Birgir Örn Steinarsson** hamast nú við að klára BS-ritgerð í sálfræði sem hann þarf að skila inn á föstudaginn.

Birgir er einn af handritshöfundum Vonarstrætis en hann og leikstjóri myndarinnar, Baldvin Z, hafa síðastliðin tvö ár unnið að handriti nýrrar myndar sem mun fjalla um heim sprautufíkla.



„Ég er orðinn svo spenntur fyrir því og því er ég að reyna að klára ritgerðina svo við getum haldið áfram með handritið,“ segir Birgir.

- hg

### OMAM í nýrri stiklu

Lagið Mountain Sound með íslensku hljómsveitinni **Of Monsters and Men** hljómar í nýrri stiklu fyrir kvikmyndina Alexander and the Terrible, Horrible, No Good, Very Bad Day. Myndin er byggð á samnefndri barnabók eftir Judith Viorst en í aðalhlutverkum eru Steve Carell, Jennifer Garner og Bella Thorne. Of Monsters and Men hafa notið mikillar velgengni vestan hafs upp á síðkastið og heyrðist tónlist þeirra til að mynda í kvikmyndinni The Secret Life of Walter Mitty, sem var tekin upp hér á landi. Alexander and the Terrible, Horrible, No Good, Very Bad Day verður frumsýnd þann 10. október í Bandaríkjunum en ekki er ljóst hvort tónlist OMAM hljómar í henni.



-lkg

## Mest lesið VÍSIR

1. Halldór 21.05.14
2. Logi í Retro Stefson reyndi að stöðva slagsmálin á Laugaveginum
3. Sme, reiðhjólamaður og laus hundur í hár saman
4. „Ég vil gera allt til þess að tryggja öryggi fjölskyldu minnar“
5. Meiðyrðamál Gunnars í Krossinum: Segir Jónínu Ben hafa hótað sér




8 SÍÐNA AUKABLAÐ
UM BL FYLGIR BLAÐINU Í DAG
B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



